


**skoðun** 24



**Gallajakki úr nautshúð**
*Kristín Petrína Pétursdóttir fatahönnuður heldur mikið upp á jakka úr gallaefni og nautshúð.*
**allt**

**2 SÉRBLÖÐ**
í Fréttablaðinu
Gasgrill
Allt





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FIMMTUDAGUR

6. maí 2010 — 105. tölublað — 10. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## Alltaf í höndum sömu fjölskyldunnar



*Burstagerðin er 80 ára.*

**tímamót** 32

## Fljúga til Los Angeles

*Stúlknasveitin The Charlies flýgur til LA á vit ævintýr-anna.*

**fólk** 58



## Sá besti til Svíþjóðar

*Hlynur Bæringsson er bú-inn að semja við sænska úr-valsdeildarliðið Sundsvall.*

**íþróttir** 50

**veðrið í dag**




**VÆTA VESTAN TIL** Í dag verða vestan eða suðvestan 3-8 m/s. Skýjað og dálítil rigning eða súld með köflum vestan til en léttir til Austanlands. Hiti víða 8-18 stig, mildast Suðaustanlands.

**veður** 4

# Ríkið verndar þá fjársterku

**Tveir þriðju hlutar af skuldbindingu ríkisins við að tryggja innstæður að fullu eftir hrunið sneru að tveim-ur prósentum einstaklinga og sjö prósentum fyrirtækja. Alls tryggði ríkisstjórnin 2.318 milljarða króna.**

**SKÝRSLAN** Hefði ríkisstjórn Geirs H. Haarde miðað hámarksvernd innstæðna í bönkum og sparisjóðum við fimm milljónir króna hefði inneign 95 prósent einstaklinga og 90 prósent lögaðila verið tryggð að fullu.

Þetta hefði falið í sér 555 milljarða króna skuldbindingu. Full vernd allra innstæðna fól hins vegar í sér 2.318 milljarða króna skuldbindingu fyrir ríkið, miðað við upplýsingar sem fyrir lágu í maí 2008. Tveir þriðju hlutar af þeirri skuldbindingu fólust í því að vernda innstæður tveggja prósent einstaklinga og sjö prósent fyrirtækja sem áttu meira en 10 milljónir króna, eða samtals um 1.763 milljarða króna.

Þessar upplýsingar er að finna í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Útreikningarnir voru lagðir fyrir fund samráðshóps þriggja ráðuneyta, Seðlabanka og Fjármálaeftirlits 9. maí árið 2008 og byggðust á stöðu innlána í september 2007. Samkvæmt tilskipun ESB var aðeins skylt að tryggja innstæður upp að 20.887 evrum, sem svaraði til um 1,7 milljóna króna í maí 2008. Ríkisstjórn Íslands tryggði innstæður að fullu með yfirlýsingu sem gefin var út 6. október 2008.

Í 17. kafla rannsóknarskýrslunnar eru tekin dæmi um vernd á innstæðum. Ef hámarksvernd hefði miðast við átta milljónir króna hefðu 97 prósent einstaklinga, sem voru eigendur 67 prósent af heildarinnstæðum, og 92 prósent fyrirtækja, sem voru eigendur 8 prósent af heildarinnstæðum, fallið þar undir.

Tíu milljóna króna vernd hefði náð yfir allar innstæður 98 prósent einstaklinga og 67 prósent af heildarfjárhæðinni. Um 93 prósent innstæðna lögaðila hefði verið tryggð að fullu. Verndin hefði hins vegar náð yfir 8 prósent af heildarinnstæðum þeirra. Það hefði falið í sér 732 milljarða króna hámarksskuldbindingu; 467 milljarða til einstaklinga en 84,8 milljarða til lögaðila.

Ekki var veitt sérstök lagaheimild til þessarar skuldbindingar. Óljóst er hver kostnaður ríkisins af þessum ábyrgðum verður þar sem uppgjöri banka og sparisjóða er ólokið. **-pg**

**Hugmyndir um ábyrgð ríkisins á innstæðum**

| Einstaklingar | 5 m. kr. vernd | 8 m. kr. vernd | 10. m. kr. vernd |
|---|---|---|---|
| Hámarksvernd | 499,5 ma. kr. | 563 ma. kr. | 647,2 ma. kr. |
| Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum | 52% | 58% | 67% |
| Tryggðir að fullu | 95% | 97% | 98% |
| **Lögaðilar** | | | |
| Hámarksvernd | 55,5 ma. kr. | 73,1 ma. kr. | 84,8 ma. kr. |
| Tryggðar innstæður af heildarinnstæðum | 5% | 7% | 8% |
| Tryggðir að fullu | 90% | 92% | 93% |
| Samtals einstaklingar og lögaðilar | 555 ma. kr. | 636.1 ma. kr. | 732 ma. kr. |

HEIMILD: VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ (KAFLI 17. Í SKÝRSLU RANNSÓKNARNEFNDAR ALÞINGIS)



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**FUGLINN FELIX** Jón Gnarr, oddviti Besta flokksins, kom öllum á óvart í gær á opnum fundi oddvita allra framboða fyrir borgarstjórnarkosningarnar með því að draga framboð Besta flokksins til baka. Grínið entist þó ekki lengi, og hætti Jón snarlega við að hætta nokkrum sekúndum eftir tilkynninguna, við mikinn fögnuð fundargesta, og sagðist risinn úr öskustónni eins og „fuglinn Felix", með tilheyrandi leikrænum tilburðum. **sjá síðu 6**

Þorvaldur Gylfason:

## Verði sviptir eftirlaunum vegna vanrækslu

**UMRÆÐA** Alþingi ætti að leita leiða til að afnema eftirlaun ráðherra og embættismanna sem sýndu af sér vanrækslu í aðdraganda hrunsins, að mati Þorvaldar Gylfasonar. Þetta kemur fram í pistli hans í blaðinu í dag.

Þorvaldur bendir á að í Póllandi hafi verið sett lög sem skerða eftirlaun embættismanna sem gerst hafa sekir um sjálftöku hlunninda. Þorvaldur leggur til að ríkisstjórn Íslands eða Alþingi óski eftir aðstoð pólskra stjórnvalda við að leiða sambærileg ákvæði í íslensk lög.

„Höfundar pólsku laganna þekkja sviðið og kunna að girða fyrir mótbárur þeirra, sem munu reyna að standa í vegi fyrir lagasetningunni." **- bs /** **sjá síðu 25**

Einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar hæstánægður í nýju hlutverki:

# Raggi Bjarna rappar með Erpi

**FÓLK** „Þetta var alveg stórkostlegt. Erpur er svo skemmtilegur – þetta er eldklár strákur. Ég hef aldrei gert þetta fyrr, ég rappa og rappa eins og brjálæðingur þarna," segir stórsöngvarinn Ragnar Bjarnason.

Erpur Eyvindarson vinnur nú að sinni fyrstu sólóplötu sem stefnt er á að gefa út í júní. Hann fékk einn ástsælasta söngvara þjóðarinnar, sjálfan Ragga Bjarna, til að rappa á plötunni.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ÓVÆNT SAMSTARF** Erpur og Raggi Bjarna í Reykjavík í gær. Raggi rappar á nýrri plötu Erps sem er væntanleg í júlí.

„Ég hélt að ég ætti að syngja þarna. Hann lét mig syngja smá og svo bara rappa. Þetta er ekkert Vorkvöld í Reykjavík, ég get alveg lofað þér því," segir Raggi. „Hann henti mér beint út í djúpu – og lingóið, maður. Ég hef aldrei séð þetta fyrr. Erpur var að segja mér að hann gæti þýtt þetta svo að fólk gæti skilið. Þetta er nýtt mál sem þeir nota, rappararnir."

**- afb/** **sjá síðu 58**







**SPURNING DAGSINS**



*Steinunn, eru þetta hjól atvinnulífsins sem eru farin að snúast?*

„Já, þau eru farin að snúast en vonandi fer þetta ekki út í neina vitleysu."

Átaksverkefnið Hjólað í vinnuna hófst í gær. Steinunn Sigurðardóttir hjá Endurhæfingu hefur tekið þátt í átakinu frá upphafi.

Þrír létust í eldsvoða í Grikklandi í tengslum við mótmæli gegn stjórninni:

# Kveikt í húsum og bifreiðum

**GRIKKLAND, AP** Þrír létust þegar eldur kviknaði í banka í Aþenu í gær. Tugir þúsunda manna mótmæltu aðhaldsaðgerðum stjórnvalda, auk þess sem tveggja daga allsherjarverkfall lamaði allt þjóðlíf.

Mótmælendur kveiku í að minnsta kosti tveimur húsum og nokkrum bifreiðum. Lík mannanna þriggja fundust í rústum útibús Marfinbanka í miðborginni.

Mótmælendurnir hrópuðu „þjófar" og reyndu að komast í gegnum raðir lögreglu, sem hafði girt af þinghúsið. Einnig ráku mótmælendur heiðursverði frá gröf óþekkta hermannsins, sem er fyrir utan þinghúsið.

Mótmælendurnir beina reiði sinni að boðuðum sparnaðaraðgerðum stjórnvalda, sem koma bætast við fyrri aðhaldsaðgerðir og bitna hart á almenningi. Bæði laun og eftirlaun ríkisstarfsmanna verða lækkuð og nýir neysluskattar lagðir á fólk.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setti stjórn Grikklands ströng skilyrði um að draga úr ríkisútgjöldum þegar samþykkt var að veita Grikkjum fjárhagsaðstoð til að sigrast á skuldavanda ríkisins, sem ógnar stöðugleika evrunnar. **- gb**



**ÁTÖK Í AÞENU** Eldsprengjum var varpað á fólk sem mátti hafa sig allt við að forða sér. NORDICPHOTOS/AFP

Nafn sameinaðs sveitarfélags:

# Örnefnanefnd metur tillögur

**STJÓRNSÝSLA Á bilinu tíu til fimmtán tillögur bárust um nafn sameinaðs sveitarfélags Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar í Eyjafirði. Sameiningin var samþykkt nýverið í íbúakosningu og tekur hún gildi eftir sveitarstjórnarkosningarnar í lok mánaðarins.**

**Forkólfar sveitarfélaganna völdu fimm tillögur og sendu Örnefnanefnd til umsagnar. Kosið verður á milli tillagnanna samhliða sveitarstjórnarkosningunum.** **- bþs**

Borgarstjóri um Orkuveituna:

# Rafmagn og hiti hækki ekki

**ORKUMÁL „Það hefur verið tekin ákvörðun um það af hálfu núverandi meirihluta að fara ekki í gjaldskrárhækkanir hjá Orkuveitunni," segir Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri.**

**Matsfyrirtækið Moody's gaf á dögunum út þá yfirlýsingu að horfur um mat á lánshæfi OR væru áfram neikvæðar.**

**Ein ástæða þess var sú að gjaldskrá Orkuveitunnar hefur ekki verið hækkuð þótt tekjur hafi rýrnað vegna verðbólgu.**

**„Við höfum sagt í borgarstjórn Reykjavíkur að við viljum standa með borgarbúum við þessar erfiðu aðstæður. Á meðan erfiðleikarnir eru að ganga yfir höfum við viljað halda í við okkur með allar gjaldskrárhækkanir. En það bíður auðvitað nýrrar stjórnar að taka afstöðu til þess," segir Hanna Birna.**

**Ný stjórn Orkuveitunnar verður kosin á aðalfundi sem haldinn verður í júní.** **-bj/pg**

Drunur undir Eyjafjöllum:

# Gosmökkurinn stígur hærra

**ELDGOS** Vart var svefnfriður undir Eyjafjöllum í fyrrinótt þar sem háværar drunur heyrðust frá eldstöðinni í Eyjafjallajökli.

Ekkert bendir til þess að gosinu í Eyjafjallajökli sé að ljúka. Þetta kemur fram í stöðuskýrslu Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnunar Háskólans.

Undir kvöld í gær fór gosmökkurinn hækkandi og náði 31 þúsund fetum en hafði verið undir 20 þúsund fetum fyrr um daginn. „Aukin skjálftavirkni bendir til þess að nýtt efni sé að koma djúpt að upp undir fjallið og GPS-mælingar benda til útþenslu á ný," segir í stöðuskýrslunni. **- gar**

# Nýdæmdir ofbeldismenn gengu lausir

**Mennirnir tveir sem börðu eldri hjón í Reykjanesbæ voru dæmdir í fangelsi í október. Annar þeirra hafði rænt aldraðan úrsmið og hinn lagt á ráðin um það. Þeir hafa síðan beðið dóms Hæstaréttar og verið frjálsir ferða sinna á meðan.**

**LÖGREGLUMÁL** Mennirnir tveir sem grunaðir eru um árás á eldri hjón og dóttur þeirra í Reykjanesbæ á mánudagskvöld hlutu í október síðastliðnum fangelsisdóma fyrir aðild sína að ráni á Barðaströnd á Seltjarnarnesi. Þeir áfrýjuðu til Hæstaréttar og hafa síðan gengið lausir.

Mennirnir tveir, Viktor Már Axelsson og Axel Karl Gíslason, voru í gær úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald vegna árásarinnar. Þeir hafa ekki játað sök.

Maðurinn sem ráðist var á varð verst úti. Hann nefbrotnaði, handleggsbrotnaði og er lemstraður um allan líkamann. Konurnar sluppu betur. Hnífur var dreginn upp í átökunum en enginn varð fyrir áverkum af honum.

Mennirnir voru handteknir á gangi í nágrenninu um klukkustund síðar. Lögreglan taldi sig þá vita hverjir höfðu verið að verki.

Hjónin hafa verið í miklu áfalli síðan ráðist var á þau og vart þorað út úr húsi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Svo virðist sem árásarmennirnir hafi verið við hús hjónanna á mánudagskvöld til að rukka barnabarn þeirra, karlmann um tvítugt, um nokkurra tuga þúsunda króna skuld við aðra manneskju. Skuldin mun ekki vera tilkomin vegna fíkniefnaviðskipta.

Mennirnir voru sem áður segir úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna í gær. Annar þeirra kærði úrskurðinn til Hæstaréttar.

Rannsókn málsins stendur enn. Búið er að yfirheyra árásarmennina og þolendurna en enn á eftir að yfirheyra fleiri. **stigur@frettabladid.is**



AXEL KARL GÍSLASON



VIKTOR MÁR AXELSSON

## Skrautlegur ferill Axels og Viktors

- Axel Karl komst fyrst í fréttir árið 2005, þá sextán ára gamall, fyrir að ræna starfsmanni Bónuss á Seltjarnarnesi, neyða hann með hótunum ofan í skott á bíl og krefja hann svo um 30 þúsund krónur sem maðurinn tók út úr hraðbanka. Axel var þá á skilorði. Fyrir þetta hlaut Axel tveggja ára fangelsisdóm. Hann hefur síðan verið þekktur sem yngsti mannræningi Íslandssögunnar.
- Í mars 2007 strauk Axel frá fangavörðum þegar hann var hjá tannlækni. Hann braust inn í félagsmiðstöð og var skömmu síðar handtekinn.
- Axel hefur síðan hlotið nokkra fangelsisdóma, einkum fyrir fíkniefnabrot. Bróðir hans hefur einnig hlotið dóm fyrir að hafa ætlað að smygla 37 grömmum af hassi inn á Litla-Hraun til hans.
- Viktor var handtekinn í fyrra eftir innbrot til úrsmiðs á Barðaströnd. Þegar Viktor og félagi hans gengu óvænt í flasið á öldruðum úrsmiðnum gekk Viktor í skrokk á honum og batt hann á höndum og fótum áður en mennirnir rændu af honum úrum og öðrum verðmætum.
- Tveimur dögum eftir að Viktor losnaði úr gæsluvarðhaldi vegna ránsins var hann handtekinn á ný fyrir tvö innbrot og úrskurðaður í síbrotagæslu. Þegar hann sat á Litla-Hrauni ræddi hann við Ísland í dag og sagðist ætla að bæta ráð sitt.
- Viktor var dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir ránið. Axel Karl var dæmdur fyrir að skipuleggja innbrotið og hlaut 20 mánaða fangelsi, þar af var stór hluti eftirstöðvar af öðrum dómi.

Nýtt framboð í Kópavogi:

# Stofna Næstbesta flokkinn

**STJÓRNMÁL** Næstbesti flokkurinn var stofnaður í Kópavogi á mánudag og hyggst bjóða fram til sveitarstjórnar. Hjálmar Hjálmarsson, einn forsvarsmanna flokksins, segir unnið að því að koma saman lista.

Helstu baráttumál séu að gera lífið í Kópavogi skemmtilegra, endurreisa Hamraborgina sem hjarta Kópavogs og gera að göngugötu. „Þá viljum við endurreisa þá virðulegu stofnun Kópavogshæli og gera Kópavog að hæli fyrir alla sem finna sig ekki í samkeppnisumhverfinu og keppa að því að vera bestir. Það er fínt að vera næstbestur." **- kóp**

**Sala áfengis**

| | Jan-apr. 2010 | 2009 | % |
|---|---|---|---|
| Rauðvín | 488 | 508 | -3.9 |
| Hvítvín | 287 | 297 | -3.5 |
| Lagerbjór | 4.186 | 4.534 | -7.7 |
| Sterkt vín | 83 | 109 | -24.2 |
| Bl. drykkir | 37 | 57 | -35.7 |
| Samtals | 5.29 | 5.7 | -7.8 |

Í ÞÚSUNDUM LÍTRA

Íslendingar drekka minnna:

# Sala á áfengi dregst saman

**VIÐSKIPTI Sala áfengis hefur dregist saman það sem af er árinu um 7,8 prósent í lítrum talið miðað við sama tímabil árið 2009. Þetta kemur fram á vefsíðu Vínbúðarinnar.**

**Ekki er raunhæft að bera saman sölu í apríl á milli ára þar sem páskarnir hafa mikil áhrif, en í ár var áfengissalan fyrir páskana í mars en var í apríl í fyrra.**

**Sala hefur minnkað í nær öllum flokkum áfengis en mismikið. Það sem af er árinu er samdrátturinn hins vegar mest áberandi í sterkum og blönduðum drykkjum.** **- jss**




Veðurblíðu spáð um land allt eftir hvimleiðan kuldakafla:

# Sumarið er greinilega komið

**VEÐUR** Landsmenn hafa greinilega fundið fyrir auknum hlýindum síðustu daga eftir langan kuldakafla sem mörgum þótti teygja sig óþarflega langt fram á vorið.

Ekki er að efa að sundlaugar fyllist og grill verði tekin fram, og væntanlega leggja margir land undir fót um helgina.

Fram á laugardag er spáð 8 til 18 stiga hita, reyndar með svolítilli rigningu norðan- og vestanlands en þurrt að kalla sunnan- og austanlands. Hlýjast verður austantil.

Á sunnudag er spáð aðeins lægri hita, eða 2 til 15 stigum, og verður þá svalast norðaustanlands en hlýjast um landið sunnanvert. Úrkomulítið verður víðast hvar og helst þetta fram á þriðjudag hið minnsta. **- gb**



**SUNDLAUGAR FYLLAST** Þessi mynd var tekin í blíðunni á Akureyri í gær. MYND/AUÐUNN NÍELSSON


Kringlan
Fleiri verslanir,
betri veitingastaðir,
meira úrval og
alltaf eitthvað nýtt
Opið til 21 í kvöld
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

**GENGIÐ 05.05.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,91 | 129,53 |
| Sterlingspund | 195,29 | 196,23 |
| Evra | 166,85 | 167,79 |
| Dönsk króna | 22,414 | 22,546 |
| Norsk króna | 21,273 | 21,399 |
| Sænsk króna | 17,326 | 17,428 |
| Japanskt jen | 1,3595 | 1,3675 |
| SDR | 192,46 | 193,60 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

224,1545

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðuneyti skoðar tillögur Tryggingastofnunar um viðurlög við bótasvikum:

# Svindlararnir halda illa fengnum hlut

**TRYGGINGAMÁL** Þeir sem svíkja bætur út úr Tryggingastofnun ríkisins eru ekki krafðir um endurgreiðslu jafnvel þótt upp um þá komist. Að sögn Rögnu Haraldsdóttur, staðgengils forstjóra stofnunarinnar, er þetta vegna erfiðrar sönnunarfærslu þegar fólk skráir lögheimili á rangan stað.

„Nú eru til skoðunar í félagsmálaráðuneytinu tillögur frá okkur um viðurlög líkt og önnur Norðurlönd hafa komið á hjá sér,“ segir Ragna. Stofnunin vilji sjá refsingar í bótasvikamálum líkt og í öðrum fjársvikamálum. „Það væri bæði til þess að varna því að menn geri þetta og til þess að þeir sæti viðurlögum ef þeir hafa rangt við,“ segir Ragna.

Fréttablaðið sagði í gær frá tveimur fimm barna fjölskyldum sem sviku út bætur með því að fjölskyldufaðirinn skráði lögheimili sitt utan heimilis fjölskyldunnar. Önnur fjölskyldan fékk yfir sjö hundruð þúsund krónur í bætur mánaðarlega. Þar af voru um 170 þúsund krónur sem hún átti ekki rétt á. Á sjötta hundrað svikamál af ýmsu tagi voru afhjúpuð hjá TR í fyrra.

Halla Bachmann, forstöðumaður hjá TR, segir að í slíkum málum þurfi fólk hreinlega að fallast á það sjálft að það sé ekki að fara rétt að til þess að stofnunin geti í framhaldinu lækkað bætur þess til samræmis við raunveruleikann. Halla segir að eftir að frétt Fréttablaðsins birtist í gær hafi tuttugu trúverðugar ábendingar borist um hugsanleg svik. Halla minnir á að á heimasíðu stofnunarinnar er sérstakur hnappur fyrir þá sem vilja láta vita ef þá grunar að einhver sé að svíkja út bætur. „Við hvetjum fólk til að láta okkur vita,“ segir hún. **- gar**


FRÉTTABLAÐIÐ

5. maí 2010 — 104. tölublað — 10. árgangur

MIÐVIKUDAGUR

Bótasvikarar gripnir í bólinu á Facebook

Fjöldi bótasvikamála þrefaldaðist eftir að Tryggingastofnun skar upp herör gegn svindli fyrir ári. Svæsnasta dæmið er foreldrar fimm barna sem fengu yfir sjö hundruð þúsund krónur á mánuði þar til þeir afhjúpuðu sig á Facebook.

82 prestar og guðfræðingar: Samkynhneigð pör fái að giftast

Íslensk heimildarmynd: Osama í góðu yfirlæti í Íran

DULARFULLA KATTAHVARFIÐ

Tillaga um kjarabætur seðlabankastjórans verður líklega dregin til baka: Ólíklegt að laun Más hækki

26% Gouda ostur í kílóastykkjum á tilboði

**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR** Tryggingastofnun leitar allra leiða sem stofnuninni eru færar til að hindra og afhjúpa bótasvik.

Kim kominn til Kína:

## Leyniferð fer ekki svo leynt

**KÍNA, AP** Sést hefur til ferða Kims Jong Il, leiðtoga Norður-Kóreu, í Kína og er talið að hann hafi komið í gær til Peking þar sem hann hafi átt að hitta kínverska ráðamenn.


KIM JONG IL

Kim ferðast með einkajárnbrautarlest sinni, sem er brynvarin sautján vagna lest með lúxusbúnaði af bestu gerð. Á þriðjudag sást til hans í Dalían, borg í Kína skammt frá landamærum Norður-Kóreu.

Vitað er að Kim, sem er 68 ára og talinn heilsuveill, er flughræddur og fer helst ekki úr landi nema í lestinni. Hann hefur ekki komið til Kína síðan 2006. **- gb**

Starfsfólk samgönguráðuneytisins:

## Velur vistvæna samgöngumáta

**SAMGÖNGUR Kristján Möller, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skrifaði í gær undir sérstaka samgöngusamninga við sex starfsmenn ráðuneytisins.**

**Í þeim felst að starfsfólkið velur vistvænan samgöngumáta, þ.e. gengur, hjólar eða nýtir almenningssamgöngur. Þá eiga starfsmenn, sem afsala sér rétti til að fá afnot af bílastæði á vegum ráðuneytisins, rétt á samgöngustuðningi í staðinn. Greitt verður andvirði árskorts í strætisvagna en starfsmönnum er frjálst að velja annan samgöngumáta. Þá mun ráðuneytið bjóða starfsmönnum strætómiða og afnot af reiðhjóli til notkunar fyrir styttri ferðir vegna vinnu sinnar.** **- bþs**

# Milljarðalán til LSH ef áætlanir standast

**Landspítalinn hefur gert samkomulag við stjórnvöld um fyrirgreiðslu vegna hallareksturs síðustu ára. Dráttarvextir síðustu ára nema 500 milljónum sem samsvarar rekstri tveggja legudeilda í ár.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta samkomulag stendur og fellur með því að við höldum rekstri spítalans innan fjárheimilda í ár,“ segir Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans. Spítalinn og heilbrigðisráðuneytið hafa skrifað undir samkomulag um fyrirgreiðslu til að rétta af halla síðustu ára. Síðastliðin tvö ár hefur LSH greitt hátt í 500 milljónir króna í dráttarvexti.

Lánið nemur 2,8 milljörðum króna og er vaxtalaust. Skilyrði fyrir lánveitingunni er að rekstur spítalans verði innan fjárheimilda árið 2010. Samkvæmt milliuppgjöri fyrir fyrsta ársfjórðung er LSH innan fjárheimilda. Björn telur hallalausan rekstur skýra hvers vegna stjórnvöld eru tilbúin til að skuldbinda sig til að veita lánið, þótt það sé vissulega skilyrt.

„Það er í raun glórulaust að hafa borgað þessa dráttarvexti vegna hallans sem hefur myndast. Það er illa farið með peninga þótt það hafi heldur ekki verið raunhæft að spítalinn gæti skorið niður til að mæta þessu,“ segir Björn.

Landspítalinn hefur skipulega greitt niður vanskil við birgja og þjónustuaðila að undanförnu. Í fyrsta skipti í langan tíma er spítalinn því í skilum við sína viðskiptamenn. Ekki hefur komið til málaferla vegna vanskila en Björn dregur ekki dul á það að ný staða létti á öllum, ekki bara spítalanum. „Þetta er búið að setja marga í erfiða stöðu. Fyrirtækin, sem ekki hafa fengið greitt, hafa þurft að sækja dýrt fjármagn inn í bankana til að halda sér gangandi.“




**LANDSPÍTALI** Samkomulag við stjórnvöld þýðir að spítalinn getur snúið ofan af vítahring skuldasöfnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Til að setja fjárhæðir í rekstri LSH í samhengi þá jafngilda 500 milljóna króna dráttarvaxtagreiðslur rekstri tveggja legudeilda í eitt ár. Eins greiðir LSH 70 milljónum meira í dráttarvexti á ári en spítalinn fær til tækjakaupa á fjárlögum ársins 2010.

Unnið hefur verið að lausn síðan í janúar 2009 en hallinn, sem nemur þeirri upphæð sem greinir frá í samkomulaginu, er að stærstum hluta tilkominn vegna gengisáhrifa eftir hrun. Áætlun um endurgreiðslu lánsins mun liggja fyrir í lok ársins. Í samkomulaginu er því jafnframt lýst yfir að ráðuneytið endurskoði samkomulagið í ljósi fjárlaga ársins 2011.


BJÖRN ZOËGA

Björn segir samkomulagið aðgerð sem varð að grípa til. „Þetta er skilyrði fyrir því að við náum tökum á rekstrinum; að vera ekki að burðast með þennan fortíðarvanda.“

svavar@frettabladid.is

Kristján Már Hauksson:

## Kjörinn í stjórn alþjóðasamtaka

**VIÐSKIPTI Kristján Már Hauksson, starfsmaður og einn eigenda Nordic eMarketing, hefur verið kjörinn í stjórn SEMPO sem eru alþjóðleg samtök fyrirtækja sem starfa að markaðssetningu á leitarvélum.**


**KRISTJÁN MÁR HAUKSSON**

**Í tilkynningu segir að tæplega fjörutíu hafi verið í framboði til þrettán stjórnarsæta. Er kjörið í stjórnina til tveggja ára í senn.**

**Haft er eftir Kristjáni að kjörið sé honum í senn heiður og viðurkenning. Honum hafi þegar borist boð frá ráðstefnuhöldurum um að halda fyrirlestra um internetið sem markaðsmiðil.**

**Í SEMPO eru um átta þúsund félagsmenn frá yfir 30 löndum.** **- bþs**

Tryggingatakar ósáttir:

## Einn af þremur segist svikinn

**NEYTENDUR** Þriðjungur þeirra sem tilkynntu tjón til tryggingafélags telur sig svikinn, vegna þess að hann hafi ekki fengið tjón sitt bætt í samræmi við væntingar. Þetta segir Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) koma fram í könnun Gallup um tryggingar.

„Með ólíkindum er að samtök fjármálafyrirtækja taki með þessum hætti þátt í að þjófkenna stóran hluta viðskiptavina tryggingafélaganna, en aðallega þá sem leita réttar síns vegna tjóna,“ segir á vef FÍB og er þar talið að tjóni tryggingasvika sé nær því að vera eitt til tvö prósent fremur en 10 til 15 prósent. **- óká**




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**FÍNASTA VEÐUR**
Það verður hæg vestlæg átt ríkjandi á landinu fram á sunnudag með áframhaldandi hlýindum um allt land. Veður verður nokkuð svipað á morgun og dregur úr vætu vestan til. Á laugardag er útlit fyrir bjart veður.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 14° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 26° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 9° |
| París | 13° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

Sælureitur 2010 kominn út

# ÚTGÁFUHÁTÍÐ

aðeins í 4 daga

**15%**
**afsláttur af öllu!**




Hann er á leiðinni til þín
130 síðna leiðarvísir að þínum sælureit.

**15% af öllum vörum í Sælureit**

**15% af öllum vörum í Blómavali**








• öll grill • allar sláttuvélar • öll verkfæri • öll garðverkfæri • öll viðarvörn







• allt pallaefni • öll garðhús • öll garðhúsgögn • allar skjólgirðingar • allar flísar







• allar útileguvörur • öll reiðhjól • allur útivistarfatnaður • öll ljós • allar vörur í Blómavali

**Einnig 15% afsláttur af:**
Skjólveggir • Parket • Miðstöðvarofnar • Útimálning • Gróðurhús Leiktæki • Heitir pottar • Hurðir • Klæðningar • Útilegubúnaður • Gluggar • Festingar • Útivistarfatnaður • Allar vörur í Blómavali **og margt fleira**

**Látum verkin tala!**

Sælureiturinn kemur inn á heimili landsins á næstu dögum, þú getur einnig skoðað hann á www.husa.is eða tryggt þér eintak í næstu verslun

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana og háð lagerstöðu á hverjum stað.

blómaval
HÚSASMIÐJAN

## KJÖRKASSINN



*Á seðlabankastjóri að fá hærri laun en forsætisráðherra?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 16,5% |
| NEI | 83,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að taka harðar á þeim sem svindla á Tryggingastofnun ríkisins?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Baráttan við olíuna í Mexíkóflóa er kapphlaup við tímann:

# Reynt að stöðva mesta lekann

**BANDARÍKIN, AP** Hundrað tonna stál- og steinsteypuhvelfing var sett á flutningapramma í hafnarbænum Port Fourchon í gær og siglt af stað út á Mexíkóflóa.

Þar verður hún látin síga niður á hafsbotn til að loka fyrir leka úr stærsta olíubrunninum af þremur, sem opnuðust þegar olíuborpallur þar sökk fyrir tveimur vikum.

Olían sem streymir úr borholunni verður síðan leidd upp í olíuflutningapramma, og er vonast til þess að allt verði tilbúið til þess um helgina. Nokkuð magn af olíu hefur nú þegar borist á land við strendur Mexíkóflóa, en óttast er að mengunin við strendurnar verði alvarleg ef ekki tekst að stöðva olíustrauminn hið fyrsta. Um 800 þúsund lítrar af olíu streyma út í hafið dag hvern.

Strandgæslan vonast til þess að geta safnað saman olíu á yfirborði sjávar og kveikt í, en slíkt var gert 28. apríl og þá tókst að eyða þúsundum lítra af olíu. Veðurskilyrði hafa ekki leyft aðra tilraun. Nærri átta þúsund manns vinna hörðum höndum að því að halda olíunni í skefjum. Enn er unnið að því að setja upp flotgirðingar til að verja viðkvæmar strendur flóans. **- gb**



**HVELFINGIN KOMIN Á PRAMMANN** Vonast er til þess að í dag verði hægt að sökkva þessari hvelfingu niður á hafsbotn til að stöðva mesta lekann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnvöld skapa atvinnu:

# Lífeyrissjóðirnir láni til viðhalds

**FRAMKVÆMDIR** Ríkisstjórnin áformar að ráðast í umfangsmiklar viðhaldsframkvæmdir á opinberum byggingum í sumar. Verja á rúmum þremur milljörðum króna til verkefnanna og er ráðgert að lífeyrissjóðirnir láni peningana.

Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir málið ekki frágengið en í ráði sé að það nái til þriggja ára. Arnar segir aðkomu sjóðanna að vegaframkvæmdum einnig í ákveðnu ferli en beðið sé frekari ákvarðana stjórnvalda í þeim efnum. **- bþs**






**TÍMINN ÚTRUNNINN** Oddvitarnir fengu stuttan tíma til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum, og fannst Jóni Gnarr greinilega að Dagur B. Eggertsson færi full frjálslega með tíma fundargesta. Dagur grínaðist með það sjálfur að hann væri ekki þekktur fyrir að vera langorður, og uppskar hlátur fundargesta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




# Línurnar í borginni lítt teknar að skýrast

**Fyrir utan brandara frá oddvita Besta flokksins kom fátt nýtt fram um stefnu stærstu flokkanna á opnum fundi um borgarmálin í gær. Fundurinn var þó kærkominn fyrir smærri framboðin til að kynna stefnumálin fyrir kjósendum.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig leggja oddvitar framboðanna línurnar fyrir komandi borgarstjórnarkosningar?

**STJÓRNMÁL** Fundargestir á opnum fundi með oddvitum allra framboða fyrir borgarstjórnarkosningarnar þann 29. maí næstkomandi héldu að þeir hefðu orðið vitni að tímamótum í borgarstjórnarpólitíkinni í gær.

„Ég sagði strax í upphafi að ef þetta [framboð Besta flokksins] yrði leiðinlegt myndi ég bakka út úr þessu,“ sagði Jón Gnarr, oddviti grínframboðsins Besta flokksins, í framsögu sinni á fundinum, sem fram fór í Háskólanum í Reykjavík.

„Þegar fór að síga á þetta fóru að renna á mig tvær grímur. Meiri alvara fór að færast í þetta og leiðindi. Síðustu dagar eru búnir að vera mjög erfiðir. Eftir vandlega umhugsun hef ég ákveðið að draga framboð Besta flokksins til baka í sveitarstjórnarkosningunum.“

Besti flokkurinn mældist með stuðning 23,4 prósenta kjósenda í nýlegri könnun Fréttablaðsins og sló þögn á salinn við tíðindin. Nokkrum andartökum síðar sagði Jón: „Djók!“

Það kom viðstöddum væntanlega lítið á óvart að oddviti Besta flokksins hæfi mál sitt með góðum brandara. Framboðið er enda grínframboð, þó að meiri alvara hafi raunar farið að færast yfir málflutning Jóns síðustu daga.

En það var ekki bara ólíkindatólið Jón Gnarr sem var samur við sig á þessum fyrsta opna fundi oddvita allra framboða í borginni. Oddvitar stóru flokkanna voru einnig á kunnuglegum slóðum í málflutningi sínum.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins og borgarstjóri, lagði eins og áður áherslu á samstarf allra flokka. Hún sagðist ekki gefa út stór loforð en lofaði þó að gera eins vel og hægt er við núverandi aðstæður.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, sagði flokkinn leggja áherslu á að finna leiðir út úr kreppunni. Leggja verði áherslu á þjónustu við þá sem minna mega sín.

Kosningarnar munu snúast um hugmyndafræði, sagði Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna. Eins og flestir á fundinum lagði hún áherslu á að standa vörð um velferðarmálin á erfiðum tímum.

Einar Skúlason, oddviti Framsóknarflokksins, sagði áherslur flokksins liggja á sviði velferðarmála og atvinnumála. Hann sagði hugmynd Hönnu Birnu um nokkurs konar „þjóðstjórn“ allra flokka eftir kosningar góðra gjalda verða, en verði það raunin sagði hann að ópólitískur borgarstjóri yrði að leiða slíka stjórn.

Fulltrúar smærri framboðanna fengu kærkomið tækifæri til að gera grein fyrir sínum stefnumálum á fundinum í gær.

Helga Þórðardóttir, oddviti Frjálslynda flokksins, sagði Frjálslynda flokkinn ávallt hafa barist gegn sérhagsmunagæslu. Stefnumál flokksins séu fyrst og fremst að standa vörð um velferðarmál í borginni. Til að afla fjár verði að efla útflutningsfyrirtæki og framleiðslu.

Ólafur F. Magnússon, oddviti framboðs Óháðra, hvatti fundargesti til að skoða það sem borgarfulltrúar hafi gert undanfarin ár, ekki orðagjálfur á fundum. Hann sagði stjórnarsamstarf sitt með Sjálfstæðisflokknum hafa náð að festa flugvöllinn og gömlu borgina í sessi, en vandaði hvorki öðrum borgarfulltrúum né fjölmiðlum kveðjurnar.

Nýverið var tilkynnt um nýtt framboð fyrir kosningarnar í vor, Reykjavíkurframboðið. Baldvin Jónsson, oddviti framboðsins, segir það óháð framboð um hagsmuni borgarbúa. Stefnumál framboðsins eru öðru fremur að þétta byggð og draga með því úr umferð. Framboðið vill í því skyni flugvöllinn burt úr Vatnsmýrinni, og nýta landið undir íbúðabyggð.

Jón Gnarr, oddviti Besta flokksins, sagði borgina leiðinlega og óbarnvæna, aðgengi fyrir fótgangandi og fatlaða væri lélegt og strætókerfið súrrealískt. Hann tók raunar ekki fram að þessu vildi Besti flokkurinn breyta, en lesa mátti það úr orðum hans.

brjann@frettabladid.is



Opið
9 - 22

# 25% AFSL.
# AF ÖLLU

nema **15%** afsláttur af allri snyrtivöru og hjá NTC

# Sprengidagur

Gerið góð kaup á morgunhanatilboði

## Morgunhanatilboð frá 9 - 12:

## 40% afsláttur af:

- Leikföngum
- Öllu í herradeild
- Öllum Esprit barnavörum
- Brjóstahaldara frá Debenhams*
- 10% aukaafsláttur ofan á sprengidagsafslátt af öllu í snyrtivörudeild




*Einn mest seldi brjóstahaldari Debenhams
Nr. 30D - 40G – 2 í pakka
Verð áður kr. 7990
**Verð nú kr. 4794**

Munið að 25% Sprengidagsafsláttur gildir ofan á allar útsöluvörur

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða útvarpskona mun leysa Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur af í Kastljósinu?*
2. *Hvaða lið varð meistari meistaranna í Meistarakeppni KSÍ?*
3. *Í hvaða bæjarfélagi hurfu fjórir kettir frá einni fjölskyldu á dögunum?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 58

Braut gegn fjórum barnungum stúlkum og var með gróft barnaklámefni:

# Facebook-nauðgari í fimm ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær rúmlega tvítugan mann, Ívar Anton Jóhannsson, í fimm ára fangelsi fyrir að nauðga fjórum barnungum stúlkum, sem hann hafði komist í kynni við á Netinu. Þá var hann einnig dæmdur fyrir vörslu á grófu barnaklámi og fjölmörg auðgunarbrot.

Maðurinn braut gegn öllum stúlkunum, sem hann kynntist á Facebook-samskiptasíðunni á síðasta ári. Hann var sakfelldur fyrir að hafa þröngvað stúlku, fæddri 1993, til kynmaka með ofbeldi, slegið hana og haldið nauðugri yfir nótt. Nauðgunaratlagan stóð yfir í um tvær klukkustundir.

Þá var hann dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn barni og nauðgun, þar sem hann hafði kynferðismök við stúlku fædda 1995 í desember 2009. Hann komst í samband við stúlkuna á Netinu og greiddi undir hana leigubifreið heim til sín.

Loks var maðurinn sakfelldur fyrir að hafa í eitt skipti í maí á síðasta ári haft samfarir við tvær stúlkur, þrettán og fjórtán ára.

Maðurinn var dæmdur til að greiða stúlkunum fjórum miskabætur, samtals að upphæð 3,5 milljónir króna. Einni stúlkunni greiðir hann 1,5 milljónir króna, annarri 800 þúsund og hinum tveimur 600 þúsund krónur. - jss



**NAUÐGANIR OG BARNAKLÁM** Facebook-nauðgarinn var dæmdur fyrir nauðganir og gróft barnaklám.



**Í HLÍÐARFJALLI** Vinsælasta skíðasvæði Íslands í vetur var í Hlíðarfjalli við Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flestir fóru á skíði í Hlíðarfjalli:

## Gestum skíðasvæða fækkaði um 70 þúsund

**SKÍÐI** Meira en þriðjungsfækkun varð á gestafjölda á skíðasvæðum landsins í vetur miðað við árið í fyrra. Þá sóttu tæplega 250 þúsund þau heim en í vetur voru tæplega 180 þúsund sem fóru á skíði á skíðasvæðum landsins. Munar þar mestu um lélegan skíðavetur á höfuðborgarsvæðinu.

Þrjú skíðasvæði fengu fleiri gesti í vetur en fyrravetur, skíðasvæðið í Oddskarði í Fjarðarbyggð, skíðasvæðið í Böggvistaðafjalli við Dalvík og skíðasvæðið í Hlíðarfjalli ofan við Akureyri. Langflestir gestir sóttu það síðastnefnda heim eða rúmlega 102 þúsund, næstflestir renndu sér í Oddskarði, 23.000 en 12.000 við Dalvík. Tíu þúsund fóru í Bláfjöll í vetur en aldrei var opið í Skálafelli og því enginn skráður gestur þar. - sbts

## FORSETAEMBÆTTIÐ

### Rannsókn á hruninu

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, ræðir við breska og íslenska stjórnmálafræðinga sem vinna við rannsókn á bankahruninu, fjármálakerfinu og samspili við stjórnkerfi og samfélag. Á vef forsetaembættisins kemur fram að verkefnið verði kynnt á alþjóðlegu fræðaþingi síðar á árinu.

# Slógust um hvert atkvæði allt fram á síðasta dag

**Langt er síðan þingkosningar í Bretlandi hafa verið jafnspennandi og nú. Þrír stærstu flokkarnir slást um atkvæði óákveðinna. Engum er spáð meirihluta og óvissa um hverjir gætu hugsað sér að starfa saman.**

**BRETLAND** Leiðtogar þriggja stærstu stjórnmálaflokka Bretlands hafa síðustu daga barist um fylgi óákveðinna kjósenda í þeirri von að sannfæra nógu marga. Hugsanlega gætu kraftaverkin gerst á síðustu stundu.

David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins, sagði flokk sinn berjast til sigurs með öllu sem til er að dreifa, en Gordon Brown forsætisráðherra sagði Verkamannaflokk sinn berjast um framtíð Bretlands.

Nick Clegg, leiðtogi Frjálslyndra demókrata, sagði tækifæri flokksins nú vera komið og hvatti kjósendur til að treysta á eðlisávísun sína.

Frjálslyndi flokkurinn hefur áratugum saman verið í aukahlutverki í breskum stjórnmálum, en óvæntur árangur Cleggs í fyrstu sjónvarpskappræðunum af þremur breyttu því.

Íhaldsflokki David Camerons hafði lengi verið spáð sigri, en nú virðist nokkuð ljóst að Clegg kemst í lykilstöðu og geti valið sér samstarfsflokk.

„Venjulega gerist það þannig að einhver sigrar og annar tapar, og þá segir sá sem tapar af sér í hádeginu og ráðleggur drottningunni að kalla á sinn fund þann sem sigraði,“ segir Peter Riddell, sérfræðingur hjá breskum hjálparsamtökum sem nefnast Institute for Government, og hafa það markmið að bæta stjórnmálalífið í Bretlandi.

Ef enginn flokkur hlýtur meirihluta, eins og flest bendir til að verði, þá fær forsætisráðherra samkvæmt hefðinni tækifæri til að mynda nýja stjórn, jafnvel þótt flokkur hans fái færri þingmenn en einhver annar flokkur.

Óvinsældir Browns eru hins vegar slíkar að óvíst er að hann fái annan flokk til þess að ganga til liðs við stjórnina.

Gefist Brown upp á stjórnarmyndun gengur boltinn væntanlega til þess flokks, sem flest þingsæti hlýtur. Allt bendir til þess að það verði Íhaldsflokkurinn, þannig að þá kemur til kasta Davids Cameron að mynda stjórn.

Greinilega myndu viðbrögð Nicks Clegg ráða ferðinni, en hann hefur hingað til forðast að gefa afgerandi svör um það hvort hann kjósi heldur að starfa með Brown eða Cameron.

gudsteinn@frettabladid.is

### Mikil óvissa enn um úrslitin




Skoðanakannanir benda til þess að enginn flokkur fái hreinan meirihluta, sem er óvenjuleg staða í Bretlandi. Óvissa um úrslitin er hins vegar mikil, því 40 prósent hafa ekki gert upp hug sinn en 10 prósent segjast hugsanlega skipta um skoðun í kjörklefanum.

Meðaltal skoðanakannana frá Angus Reid, BPIX, ComRes, Harris, IMC, Opinium, Populus og YouGov.

HEIMILDIR: BRESKAR SKOÐANAKANNANIR



NORDICPHOTOS/AFP

**ALLS STAÐAR Í EINU** Leiðtogar þriggja stærstu flokkanna reyndu að fara sem víðast til að næla í kjósendur. Þarna er David Cameron að spjalla við íbúa bæjarins Hucknall.


Fyrirlestrarröðin Reykjavík 2.0

7. maí: Menning er málið!
11. maí: Græna Reykjavík
19. maí: Reykjavík 2.0

Menning er málið!

Hvert er framlag menningar og lista til borgarinnar og hvernig má styðja þá starfsemi? Fyrirlesarar munu velta því fyrir sér, miðla af reynslu sinni og spá í framtíðina.

Opinn hádegisfundur í Þjóðminjasafninu við Hringbraut, föstudaginn 7. maí milli kl. 12:00 og 13:00. Allir velkomnir.

**Áslaug María Friðriksdóttir,** *formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar.*
**Dorothee Kirch,** *framkvæmdastjóri KÍM og sýningarstjóri.*
**Halla Helgadóttir,** *framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands og hönnuður.*
**Haukur S. Magnússon,** *ritstjóri Reykjavík Grapevine og tónlistarmaður.*


Áslaug María Friðriksdóttir

Dorothee Kirch

Halla Helgadóttir

Haukur S. Magnússon

www.xd.is/reykjavik

x D


VORTILTEKT!
QUEEN SIZE RÚM
(153x203 cm)
FRÁ 99.000 kr.
NÚ HREINSUM VIÐ ÚT
30-50% AFSLÁTTUR
Við eigum von á nýrri vörulínu frá King Koil Comfort solution
og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir
með allt að 50% afslætti.
COMFORT solutions®
By King Koil®
ÁTTU VON Á GESTUM?
ARGH! 130410
Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16



**LJÓN Í DÝRAGARÐI** Ambar heitir þetta þriggja og hálfs árs ljón sem þarf að hírast alla sína daga í dýragarði í Ahmedabad á Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Skurðir á Haítí fyllast af saur svo upp úr flæðir þegar rignir:

# Uppbygging á Haítí tekur áratug hið minnsta

**HAÍTÍ** „Langtímauppbygging verður í að minnsta kosti tíu ár ef ekki lengur," segir Kristjón Þorkelsson sendifulltrúi Rauða kross Íslands á Haítí. Hann fjallar um endurreisnarstarfið það í grein sem birt var á vef Rauða krossins í gær.

„Á sumum svæðum þar sem skjálftinn reið yfir sér maður steinsteypu sem hreinlega varð að dufti," segir hann og bendir á að eftir skjálftann hafi verið áætlað að um það bil þrettán hundruð þúsund manns hafi verið á vergangi.

„Í þéttbýli hefur fólk komið sér fyrir í óskipulögðum, yfirsetnum búðum sem eru aðallega gerðar úr plastdúkum og prikum. Í flestum tilfellum er vandamál að komast í vatn en það þarf tankbíla til að flytja vatn til fólksins.

Á stöku stað höfum við getað tengt inn á vatnsveituna en hún var í slæmu ásigkomulagi fyrir," segir Kristjón. Fram kemur að Rauði krossinn útvegi um það bil tvær milljónir lítra af vatni í yfir nítíu búðum í Port au Prince og Leogane.

Þá segir hann að salernismál séu enn stærri og alvarlegri vandamál. „Í upphafi voru kamrar settir á skurði til að ráða við bráðaþörfina. Nú eru skurðirnir að fyllast og það sem verra er að þegar rignir fyllast skurðirnir af regnvatni og flæða yfir bakkana með tilheyrandi mengun. Þetta vandamál óttast menn mikið þegar regntíminn byrjar fyrir alvöru því þá eykst hættan á útbreiðslu sjúkdóma á borð við kóleru, taugaveiki, mislinga og malaríu, sem eykst alltaf á þessum tíma." - óká



**Í TJALDBÚÐUM** Munaðarlaus börn í tjaldbúðum sem komið var upp eftir jarðskjálftana í janúar. MYND/SEGLAGERÐIN ÆGIR



**Í FJÓSINU** Landssamband kúabænda ætlar að halda kostnaði vegna aðstöðu „innan skikkanlegra marka, þótt opnað hafi verið útibú" segir á vef LK.

Framkvæmdastjóri flytur:

## LK opnar skrifstofu Akureyri

**LANDBÚNAÐUR** Landssamband kúabænda hefur opnað útibú á Akureyri, að því er fram kemur á vef sambandsins.

„Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda hefur nú flutt búferlum til Akureyrar ásamt fjölskyldu sinni. Hafa samtökin tekið skrifstofuaðstöðu á leigu í Búgarði, Óseyri 2," segir þar. Heimilisfang samtakanna verður eftir sem áður að Bitruhálsi 1 í Reykjavík og verður skrifstofuaðstaða þar.

„Mun framkvæmdastjóri sinna starfi sínu á þessum tveimur stöðum eftir því sem aðstæður krefjast," segir á vefnum. - óká

Fleiri gistu á hótelum í mars:

## Færri innfæddir á hótelunum

**FERÐAMÁL Gistinætur á hótelum voru 10,7 prósentum fleiri í mars en þær voru í sama mánuði ári fyrr, að því er fram kemur í nýjum tölum Hagstofunnar.**

**Fjölgunin er einkum rakin til þess að fleiri erlendir gestir hafi sótt landið heim, því gistinóttum erlendra ríkisborgara fjölgaði um 18,4 prósent á tímabilinu meðan gistinóttum Íslendinga fækkaði.**

**„Þessi þróun hvað erlenda ferðamenn varðar kemur ekki á óvart enda höfðu þeir aldrei verið fleiri hér á landi í marsmánuði en þeim síðasta," segir í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka.** - óká

Sigldi skipi á dráttartaug:

## Stýrimaður dæmdur í sekt

**DÓMSMÁL** Stýrimaðurinn á fiskiskipinu Bjarna Ólafssyni AK-70 hefur verið dæmdur í 300 þúsund króna sekt og sviptur skipstjórnarréttindum í þrjá mánuði.

Stýrimaðurinn dró uppi og sigldi fram úr dráttarbáti sem var með pramma í togi. Fiskiskipið sigldi á dráttartaugina með þeim afleiðingum að dráttarkróknum slóst út á bakborða dráttarbátsins. Það varð til þess að báturinn fór að mestu í kaf og hallaði svo mikið að hætta var á að honum myndi hvolfa. Báturinn og fiskiskipið rákust saman, gat kom á stjórnborðssíðu skipsins og skipverji á dráttarbátnum slasaðist. - jss

# Efnahagsbatinn lætur bíða lengur eftir sér

**Seðlabankinn sækir mikinn styrk í erlent lánsfé. Atvinnulífið getur ekki keppt við bankana um sparifé til fjárfestingar. Þetta leiðir til tafa á efnahagsbata og miklu atvinnuleysi næstu tvö árin, samkvæmt spá Seðlabankans.**

**EFNAHAGSMÁL** Verulegar líkur eru á að Seðlabankinn dragi á öll lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Norðurlöndunum og Póllandi til að sýna fram á styrk bankans. Þetta segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Hann bendir á að staðan sé betri en reiknað hafi verið með og áhyggjur af getu ríkissjóðs til að standa í skilum við lán sem falla á gjalddaga á næsta og þarnæsta ári úr sögunni. „Markaðurinn er ekki alveg búinn að átta sig á þessu," sagði hann og benti á að vaxtaálag á ríkissjóð hafi lækkað mikið þótt dyr erlendra lánsfjármarkaða hafi enn ekki opnast.

Bankastjórn Seðlabankans greindi frá ákvörðun peningastefnunefndar í gær að lækka vexti um hálft prósentustig. Stýrivextir fara við það úr 9 prósentum í 8,5 prósent. Aðrir vextir lækka jafn mikið.

Már, sem jafnframt er formaður peningastefnunefndar, sagði ákvörðunina byggjast meðal annars á því að meðalgengi krónu hafi í meginatriðum haldist stöðugt frá síðasta vaxtafundi. Hann viðurkenndi að ef ekki hefði verið gripið til haftastefnu mætti reikna með að gengið væri öllu lægra, gengisvísitalan nær þrjú hundruð stigum. Vísitala krónunnar endaði í gær í 223,8 stigum og kostaði ein evra 166 krónur. Stefnt er að afnámi hafta eins fljótt og auðið er að lokinni þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og stjórnvalda. Vonir standa til að endurskoðuninni ljúki í júlí. Spáð er að árið 2010 kosti evran 160 krónur, að sögn Más.

Fram kom í máli Þórarins G. Péturssonar, aðalhagfræðings Seðlabankans, að efnahagsbati sem spáð var í janúar tefðist um einn ársfjórðung. Töfin skrifast á samdrátt í einkaneyslu og tafa á fjárfestingu jafnt innlendra sem erlendra aðila hér, þar á meðal fjárfestingu í stóriðju. „Óvissa hefur valdið því að fjárfestar eru tregir til að fjárfesta í atvinnurekstri. Síðan hafa viðtækar innlánstryggingar valdið því að atvinnulífinu hefur reynst erfitt að keppa um spariféð," sagði Þórarinn og benti á að allt upp undir ári eftir að efnahagslífið taki við sér dragi úr atvinnuleysi. Seðlabankinn spáir 9,5 prósenta atvinnuleysi á þessu ári. Það er nú 9,3 prósent. Það verður komið niður í 6,7 prósent eftir tvö ár, gangi spá bankans eftir.

jonab@frettabladid.is



**SEÐLABANKASTJÓRI FER YFIR MÁLIN** Seðlabankinn er sterkari en markaðurinn telur hann vera, að sögn Más Guðmundssonar. Stefnt er að afnámi gjaldeyrishafta á seinni hluta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Íslenska kreppan sú lengsta

Kreppan hér mun vara í tíu ársfjórðunga, eða tvö og hálft ár. Til samanburðar varir samdráttarskeið í öðrum löndum í núverandi kreppu í fjóra til sex ársfjórðunga, eitt til eitt og hálft ár. Samdrátturinn hér er engu að síður minni en í öðrum löndum, að sögn Þórarins G. Péturssonar, aðalhagfræðings Seðlabankans. Hann benti á að landsframleiðsla hefði dregist saman um tvö prósent í Bandaríkjunum, um fimm prósent á evrusvæðinu og um sex prósent í Bretlandi. Landsframleiðsla dróst saman um tíu prósent hér í fyrra en 25 prósent í Lettlandi. „Þetta er lengsta samdráttarskeið í íslenskri nútímasögu eftir seinna stríð," benti Þórarinn á.

Lögmannafélagið sendir Dómarafélaginu bréf vegna húsleita á lögmannsstofum:

# Lögmenn minna dómara á hófsemi

**DÓMSMÁL** Lögmannafélag Íslands hefur sent formanni Dómarafélags Íslands bréf í tilefni af húsleitum sem dómarar hafa heimilað á lögmannsstofum eftir hrun. Afrit af bréfinu var sent dómsmálaráðherra.

Í bréfinu er áréttað að lögmenn séu bundnir þagnarskyldu um hvaðeina sem við kemur starfi þeirra. Þeir skuli aldrei, án endanlegs dómsúrskurðar sem beinist að þeim eða skýlauss lagaboðs, láta óviðkomandi aðilum í té gögn og upplýsingar um skjólstæðinga.

„Í þessu felst að öll frávik frá meginreglunni ber að túlka þröngt og gera verður ríka kröfu til dómstóla að þeir tryggi að ekki verði gengið lengra en nauðsyn krefur hverju sinni. Þannig verður að gera kröfu til þess að heimild til húsleitar sé vandlega rökstudd og sé takmörkuð við tiltekin gögn, á tilteknu tímabili, í nánar tilteknu máli. Sé þessa ekki gætt er hætta á að gengið verði of langt gegn rétti skjólstæðings og þá um leið trúnaðarskyldu lögmanna, sem aftur grefur undan réttarkerfinu í heild sinni," segir í bréfinu.

Þótt samfélagið gangi í gegnum sérstaka tíma og álag sé mikið á dómstólum megi ekki gefa afslátt af þeim grundvallarreglum sem hingað til hafi gild. Hvetur Lögmannafélagið Dómarafélagið til að minna félagsmenn sína á að missa ekki sjónar á þeim í umrótinu. - sh



**LÁRENTSÍNUS KRISTJÁNSSON** Formaður Lögmannafélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vantru.is birtir prestalista:

## Biskupinn er ekki á listanum

**TRÚMÁL Birtur hefur verið á vef Vantrúar listi yfir presta sem ekki skrifuðu undir stuðningsyfirlýsingu við ein hjúskaparlög sem birtist í aðsendri grein í Fréttablaðinu í gær. Alls skrifuðu 82 undir stuðningsyfirlýsinguna.**

**„Eins og flestir vita var málinu ýtt til hliðar á prestastefnu," segir á vefnum, en áréttað að engar ályktanir séu dregnar af því af hverju fólk hafi ekki skrifað undir. „Vel má vera að margir sem hér eru taldir upp styðji ein hjúskaparlög," segir þar um leið og sérstök athygli er á því vakin að í stuðningsyfirlýsingunni vanti helstu forvígismenn kirkjunnar, biskup, vefprest, verkefnastjóra fræðslumála og upplýsingafulltrúa kirkjunnar.** - óká

Sóttvarnalæknir á ESB-fundi:

## Ekki varað við Íslandsferðum

**HEILBRIGÐISMÁL** Á fundi ráðgjafanefndar Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins, sem nú stendur í Stokkhólmi, grennslaðist Haraldur Briem sóttvarnalæknir fyrir um hvort varað hefði verið við Íslandsferðum vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Fékk hann þau svör að svo hefði ekki verið.



**HARALDUR BRIEM**

Á fundinum veitti Haraldur upplýsingar um stöðu mála vegna gossins. - bþs

Utankjörfundaratkvæði:

## Kosið í Höllinni á mánudaginn

**KOSNINGAR Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna borgarstjórnarkosninganna 29. maí færist í Laugardalshöll á mánudag. Frá 6. apríl hefur hún farið fram hjá sýslumanninum í Reykjavík. Opið er hjá sýslumanni á milli 9.00 og 15.30 í dag og á föstudag og á milli 12.00 og 14.00 um helgina. Í Laugardalshöll verður opið frá tíu á morgnana til tíu á kvöldin.**

**Utankjörfundaratkvæðagreiðsla á sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra hefst þriðjudaginn 18. maí og verður nánar kynnt á viðkomandi stöðum.** - bþs

STJÓRNSÝSLA

**Upplýsingafulltrúar ráðnir**

Rósa Björk Brynjólfsdóttir hefur verið ráðin upplýsingafulltrúi fjármálaráðuneytisins. Rúmlega 30 sóttu um stöðuna. Þá hefur Elfa Björk Sverrisdóttir verið ráðin tímabundið í starf upplýsingafulltrúa heilbrigðisráðuneytisins.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# Taktu flugið

## Nettilboð 5.–11. maí

### Til og frá Reykjavík:

- » Akureyri **5.990 kr.**
- » Egilsstaðir **6.990 kr.**
- » Ísafjörður **5.990 kr.**
- » Vestmannaeyjar **4.990 kr**

Verð aðra leið með sköttum. Takmarkað sætaframboð.

**Einungis bókanlegt á flugfelag.is**

→ flugfelag.is



**HESTI HJÁLPAÐ** Vegfarendur í borginni Lahore í Pakistan brugðu skjótt við þegar hestur féll niður í hitasvækju og hjálpuðu honum að rísa á fætur. NORDICPHOTOS/AFP

Persónuvernd gerði athugasemdir við hugmyndir um ökuritanotkun árið 2005:

# Spurningum er enn ósvarað

**SAMGÖNGUMÁL** Enn er ósvarað spurningum Persónuverndar til samgönguráðuneytisins frá árinu 2005 vegna hugmynda sem þá voru uppi um að nota GSP-ökurita til að safna upplýsingum um aksturslag og ferðir ökutækja hér á landi.

Í tengslum við hugmyndir um sérstaka gjaldtöku til að standa undir vegaframkvæmdum, hafa í samgönguráðuneytinu verið endurvaktar hugmyndir um að safna upplýsingum og innheimta veggjöld eftir á, út frá upplýsingum úr GPS-ökuritum.

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, sagðist á dögunum ætla að senda ráðuneytinu fyrirspurn um útfærslu hugmyndanna. Þær eru hins vegar ekki alveg nýjar af nálinni.

Þórður Sveinsson, lögfræðingur hjá Persónuvernd, segir að árið 1995 hafi stofnunin kallað eftir upplýsingum um útfærslu á notkun GPS-ökurita. Það var gert eftir að nefnd ráðherra skilaði skýrslu um vænleika þess að skrá akstur ökumanna. „En ekkert varð úr hugmyndunum á þessum tíma,“ segir Þórður. - óká



**ÁRTÚNSBREKKA** SAGA System hefur þróað tækni sem nýtist til að safna upplýsingum um aksturslag og gjaldtöku fyrir akstur. Kerfið nefnist PAYD, eða „Pay as you Drive“. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Eru með einkaleyfi

Íslenska tæknifyrirtækið SAGA System hefur alþjóðlega skrásett einkaleyfi á þeirri tækni að nota GPS-punkta úr ökurita til að reikna út hröðun, beygjuhraða og hemlun bíla. Þegar er fjöldi fyrirtækja hér á landi með í notkun SAGA Fleet flotastýringu fyrirtækisins, en þar er safnað upplýsingum bæði um aksturslag og staðsetningu bíla. Þá hefur fyrirtækið þegar hannað innheimtukerfi þar sem gjaldfært er eftir notkun bíla í akstri og nefnist PAYD, eða „Pay as you drive“. Til þessa hefur þó ekki verið safnað upplýsingum um staðsetningu bíla í PAYD-kerfinu.

Mikil símanotkun ökumanna:

# Flestir með símann undir stýri

**KÖNNUN Yfir 80 prósent fólks hafa undanfarið ár talað í símann undir stýri, samkvæmt nýrri könnun MMR. Algengast er að fólk noti farsíma fyrir símtöl án handfrjáls búnaðar, eða um 71 prósent. Fjórðungur sagðist hafa notað farsíma eitthvað fyrir samtöl með handfrjálsum búnaði. 26 prósent sögðust hafa notað farsíma við akstur til að skrifa eða lesa sms. Tæp sautján prósent höfðu aldrei notað farsíma við akstur á síðastliðnum tólf mánuðum.**

**Nokkur munur var á svörum um símanotkun eftir aldri svarenda. Um helmingur þeirra sem var undir þrítugu sagðist til að mynda hafa notað símann til að þess að skrifa eða lesa sms undanfarið ár en einungis sex prósent þeirra sem eru yfir þrítugu.**

Sniðgengu 13 ábendingar af fimmtán frá GRECO:

# Stjórnvöld brugðust ekki við spillingu

**SPILLING** Íslensk stjórnvöld hafa í engu orðið við þrettán tilmælum af fimmtán sem alþjóðlegur eftirlitsaðili setti fram í því skyni að vinna gegn spillingu hér á landi.



**RAGNA ÁRNADÓTTIR**

Þetta er óviðunandi að mati GRECO, ríkjahóps Evrópuráðsins gegn spillingu, þess sama og setti tilmælin fram við íslensk stjórnvöld á árinu 2008.

Ein tilmælanna fimmtán hafa verið uppfyllt að fullu og önnur að hluta til. Þau snúa annars vegar að því hvernig Íslendingar skuli standa að innleiðingu á mútuákvæðum Evrópuráðssamnings gegn spillingu á sviði refsiréttar og hins vegar hvernig auka eigi gagnsæi fjármögnunar stjórnmálastarfsemi á Íslandi.

GRECO-hópurinn býður íslenskum stjórnvöldum að gera frekari grein fyrir eftirfylgni fyrirmælanna til 30. september næstkomandi.

Dóms- og mannréttindaráðuneytið sendi frá sér yfirlýsingu af þessu tilefni í gær. Þar kemur meðal annars fram að refsiréttarnefnd vinni nú að endurskoðun refsiákvæða laga hvað varðar mútustarfsemi. Þar á meðal er til skoðunar hvort ákvæði eigi að ná til alþingismanna. Einnig eru ákvæði um mútur í almennri starfsemi til endurskoðunar. - pg



**ÞORLÁKSHÖFN** Farið var of bratt í upphaflegar tímaáætlanir, sem gerðar voru í febrúar, og miðuðu við að samningur um orkusölu frá Hverahlíðarvirkjun til kísilverksmiðju í Þorlákshöfn lægi fyrir 1. maí, segir lögmaður Timminco, kanadísks fyrirtækis sem á í samstarfi við Íslendinga um byggingu slíkrar verksmiðju.




# Forgangur Ölfuss er fallinn úr gildi

**Orkuveita Reykjavíkur framlengdi ekki forgang verkefna í Ölfusi að orku Hverahlíðarvirkjunar. OR og Timminco halda áfram viðræðum um kísilverksmiðju. Framhald ræðst á stjórnarfundi OR í næstu viku, segir lögmaður kísilverksmiðjunnar.**

**ORKUMÁL** Orkuveita Reykjavíkur hefur hafnað ósk Ölfuss um að framlengja forgangsrétt verkefna í sveitarfélaginu að orku frá Hverahlíðarvirkjun.

„Okkar forgangur rann út 1. maí,“ segir Birna Borg Sigurgeirsdóttir, forseti bæjarstjórnar Ölfuss. „Við leituðum eftir framlengingu en Orkuveitan vísaði því á bug.“

Áfram er þó unnið að hugmyndum um að fyrirtækið Timminco byggi kísilverksmiðju við Þorlákshöfn og knýi hana með orku frá Hverahlíðarvirkjun.

Orkuveitan á nú bæði í viðræðum við Timminco og Norðurál um kaup á þeirri orku, að sögn Eiríks Hjálmarssonar, upplýsingafulltrúa OR, sem segir stefnt að því að „klára mál Timminco í maí“.

Gunnar Jónsson, lögmaður Thorsil, en það félag er í eigu Timminco og Stokks Energy og vinnur að undirbúningi kísilverksmiðjunnar, segir að fyrirtækin hafi enn áhuga á að reisa kísilverksmiðjuna. Áætlanir um að ljúka málinu fyrir 1. maí hafi verið óraunhæfar þótt tekist hafi að ljúka þeirri verkfræðivinnu sem stefnt var að fyrir þann tíma.

Næstu skref gætu ráðist á stjórnarfundi Orkuveitunnar 12. maí þar sem fjallað verði um hugmyndir um framlengdan samningsramma. Gunnar staðfesti að samningsstaða kísilverksmiðjunnar væri veikari nú þegar Ölfus nýtur ekki lengur forgangs og álver Norðuráls í Helguvík knýr einnig á um aðgang að orku Hverahlíðarvirkjunar.

„Það stendur til að halda áfram á fullu. Ég veit að hugur Orkuveitunnar stendur mjög til að þetta geti orðið,“ sagði Gunnar. „En hlutirnir hafa tekið lengri tíma en við vonuðum.“

Timminco hefur staðið höllum fæti fjárhagslega. Gengi þess á hlutabréfamarkaði í Kanada rýrnaði um þriðjung skömmu fyrir síðustu mánaðamót. Fyrr á árinu tilkynnti Timminco að það hefði hætt framleiðslu á kísilflögum vegna minnkandi sölu en mundi byrja aftur ef markaðsaðstæður batna. Unnið hefur verið að endurskipulagningu, meðal annars með breytingu skulda í hlutafé.

Gunnar Jónsson segir að viðræður standi yfir við öflug fyrirtæki um kaup á framleiðslu væntanlegrar verksmiðju. Traustur sölusamningur sé ein forsenda þess að verksmiðjan geti risið.

peturg@frettabladid.is

# TRAUST & ÁBYRGÐ

40 ára




Hversu sammála eða ósammála ertu því að RSÍ beiti sér fyrir auknu samstarfi verkalýðshreyfingarinnar, SA, ríkisvaldsins og sveitarfélaganna um lausnir á efnahagsvandanum?




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með starfsemi Rafiðnaðarsambands Íslands?

**Capacent** gerði ímyndar og þjónustukönnun fyrir Rafiðnaðarsambandið í marz 2010. Úrtakið, dregið úr félagaskrá, var þúsund fullgildir félagsmenn.

**Svarhlutfall var 60.9%.**

**85% svarenda voru fastráðnir í fullu starfi,**

**10% lausráðnir eða verktakar og**

**4,3% atvinnulausir.**

Þessar tölur eru í fullu samræmi við hlutföllin í félagaskránni.




Hversu vel eða illa finnst þér að Rafiðnaðarsambandið hafa staðið sig í að gæta réttinda félagsmanna sinn síðastliðna 12 mánuði?




Hversu mikið eða lítið telur þú starfsöryggi þitt vera?




Hefur þú nýtt þér einhverja þá þjónustu sem Rafiðnaðarsambandið býður upp á síðastliðna 12 mánuði?




Hefur þú þurft eða þarft þú á sérstökum úrræðum að halda til að geta staðið skil á greiðslum vegna lána?




Hafa laun þín eða starfshlutfall verið skert á undanförnum 12 mánuðum vegna efnahagsþrenginga?

**RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**
**Stórhöfða 31, 110 R., sími: 580-5200, fax: 580-5220, rafis.is**

# RISA TAX FREE DAGAR

**ALLT Í EINNI FE**

SNYRTIVÖRUR...FA
BÚSÁHÖLD...GARN
KERTI...SERVÍETTU



*Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!*





*Búsáhöld fyrir heimilið!*



*Leikföng fyrir káta krakka!*

* Samkvæmt markaðsrannsókn Capacent júní 2009, 2008 og 2006.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

# GERÐU KAUP ÁRSINS!

## MESTA úrvalið* á betra verði!

fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag

**ERÐ...**

ATNAÐUR...SKÓR...LEIKFÖNG...
N...RÚMFÖT... HANDKLÆÐI...
R

**...ÁN VIRÐISAUKASKATTS**

DAGANA 6. - 9. MAÍ

# RISA TAX FREE DAGAR



*Mesta úrvalið af snyrtivörum!**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 9. maí 2010.

50 ára HAGKAUP fyrir íslendinga í 50 ár



**Á HVOLFI** Fyrir utan Gyðingasafnið í Berlín hefur listamaðurinn Marcus Wittmers stillt upp þessari styttu af sjálfum Superman. NORDICPHOTOS/AFP

Stærstu fylkingar sjíamúslima undirbúa stjórnarmyndun í Írak:

# Samkomulag tryggir aukin völd sjíaklerka

**ÍRAK, AP** Tveir stærstu hópar sjíamúslima á þinginu í Írak hafa gert með sér samkomulag um að leggja allar pólitískar deilur sín á milli í hendur virtra sjíaklerka.

Annar hópurinn er fylking Nours al-Maliki forsætisráðherra, sem missti fylgi í kosningum í vetur, en hinn er bandalag íhaldssamari sjíamúslima sem inniheldur meðal annars hreyfingu herskáa klerksins Muktada al-Sadr, sem hefur lengi haft horn í síðu al-Maliki.

Takist þeim að mynda ríkisstjórn, eins og flest bendir til, þá þýðir þetta samkomulag að völd sjíaklerka aukast mjög. Jafnframt yrði það til þess að súnnímúslimum þætti enn meir að sér þrengt en hingað til.

Íransstjórn hefur töluverð ítök í báðum fylkingunum, en í Íran hafa klerkarnir veruleg völd samkvæmt stjórnarskrá.

Þótt súnnímúslimar séu í minnihluta í landinu hafa þeir lengi átt því að venjast að fara með öll völd í reynd, því Saddam Hussein kom úr þeirra röðum og gerði þeim hærra undir höfði en öðrum hópum.

Súnníar eru meira en þriðjungur landsmanna og sætta sig ekki við að vera áhrifalausir. Herskáir hópar súnnímúslima hafa árum saman barist gegn núverandi stjórn al-Maliki og stríðsrekstri Vesturlanda í landinu.

- gb



**ENDURTALNING ATKVÆÐA** Úrslit þingkosninganna í vetur voru umdeild og hófst endurtalning atkvæða nú í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP



**BÁTAR** Sjómenn geta nú kynnt sér möguleika til náms samhliða starfi á nýjum DVD-diski sem dreift verður í báta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fræðsludiskur gefinn út:

## Kynning á námi fyrir sjómenn

**MENNTUN** Út er kominn DVD-diskur sem kynnir námsmöguleika fyrir sjómenn. Diskurinn er gefinn út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Sólrún Bergþórsdóttir hjá miðstöðinni kynnti diskinn fyrir hagsmunasamtökum fyrir skemmstu. Hún hefur í starfi sínu sem náms- og starfsráðgjafi í Eyjum lent í vandræðum með að ná til sjómanna til að kynna þeim námsmöguleika. Hún ákvað því að vinna diskinn og koma honum síðan í bátana til sjómannanna sjálfra. Á honum er að finna almennar upplýsingar um náms- og starfsráðgjöf og viðtöl við ráðgjafa og fjóra sjómenn sem hafa farið í nám samhliða sínum störfum.

- kóp

**LÖGREGLAN**

### Bensínþjófar gómaðir

Tveir karlmenn á þrítugsaldri voru handteknir í Kópavogi í fyrrinótt. Þeir höfðu stolið bensíni af einum bíl og reynt að gera það sama við annan. Mennirnir játuðu sök.

# Staðreyndir þvælast fyrir

**Florence Kennedy er sérfræðingur í samningatækni. Hún segir góð samskipti, upplýsingar og hvatann að baki viðræðum mikilvægasta þátt þeirra. Í öllum viðræðum, þar með talið um Icesave, verði að ríkja traust.**

**STJÓRNSÝSLA** Síðastliðin fimm ár hefur Florence Kennedy, sérfræðingur í samningatækni, kennt áhugasömum hvernig best er að hegða sér við samningagerð.

Florence segir mikilvægasta þáttinn í samningaviðræðum að einblína ekki bara á um hvað er verið að semja. Horfa verði til undirliggjandi ástæðna, eða hvata, fyrir viðræðunum. Þannig megi oft finna nýja fleti á viðræðum sem annars hefðu siglt í strand.

„Ef viðræður komast í öngstræti þarf að finna eitthvað annað sem hægt er að semja um sem uppfyllir okkar undirliggjandi þarfir. Sem dæmi má nefna mann sem biður um launahækkun en yfirmaðurinn tilkynnir að ekki séu til peningar til slíks. Hvað gerirðu þá?

Annaðhvort snýrðu frá óhamingjusamur eða reynir að komast að því til hvers þú þarft peninga. Kannski er það til þess að kaupa nýjan bíl eða til að bæta eftirlaunasjóðinn. Ef þú horfir á það í stað þess að einblína á að þú þurfir meira fé, koma upp fleiri kostir sem hægt er að semja um. Kannski færðu fyrirtækisbíl, eða það er eftirlaunaáætlun hjá fyrirtækinu sem þú kemst að.

Í stað þess að viðræðum verði sjálfhætt vegna þess að engir peningar eru til, opnast möguleikar á öðrum lausnum.“

### Gildir líka um Icesave

Florence segir þetta gilda um allar samningaviðræður, hvort sem þær eru minni eða stærri. Það gildi einnig um milliríkjaviðræður eins og Icesave, sem enn er óleyst mál.

Mikilvægt sé að hafa í huga að viðræður séu samningar á milli tveggja aðila. Enginn græði á því að þröngva sínum sjónarmiðum upp á mótaðilann, þegar til lengri tíma er litið. Það geti skaðað aðra hagsmuni í öðrum viðræðum.

Florence segir að þótt styrkur samningsaðila geti verið misjafn, til dæmis Breta og Íslendinga, séu menn jafnir þegar kemur að samningaborðinu. Samningaviðræður snúist um að fá eitthvað frá einhverjum sem vill eitthvað frá okkur. Bretar og Hollendingar verði að vekja áhuga Íslendinga á því að samþykkja samninga og til þess þurfi nógu góðan samning. Hagsmunir allra séu að ná samningi sem stendur.

„Annað er að við þurfum að losna undan þeim tilfinningum sem tengjast vandamálunum. Hvað Icesave varðar eru augljóslega heitar tilfinningar því tengdar hjá báðum aðilum. Þetta snýst um orðstír Íslands og þá upphæð sem landið þarf að borga og er því persónulegt. Það á einnig við um Breta. Fólk sem tapaði peningum lítur til stjórnvalda og spyr hví ekkert sé gert fyrir það. Það eru tilfinningar í málinu og menn kenna hver öðrum um hvernig fór.

Menn þurfa að losna undan svona hugsun, sem er mjög algeng. Fólk eyðir of miklum tíma í að rífast um hverjum sé um að kenna.“



**SÉRFRÆÐINGURINN** Florence Kennedy segir að samningaviðræður snúist um að fá eitthvað frá einhverjum sem vill fá eitthvað frá okkur. Allir verði að ganga sáttir frá samningaborðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Staðreyndir til óþurfta

Samningaviðræður snúast ekki um að skýra staðreyndir málsins sem best, raunar þvert á móti segir Florence.

„Staðreyndir eru til truflunar í samningaviðræðum því allir hafa sína útgáfu af þeim. Ég gæti sagt þér að eitthvað sé svart og þú mér að það sé hvítt. Þá er hægt að láta tölur og tölfræði þýða hvað sem er. Menn þurfa ekki að vera sammála um staðreyndir til að semja.

Horfum til stórra, hörmulegra málefna eins og á Norður-Írlandi. Þar komu menn sér ekki saman um staðreyndir, en unnu saman að því að leysa málið. Við getum verið sammála um að þú hafir staðreyndir og að ég hafi staðreyndir og sest niður og leyst málið, án þess að hafa áhyggjur af því hverjar þær staðreyndir eru.“

### Traust og upplýsingar

Upplýsingar eru mikilvægasta tækið til að ná samningum að mati Florence. Hún segist því ekki trúa á þá aðferð að halda öllu leyndu, eða að reyna að blekkja. Í samningum verði menn að gefa upplýsingar smátt og smátt eftir því sem þeir fá þær. Þá verði menn að geta lesið í þær upplýsingar sem mótaðilinn gefur þeim og lesa í blæbrigðamun.

„Til dæmis ef þú segir: „það er mjög erfitt fyrir mig að fallast á það“ í stað „það er ómögulegt fyrir mig að fallast á það“. Á þessu er munur og þú mátt ekki hundsa hann heldur skoða af hverju þetta er erfitt og hvort hægt sé að breyta því svo þú fallist á þetta.“

Þá segir Florence að það sé gríðarlega mikilvægt að bregðast ekki trausti. Ef menn hafi lofað einhverju verði að standa við það, annars glatist það traust sem náðst hafi manna á millum.

kolbeinn@frettabladid.is

### Sérfræðingur í samningatækni

Florence Kennedy er framkvæmdastjóri fyrirtækisins Negotiate Ltd., sem er breskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í ráðgjöf við samninga. Hún hefur unnið fyrir fjölmarga aðila, bæði ríkisstjórnir og einkaaðila, í Bretlandi og á meginlandinu. Florence er talskona fyrirtækisins, en stofnandi þess er faðir hennar, Gavin. Hann hefur verið í þessum geira í um 40 ár og skrifað fjórtán bækur um málefnið.

Florence hefur komið hingað til lands síðastliðin fimm ár og kennt samningatækni í meistaranámi í verkefnastjórnun við verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
MIKIÐ fyrir LÍTIÐ
Coca Cola
69
5 kg
pr. pk
1990
ÞVOTTAEFNI
•5 kg, Bio tex
1 ltr
pr. stk
199
TRIX UPPÞVOTTALÖGUR
•1 ltr
pr. stk
249
HANDSÁPA
•500 ml, fimm gerðir
999
SVARTIR RUSLAPOKAR
•30 stk
99
DR PEPPER
•0.5 ltr
49.990
DÖMUREIÐHJÓL - CLASSIC
•Álgrind
•3ja gíra, Shimano gírar
10.990
SÓLSTÓLL - BADEN BADEN
• Til í bláu og gráu
pr. stk
1290
GRÓÐURMOLD
•50 ltr
FRÁ 549
YFIRBREIÐSLA
• 1,7x2 m, kr 549
• 2x3 m, kr 1199
• 2,5x3,6 m, kr 1599
• 4x6 m, kr 3290
• 6x10 m, kr 6999
1790
FÆGISKÓFLA
• Með löngu skafti
pr. par
4590
GÖTUSKÓR
•St 42-46
3990
BLÓMAKASSI
•Smíðajárn
•100 cm
1490
GARÐSLANGA
•20 m
3999
BARNASKÓR
•St 28-35
www.europris.is
Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

**FRÉTTASKÝRING:** Nýtt fjölmiðlafrumvarp menntamálaráðherra

# Fjölmiðlalög aftur komin fyrir Alþingi

**Markmiðið með frumvarpi að nýjum fjölmiðlalögum er að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga og fjölbreytni í fjölmiðlum. Fjölmargir gera athugasemdir við efni frumvarpsins, bæði vegna þess sem þar stendur og vegna þess sem ekki er minnst á í þessu yfirgripsmikla frumvarpi.**

Frumvarp mennta- og menningamálaráðherra um fjölmiðla var lagt fyrir á Alþingi í byrjun mars. Umræður um frumvarpið hafa ekki orðið nálægt því jafn háværar og um fjölmiðlafrumvarp ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, sem forseti Íslands neitaði að samþykkja sumarið 2004. Þrátt fyrir að vera ekki jafn umdeilt og fyrra frumvarp eru ýmis atriði í nýja frumvarpinu sem orka tvímælis.

Forsvarsmenn Blaðamannafélags Íslands benda á að óljóst sé hvernig stjórnvöld ætli sér að ná markmiðum um fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði nema skoða rót vanda íslenskra fjölmiðla – fjárhagsvandann. Þannig ætti að ræða í fullri alvöru hvort stuðla eigi að vandaðri fjölmiðlun með styrkjum eða skattaívilnunum, eins og tíðkast í nágrannalöndunum.

### Aukið eftirlit með fjölmiðlum

Samkvæmt frumvarpinu verður komið á fót nýrri ríkisstofnun, Fjölmiðlastofu, sem heyra mun undir menntamálaráðherra. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hún taki til starfa á síðari hluta árs 2010.

Fjölmiðlastofa mun annast eftirlit með fjölmiðlum, og er ætlað að safna ýmis konar upplýsingum um fjölmiðla sem starfa hér á landi. Yfir Fjölmiðlastofu verður þriggja manna stjórn, og munu Hæstiréttur, samstarfsnefnd háskólastigsins og menntamálaráðherra skipa einn fulltrúa hver. Stjórnin ræður svo forstöðumann stofnunarinnar, sem hefur daglegan rekstur með höndum.

Hlutverk Fjölmiðlastofu er að efla fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum. Hún á einnig að standa vörð um tjáningarfrelsi og frelsi til upplýsinga. Meðal verkefna stofnunarinnar verður að fylgjast með að fjölmiðlar fari að fyrirmælum fjölmiðlalaga, og beita þá ella viðurlögum. Viðurlögin geta til dæmis verið stjórnvaldssektir og dagsektir. Hún á einnig að fylgjast með stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði og safna upplýsingum um hann, og hafa samskipti við sambærilegar stofnanir í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Fjölmiðlastofa á einnig að hafa eftirlit með veitingu leyfa til sjónvarps- og útvarpsútsendinga, og halda utan um skráningu á öðrum fjölmiðlum. Þá á stofnunin að hafa eftirlit með framsetningu auglýsinga í fjölmiðlum.

### Fjölmiðlastofa kostar 40 milljónir

Kostnaður við Fjölmiðlastofuna er aðeins lauslega áætlaður í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Þar kemur fram að kostnaður við stofnunina gæti numið um 40 milljónum króna á ári, auk 3,5 milljóna króna stofnkostnaðar. Sá kostnaður gerir ráð fyrir að á Fjölmiðlastofu starfi forstöðumaður, tveir sérfræðingar og aðstoðarmanneskja.

Þó kostnaður við Fjölmiðlastofu sé áætlaður 40 milljónir króna á ári er kostnaðaraukning ríkisins þó ekki áætluð nema 28 milljónir króna á ári. Helgast það af því að Fjölmiðlastofa mun taka við verkefnum frá menntamálaráðuneytinu og útvarpsréttarnefnd. Þá er í skoðun að samnýta aðstöðu með annarri ríkisstofnun til að lágmarka kostnað við þessa nýju ríkisstofnun.

Friðrik Friðriksson hagfræðingur gerir athugasemd við útreikninga fjárlagaskrifstofu í umsögn um frumvarpið. Þar bendir hann á að slíkar áætlanir hafi einnig verið gerðar fyrir aðrar ríkisstofnanir, en ekki staðist þegar stofnanirnar voru komnar á koppinn. Nauðsynlegt væri að gera viðskiptaáætlun fyrir nýjar stofnanir til að átta sig á endanlegum kostnaði.

Þannig hafi áætlun fjárlagaskrifstofu fyrir Jafnréttisstofu, sem sett var á fót árið 2008, hljóðað upp á 33 til 37 milljóna kostnaðarauka á ári. Á fjárlögum 2010 sé kostnaður við stofnunina ríflega 61 milljón króna. Þá hafi áætlun fyrir Neytendastofu, sem sett var á fót árið 2005, hljóðað upp á 58 milljónir og 7 til 8 starfsmenn í upphafi. Í dag kosti það ríkið ríflega 140 milljónir að reka stofnunina, og starfsmenn séu fleiri en 20.

### Efast um þörf fyrir nýja stofnun

Stofnun sérstakrar Fjölmiðlastofu er umdeild meðal blaðamanna. Í umsögn Blaðamannafélags Íslands um frumvarp menntamálaráðherra koma fram efasemdir um þörfina á slíkri stofnun. Varpað er fram þeirri spurningu hvort ekki sé skynsamlegra að setja frekar fé í sjóð eða átaksverkefni til að tryggja framboð á vönduðu ritstjórnarefni.

Gerðar hafa verið athugasemdir við að Fjölmiðlastofa heyri undir menntamálaráðherra, í stað þess að vera algerlega sjálfstæð stofnun. Slík gagnrýni hefur komið fram hjá fjölmiðlafólki, en einnig í umsögn Viðskiptaráðs um frumvarpið. Þar er lagt til að Fjölmiðlastofa heyri undir Alþingi en ekki ráðherra, til að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar.




**SAMKEPPNI** Ekki er tekið á alvarlegum athugasemdum um samkeppnisstöðu einkarekinna sjónvarpsstöðva gagnvart Ríkissjónvarpinu í fjölmiðlafrumvarpinu. Fréttablaðið/Vilhelm

Í athugasemdum með frumvarpinu er fjallað um þetta álitamál. Þar kemur fram að með því að svipta ráðherra stjórnunar- og eftirlitsheimildum yfir stofnun sé um leið aflétt ráðherraábyrgð. Þannig verði staðan sú að enginn beri ábyrgð gagnvart Alþingi, og því hafi verið talið að ekki ætti að koma upp slíkum sjálfstæðum stofnunum nema í undantekningartilvikum, þegar kostir slíkrar skipunar þyki vega upp ókostina.

### Hvergi minnst á samkeppnisstöðu

Í fjölmiðlafrumvarpi menntamálaráðherra er hvergi vikið að samkeppnisstöðu fjölmiðla sem keppa við Ríkisútvarpið. Við þetta gera bæði samkeppnisaðilarnir og Samkeppniseftirlitið alvarlegar athugasemdir í umsögnum við frumvarpið.

Samkeppniseftirlitið vísar í álit eftirlitsins um stöðu Ríkisútvarpsins á fjölmiðlamarkaði. Þar var vakin athygli á þeirri samkeppnislegri mismunun sem leiðir af því að Ríkisútvarpið fær hvort tveggja áskriftargjöld og auglýsingatekjur.

Samkeppniseftirlitið bendir á að erfiða stöðu keppinauta Ríkisútvarpsins megi ekki eingöngu rekja til samdráttar á auglýsingamarkaði vegna efnahagsástandsins, heldur ekki síst þeirra ósanngjörnu samkeppnisaðstæðna sem ríki á fjölmiðlamarkaði vegna Ríkisútvarpsins.

Samkeppniseftirlitið ítrekaði í umsögn sinni að æskilegt sé að Ríkisútvarpið hyrfi af auglýsingamarkaði, svo hægt væri að ná fullum samkeppnislegum jöfnuði. Sé það ekki talið mögulegt sé mikilvægt að verulega verði dregið úr umsvifum Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði.

Samtök atvinnulífsins taka í umsögn sinni undir með Samkeppniseftirlitinu, og benda á að menntamálaráðuneytið hafi nær algerlega litið framhjá áliti eftirlitsins um stöðu Ríkisútvarpsins. Því sé nauðsynlegt að endurskoða frumvarpið með það í huga. Viðskiptaráð tekur undir með Samkeppniseftirlitinu og vill banna Ríkisútvarpinu að afla sér fjár með auglýsingum.

Sé ríkisvaldinu alvara með fögrum orðum um að vilja stuðla að fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði væri augljós leið til þess að hefta verulega umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði eða banna Ríkisútvarpinu að birta auglýsingar, segir í umsögn Skjásins um frumvarpið. Þar er harmað að í frumvarpinu sé Ríkisútvarpinu ekki meinað á nokkurn hátt að keppa af öllu afli við aðra fjölmiðla á auglýsingamarkaði, þrátt fyrir að vitað sé að það skekki verulega samkeppnisstöðu frjálsra fjölmiðla.

Þetta er einmitt talinn stærsti gallinn á frumvarpinu í umsögn fjölmiðlafyrirtækisins 365. Þar segir ennfremur að vonir standi til þess að með tilkomu Fjölmiðlastofu verði loks tekið á brotum Ríkisútvarpsins á reglum, sem viðgengist hafi án viðurlaga hingað til.

Nánar verður fjallað um fjölmiðlafrumvarpið í Fréttablaðinu á næstunni.



**BRJÁNN JÓNASSON**
brjann@frettabladid.is




## Vernd heimildarmanna og ritstjórnarlegt sjálfstæði lögfest

Í frumvarpinu eru ýmis ákvæði tengd starfsemi fjölmiðla, þar á meðal um vernd heimildarmanna, ritstjórnarlegt sjálfstæði og ábyrgð á meiðandi ummælum. Þannig eiga allir fjölmiðlar að setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni, og hafa samráð við starfsmenn og eftir atvikum starfsmannafélög þegar þær reglur eru samdar.

Í reglunum á meðal annars að fjalla um starfsskilyrði á ritstjórn, og starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði gagnvart eigendum. Þar á einnig að setja fram skilyrði áminningar og brottvikningar blaðamanna og annarra starfsmanna ritstjórna.

Þessi ákvæði í lögunum telur Blaðamannafélag Íslands allt of opin, fjölmiðlar fái of mikið sjálfdæmi í þessum málum. Undir það er tekið í umsögn Samtaka atvinnulífsins, þar sem kallað er eftir frekari skilgreiningum á því hvað eigi að felast í slíkum reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Í umsögn Blaðamannafélagsins er lögð áhersla á að Blaðamannafélagið, sem er fagfélag stéttarinnar, komi að því að semja reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Ákvæði um að starfsmannafélög komi að því að semja slíkar reglur sé óþarft, enda sé í slíkum starfsmannafélögum fjöldi fólks sem hafi ekkert með ritstjórnarefni að gera.

Í umsögn sinni bendir Blaðamannafélag Íslands einnig á að engin viðurlög séu við því að brjóta ákvæði um ritstjórnarlegt sjálfstæði, og því hafi það í raun engin áhrif þó að fjölmiðill brjóti gegn þeim.

Blaðamannafélagið fagnar því hins vegar að verði frumvarp menntamálaráðherra að lögum verði ákvæði um vernd heimildarmanna fest í lög. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að það verði beinlínis óheimilt fyrir starfsmenn fjölmiðla að upplýsa hver heimildarmaður að birtu eða óbirtu efni er, hafi viðkomandi óskað nafnleyndar. Bannið er raunar enn víðtækara. Það gildir einnig um þá sem vegna tengsla við fjölmiðilinn eða framleiðslu efnis hafa fengið upplýsingar um hver heimildarmaðurinn er.

Almennt er aðeins heimilt að aflétta banninu með samþykki heimildarmannsins. Þó getur dómari í sakamáli fyrirskipað vitni að upplýsa um heimildarmann séu ríkari hagsmunir af því að spurningunum verði svarað en af því að halda trúnað við heimildarmanninn. Það á einkum við þegar upplýsa þarf um alvarleg sakamál á borð við morð, manndráp, nauðgun, misnotkun barna eða landráð.



**FJÖLMIÐLAR** Samkvæmt fjölmiðlafrumvarpinu verður dómurum heimilt að þvinga fjölmiðlamenn til að greina frá nafni heimildarmanna, en aðeins sé það nauðsynlegt til að upplýsa alvarlegustu glæpi, svo sem morð, nauðgun, misnotkun barna eða landráð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verði fjölmiðlafrumvarpið að lögum verða loks samræmdar reglur um ábyrgð viðmælenda fjölmiðla á eigin ummælum. Í dag ber fólk ábyrgð á ærumeiðingum í eigin orðum séu þau látin falla í sjónvarpi eða útvarpi. Falli þau í viðtali við blað eða vefsíðu ber blaðamaðurinn eða ábyrgðarmaður fjölmiðilsins ábyrgð á þeim, jafnvel þótt hægt sé að sýna fram á að viðmælandinn hafi sannarlega sagt það sem eftir honum var haft.

Í nýjum lögum er þetta samræmt, svo það sama gildi um orð í blaðaviðtölum og sjónvarpsviðtölum. Eftir sem áður þarf þó að sanna að viðmælandinn hafi sagt það sem eftir honum er haft, til dæmis með hljóðupptöku af viðtali eða tölvupósti þar sem viðkomandi staðfestir að rétt sé eftir haft.

Í umsögn Blaðamannafélags Íslands er þessu ákvæði fagnað. Þar segir að þessar tilteknu breytingar séu raunar svo mikilvægar að réttast væri að lögfesta þær strax einar og sér í stað þess að bíða þess að frumvarpið allt verði að lögum.


GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
Verð 2.990,-
s. 32-44
2XXL MASKARI
- sem lengir augnhárin.
Verð 999,-
GLOSS
Verð frá
399,-
Verð 1.990,-
s. 37-41
SÓLGLERAUGU
1.990.-
Margar gerðir
HÁRLITIR
- á frábæru verði aðeins
499,-
KJÓLL
Verð 9.990,-
BOLIR
999.-
Margar gerðir
og litir.
SÆNG OG KODDASETT
Með polyester fyllingu
Verð 999,-
GEYMSLUKASSAR
15 L - 699,-
32 L - 999,-
40 L - 1.299,-
HERRAPEYSA
Verð 4.990,-
HOTPANTS
Verð 1.999,-
LEGGINGS
3.490.-
Made in Iceland.
LUBELLA MÚSLÍ 300 GR.
Verð 399,-
SKÓR
4.990.-
SAFAR 200ML
Verð 69,-
DÖMUBELTI
Verð 2.999,-
OPNUNARTÍMI:
MÁN-LAU. 10.00-18.00
SUN. 12.00-17.00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# LAMBAKJÖT: FERSKT EÐA FORKRYDDAÐ !


998
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI


2698
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBAFILLET



TILBÚIÐ Á GRILLIÐ
2918
KR.KG
SS GRAND ORAGNE LAMBAFILLET
*30% AFSLÁTTUR*
MERKT VERÐ 4168 KR.KG .
*EITT TONN Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI*


1398
KR.KG
K.S LAMBALÆRI Í SNEIÐUM


1598
KR.KG
K.S LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM



205
KR. FL
HUNTS BBQ SÓSA 612g



398
KR. FL
CAJ-P GRILLSÓSA


998
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBA-SIRLON

KRYDDIÐ SJÁLF
ÞAÐ ER ÓDÝRARA..



TILBÚIÐ Á GRILLIÐ
2398
KR.KG
KF KINDAFILLET KRYDDAÐ
. MERKT VERÐ 2998 KR.KG.
*20% AFSLÁTTUR*

# FERSKT GRÍSAKJÖT Á GÓÐU VERÐI


498
KR.KG
GV FERSKUR GRÍSABÓGUR



879
KR.KG
GV FERSKT GRÍSAGÚLLAS



879
KR.KG
GV FERSKUR GRÍSAHNAKKI



1498
KR.KG
GV FERSKAR GRÍSALUNDIR



879
KR.KG
GV FERSKT GRÍSASNITSEL



879
KR.KG
GV FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKUR KJÚKLINGUR Á GÓÐU VERÐI
598 KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1598 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
ÞARF AÐEINS AÐ HITA !
Gríms Plokkfiskur
398 KR. STK
GRÍMS PLOKKFISKUR 400G
30% AFSLÁTTUR
K.S FROSIN LAMBASVIÐ
MERKT VERÐ 298 KR. 209 kr.kg.
X-Large HAMBORGARA BRAUÐ
139 KR.PK
BÓNUS XL HAMBORGARABRAUÐ 4 STK
KJARNAFÆÐI
1359 KR.KG
KF FROSNIR UNGNAUTA-HAMBORGARAR 10 X 120G
Barilla SPAGHETTI n.5 1Kg
BARILLA SPAGHETTI 1 KG
Nautaveisla HAKK
898 KR.KG
N.V FERSKT HAKK
BÓNUS SAMLOKA + 33 CL. GOSDÓS 198 KR.
FERSKAR SAMLOKUR BÓNUS TÚNFISKSALAT
Egils APPELSÍN
TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ
PEPSI MAX
79 KR. 1/2 LTR.
PEPSI OG PEPSI MAX 500 ML
mix
179 KR. 2 LTR
EGILS MIX 2 LTR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

## Útgjöldin

> Verð á dömupeysu úr ullarblöndu í febrúar ár hvert




*Heimild: Hagstofa Íslands*

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR HAGFRÆÐINGUR

## *Hælaskórnir rykfalla inni í skáp*



„Góðu kaupin eru mörg og ekki síður góðar gjafir eins og blandarinn minn og IKEA Stockholm-sófaborðið mitt sem mér þykir afar vænt um og er innflutningsgjöf frá velflestum vinum mínum og nánustu ættingjum.

Af nýlegum kaupum var ég mjög ánægð með klakagormana sem ég keypti fyrir göngu upp á Fimmvörðuháls um daginn en þeir komu sér afar vel og hafa án vafa komið í veg fyrir slys á mér eða íþróttameiðsl," segir Ragnheiður Jónsdóttir hagfræðingur.

„Ég er ekki mjög eyðslusöm þegar kemur að fötum og velti yfirleitt vandlega fyrir mér hverjum innkaupum.

Ýmislegt hefur þó ekki staðist tímans tönn en ég hef verið dugleg að losa mig við sönnunargögnin. Það mætti kannski helst nefna pels sem ég keypti notaðan og ætlaði aðeins að lappa upp á og setja í nýtt fóður. Hann liggur núna í henglum niðri í geymslu og satt að segja hafa orðið nokkur svipuð mistök fyrir misskilda framkvæmdasemi.

Ég fæ líka stundum samviskubit yfir hinum ýmsu pörum af háhæluðum skóm sem ég hef sjaldnast not fyrir og standa og rykfalla inni í skáp."

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### NOTAR OLÍU Á STÁLIÐ

■ *Jóhanna Pálsdóttir, markaðsstjóri Íslenska dansflokksins, kanna að þrífa ryðfrítt stál.*



„Það getur verið erfitt að þrífa ryðfrítt stál. Galdurinn er að nota Johnson's Baby Oil, setja nokkra dropa í eldhúspappír og strjúka yfir og þá verður það alveg eins og þú hafir verið að fá það úr búðinni. Það þarf ekki að nota neina sápu, en það er hægt að byrja á því að strjúka yfir með vatni. Þetta er mjög hentugt því oft eru mörg tæki í eldhúsinu úr ryðfríu stáli, til dæmis kaffikönnur, katlar, brauðristar og ísskápar."

■ **Sérverslun fyrir fluguveiðimenn á Netinu**

## Veiðivörur í vefverslun



Veiðivöruverslunin Flugan.is hefur opnað á Netinu en hún er sérverslun fyrir fluguveiðimenn. Flugan mun sérhæfa sig í sölu á flugum fyrir íslenska veiðimenn en lögð verður áhersla á gott úrval af „velhnýttum, vönduðum og veiðnum flugum á góðu verði" eins og segir í fréttatilkynningu. Auk þess verður á boðstólum í búðinni úrval af búnaði tengdum veiði. Eigendur verslunarinnar eru Ólafur Vigfússon, María Anna Clausen og fjölskylda en þau reka einnig verslanirnar Veiðihornið í Síðumúla 8 og Sportbúðina Krókhálsi 5. Stærstur hluti úrvalsins er einnig fáanlegur í versluninni Veiðihorninu.

■ **Skilmálar uppfylltu ekki skilyrði laga um neytendalán**

## Neytendastofa bannar skilmála bílaláns

Neytendastofa hefur úrskurðað að skilmálar Avants við bílalán uppfylli ekki skilyrði laga. Lánið, sem er í íslenskum krónum, var með breytilegum vöxtum og kom fram í skilmálum að vextirnir væru tilgreindir í vaxtaskrá Avant. Samkvæmt lögum um neytendalán á að greina frá því í skilmálum með hvaða hætti og við hvaða aðstæður vextir geti breyst þegar lán bera breytilega vexti. Avant hélt því fram í málinu að heimilt væri að veita upplýsingarnar munnlega eftir að samningsgerð lauk og að beiðni lántaka. Neytendastofa féllst ekki á þau rök Avants.

■ **Börn gera útlitskröfur um mat**

## Krakkar vilja girnilega ávexti



Ef ávextir eru girnilegir og fallega fram bornir er auðveldara að fá börn til að borða meira af þeim. Þetta kom fram í athugunum blaðsins Appetite sem BBC segir frá. Epli, jarðarber og vínber voru borin á borð fyrir börn á aldrinum fjögurra til sjö ára í rannsókninni. Í ljós kom að þegar ávextirnir voru skornir niður og þræddir á spjót sem stungið var í vatnsmelónu þá þótti börnunum þeir afar girnilegir. Þegar ávöxtunum var skellt á hvítan disk var áhuginn hins vegar mun minni.



Ársfundur 27. maí

Stafir lífeyrissjóður boðar til ársfundar á Radisson Blu Hótel Sögu fimmtudaginn 27. maí 2010 kl. 17:00.

Á dagskrá eru venjuleg ársfundarstörf.
Einnig verða lagðar fram tillögur um breytingar á samþykktum lífeyrissjóðsins til umfjöllunar og afgreiðslu.
Þær eru birtar á heimasíðunni stafir.is.

Vakin er athygli á því að samþykktir Stafa kveða á um að tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast sjóðstjórn að minnsta kosti einni viku fyrir ársfund.

Sjóðfélagafundur 18. maí

Stafir lífeyrissjóður boðar jafnframt til sjóðfélagafundar þriðjudaginn 18. maí, kl. 20:00, að Stórhöfða 31 í Reykjavík.
Þar verður fjallað um stöðu og horfur í starfsemi sjóðsins og fjallað sérstaklega um tillögur um frekari skerðingu lífeyrisréttinda, sem lagðar verða fyrir ársfund 27. maí.

Stjórn Stafa lífeyrissjóðs

STAFIR LÍFEYRISSJÓÐUR

Stórhöfða 31 | 110 Reykjavík | Sími 569 3000 | www.stafir.is

úturdúr 06052010



**FARSÍMASPJALL** Ekki er alltaf augljóst hvaða fjarskiptafyrirtæki býður bestu kjörin. Innan tíðar verður birt á vef Póst- og fjarskiptastofnunar reiknivél sem leiða á fólki í ljós hvar helst hentar að vera í viðskiptum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fjarskiptafrumskógurinn grisjast von bráðar

**Á næstu vikum verður tekin í gagnið á vef Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) reiknivél þar sem fólk getur fundið þá áskriftarleið fjarskiptafyrirtækja sem best hentar hverjum og einum. Ótal leiðir eru í boði, hvort heldur sem um er að ræða farsíma, heimasíma, internet eða blöndu af öllu saman. Nú hefur enn bæst við farsímaflóruna með tilkomu símafélagsins Alterna.**

**Verðsamanburður á fyrirframgreiddri farsímaþjónustu***

| | Síminn Ring 990 | Vodafone Risafrelsi 990 | Tal Frelsi 3 vinir | Nova 3G frelsi | Alterna Frelsi |
|---|---|---|---|---|---|
| Lágmarksáfylling | 990 kr. | 990 kr. | 1.000 kr. | - | - |
| Upphafsgjald | 5,90 kr. | 5,90 kr. | 4,95 kr. | 5,50 kr. | 10 kr. |
| **Mínútuverð þegar hringt er í:** | | | | | |
| Farsíma hjá Símanum | 0 kr.** | 15,60 kr. | 15 kr. | 15,50 kr. | 10 kr. |
| Farsíma hjá Vodafone | 15,50 kr. | 15,60 kr. | 15 lkr. | 15,50 kr. | 10 kr. |
| Farsíma hjá Tal | 15,50 kr. | 15,60 kr. | 15 kr. | 15,50 kr. | 10 kr. |
| Farsíma hjá Nova | 15,50 kr. | 15,60 kr. | 25 kr. | 0 kr.** | 20 kr. |
| Farsíma hjá Alterna | 15,50 kr. | 15,60 kr. | 15 kr. | 15,50 kr. | 0 kr.** |
| Heimasíma (fastlína) | 15,50 kr. | 15,60 kr. | 15 kr. | 15,50 kr. | 10 kr. |
| **Virðisaukandi þjónusta / kostnaður per skilaboð:** | | | | | |
| SMS | 11 kr. | 11,30 lkr. | 10 kr. | 11 kr. | 0 kr.*** |
| MMS | 15 kr. | 15,7 kr. | 15 kr. | 11 kr. | - |

*Valin er ein þjónustuleið frá hverju félagi. Fleiri eru í boði hjá Símanum, Vodafone og Tali.
**Í Ring 990 leiðinni eru innifaldar 25 gjaldfrjálsar klukkustundir af tali innan Ring eða Frelsis Símans. Nova og Alterna bjóða gjaldfrjálsa16 tíma og 40 mínútur innan kerfis.
***Hámark 500 sms

HEIMILD: PÓST OG FJARSKIPTASTOFNUN, VERÐSAMANBURÐUR FRÁ 30. APRÍL 2010.

Á vef Póst- og fjarskiptastofnunar er að finna töflur þar sem teknar eru saman upplýsingar um verðlagningu fjarskiptaþjónustu fyrirtækja sem hér starfa á fjarskiptamarkaði. Fjarskiptafyrirtæki sem þar eru borin saman eru Síminn, Vodafone, Tal, Nova og Alterna.

Ekki er hins vegar hlaupið að því að átta sig á hvaða áskriftarleið eða þjónusta sé hagkvæmust fyrir viðskiptavini þessara fyrirtækja. Það ræðst meðal annars af því hversu mikla þjónustu viðskiptavinurinn vill kaupa. Þannig er óvíst að sama þjónusta henti einhleypri og barnlausri manneskju og fjölskyldu sem kaupir aðgang að interneti, heimasíma og farsímaáskrift handa öllu heimilisfólki.

Þjónustuleiðir fyrirtækjanna eru ólíkar og ekki alltaf samanburðarhæfar. Hér til hliðar getur að líta samantekt á hluta þeirra leiða sem í boði eru á markaði fyrirframgreiddra símakorta. Jafnvel þó svo að tíndar séu til leiðir þar sem áfyllingarkostnaður er svipaður (utan leiða Nova og Alterna) þá er samanburður erfiður. Hluti fyrirtækjanna býður gjaldfrjálsan taltíma innan símakerfis og Alterna býður 500 ókeypis SMS-skilaboð.

Þá þarf að taka tillit til þess hversu mikið kostar að hringja á milli símkerfa. Athygli vekur til dæmis þegar töflur PFS eru skoðaðar að Síminn, Tal og Alterna virðast leggja aukagjald á mínútuverð símtala í farsíma Nova úr eigin farsímakerfum. Gildir það bæði um fyrirframgreidd farsímakort og áskrift.

Um miðjan mars setti PFS nýjar reglur um verðsamanburð á fjarskiptaþjónustu. Reglurnar voru settar í tengslum við undirbúning stofnunarinnar að gerð reiknivélar fyrir neytendur um fjarskiptakostnað sem birt verður á vef stofnunarinnar. „Markmið reglnanna og Reiknivélar PFS er að auka gagnsæi í verðlagningu á fjarskiptaþjónustu með því að birta opinberlega og gera aðgengilega heildstæða samantekt á verðskrám starfandi fjarskiptafyrirtækja, draga fram mismunandi þætti í samsetningu verðs og gefa notendum sjálfum kost á því að gera með gagnvirkum hætti marktækan samanburð á verði með tilliti til eigin notkunar," segir á vef stofnunarinnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er vinna við gerð reiknivélarinnar nú á lokastigi, en rík áhersla sé lögð á að virkni hennar verði óaðfinnanleg þegar henni verður hleypt í loftið.

Til stendur að hægt verði að velja ákveðnar forsendur, svo sem um fjarskiptanotkun heimilis, og reiknivélin sýni þá samanburðarhæfa kosti þannig að hægt verði með góðu móti að velja hagkvæmustu þjónustuna eða áskriftarleiðina. Þá eiga notendur einnig að geta sett inn sínar eigin forsendur.

Til stendur að kynna rækilega tilkomu reiknivélarinnar, en hennar mun að vænta „á næstu vikum".

olikr@frettabladid.is


Vor í Múrbúðinni
Hanskar í garðvinnuna
325kr.
Garðskófla Tia
295kr.
Garðklóra Tia
245kr.
Skjól/skilrúm í beðin 9m x 150 mm
1.295kr.
Slönguhengi - plast
445kr.
Slönguhengi galvaniserað
995kr.
Dicht-Fix
Dicht-Fix þéttiefni. 750ml
1.790kr.
ODEN
Besta þekjandi viðarvörn í Skandinavíu samkvæmt prófun Folksham í Svíþjóð.
Sjá www.murbudin.is
ODEN þekjandi viðarvörn. 1 líter
1.495 kr.
ODEN
ODEN EÐAL OLÍA á palla.
Hágæða Silikonalkyd efni. 3 lítrar
4.290kr.
PRETUL
Úðadæla 5L
2.295kr.
Þvottakústur fyrir glugga og bíla með framl. skafti 150-240 sm
2.495kr.
Hekkklippur
1.595kr.
Trjáklippur stórar
1.495kr.
Trjáklippur litlar
595kr.
KALKKORN
Kalkkorn 5 kg
645kr.
BLÁKORN
Blákorn 5 kg
1.225kr.
Hjólbörur 90L
4.490kr.
MÚRBÚÐIN
Laufhrífa úr málmi
1.295kr.
Hrífa
1.295kr.
Strákústur
995kr.
Sorppokar 25 stk 70x100
1.125kr.
Skófla - bein eða kúpt
1.295kr. st.
Jarðvegsdúkur 10x1,2 m
1.095kr.
PRETUL
15 m
Garðslanga 15 m með úðabyssu
1.190 kr.
Reykjavík Kletthálls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Suðurnes Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Akureyri Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Átakið Hjólað í vinnuna minnir á að í sveitarstjórnarkosningum er kosið um samgöngumál.

## Á fáki fráum í bílaborginni

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Þeim fer góðu heilli stöðugt fjölgandi sem nota reiðhjól til að komast leiðar sinnar á höfuðborgarsvæðinu og víðar í þéttbýli.

Lengi vel var litið svo á að veður og mishæðir gerðu að verkum að á Íslandi hentuðu hjól ekki til að komast á milli staða. Það viðhorf er breytt og nú er ekki lengur litið á reiðhjól sem leikföng, fyrst og fremst fyrir börn, heldur eru þau að festast í sessi sem fullgild farartæki.

Árlegt átak Hjólað í vinnuna hefur verið mörgum hvatning til að nota reiðhjól og þótt þorri fólks leggi kannski reiðhjólinu fljótlega eftir að átakinu lýkur þá skilar það alltaf einhverri fjölgun í hópi hjólandi borgara.

Vel fer á því að átakið hjólað í vinnuna skuli standa yfir á lokasprettinum fyrir hinar allt of gleymdu sveitarstjórnarkosningar sem fram fara eftir aðeins rúmar þrjár vikur. Það minnir á að í borg og þéttbýli eru samgöngur meðal brýnna mála sem kosið er um.

Undanfarin ár hefur bílaeign borgarbúa aukist og mikið hefur verið lagt í að greiða umferð einkabíla um borgina. Á sama tíma hefur dregið úr ferðum strætisvagna auk þess sem umferðarmannvirki sem fyrst og fremst miðast við bíla eru oft heldur óaðgengileg og óaðlaðandi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Þessari þróun verður að snúa við og er áætlun borgarinnar um hjólaborgina Reykjavík viðleitni til þess. Sú áætlun snýr fyrst og fremst að því að byggja upp gott hjólastíganet sem vissulega er ein af forsendum þess að reiðhjólið sé aðlaðandi valkostur í amstri hvunndagsins.

Fleira þarf þó að koma til. Daglegt amstur fólks er flóknara en svo að koma sér að morgni frá heimili að vinnustað og svo aftur til baka að kvöldi. Börn þurfa að komast í leikskóla og skóla og svo þarf að draga björg í bú.

Til þess að borg sé aðlaðandi hjólaborg þarf að vera greið og góð hjólaleið að skólum og best væri auðvitað að um leið drægi úr umferð bíla þar því þeir auka jú hættuna fyrir reiðhjólafólkið, ekki síst börnin.

Sú þróun að matvöruverslanir eru nú færri og stærri en áður er ekki heldur reiðhjólahvetjandi. Það er ekkert staklega aðgengilegt fyrir hjólafólk að þurfa að taka stóran krók til að versla og hjóla svo langa vegalengd með kvöldmatinn og mjólkina. Þannig eru verslanir í íbúðahverfum að vissu leyti bæði samgöngu- og umhverfismál sem mikilvægt er að sveitarstjórnarfulltrúar hafi sýn á.

Það skiptir borgarbúa miklu máli að draga úr notkun einkabíla. Það er brýnt umhverfismál vegna mengunar af útblæstri og vegna svifryks.

Hjólreiðar eru þannig ekki holl og góð hreyfing sem gaman er að stunda í átaki nokkrar vikur á ári. Þær eru ein þeirra leiða sem við eigum til að gera umhverfi okkar bæði hreinna og meira aðlaðandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vitleysingar

Pétur Blöndal, Sjálfstæðisflokki, kemst oft skemmtilega að orði. Á fundi með samflokksmönnum í Valhöll á dögunum fór hann yfir áhrif hrunsins á lífeyrissjóðina og spurði hver bæri ábyrgð. Eins og við mátti búast telur hann ábyrgðina liggja víða, til dæmis hjá matsfyrirtækjum, eftirlitsaðilum, Alþingi og stjórnum og aðildarsamtökum lífeyrissjóðanna. Einn hópur í upptalningu Péturs er þá ótalinn, nefnilega bankamennirnir sem stóðu að stóru lánveitingunum. Eða „vitleysingarnir sem lánuðu vitleysingunum" eins og hann kallar þá.



### Tortrygginn

Í glundroðanum sem ríkir á Íslandi í kjölfar bankahrunsins er allt tortryggt, með réttu eða röngu. Því hefur Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins á Akureyri, mátt kynnast. Eignatilfærsla hennar og eiginmanns hennar vakti sjálfsagða athygli og viðbrögð hennar í Sjónvarpinu, þar sem hún þurfti eðlilega að svara fyrir málið, voru út úr öllu korti.

### Skotið fyrst og spurt svo

Svo virðist sem fjármál þeirra hjóna og hagsmunir þeim tengdir eigi eftir að vefjast fyrir Sigrúnu í kosningabaráttunni. Í það minnsta gekk Baldvin Sigurðsson, bæjarfulltrúi VG, á lagið í gær og sagði á Pressunni að ekki hefði legið fyrir hvort Sigrún hefði verið vanhæf við afgreiðslu tiltekins máls í bæjarstjórninni fyrir nokkrum árum vegna hagsmuna eiginmannsins. Þetta þurfti Sigrún að sverja af sér í nokkuð löngu máli á Pressunni síðar í gær og verður ekki annað séð af tímasetningu atburðarásarinnar en að Baldvin hafi vaðið í villu og svíma. Hefði hann sýnt öllu meira drenglyndi ef hann hefði sjálfur reynt að finna vangaveltum sínum um vanhæfi – og þar með spillingu – stoð áður en hann hleypti af.



bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Unga Reykjavík

Borgarmál



Oddný Sturludóttir
borgarfulltrúi



Björk Vilhelmsdóttir
borgarfulltrúi

Stjórnmálin í Reykjavík snúast að stærstum hluta um börn. Velferð smáfólks, metnaðarfullt starf í leik- og grunnskólum og jafnt aðgengi að frístundum eru hjartans mál jafnaðarmanna. Samfylkingin líður ekki stéttskiptingu, mismunun og fátækt á sinni vakt. Við treystum okkur til að hagræða í skólakerfinu án þess að það bitni á fagmennsku og gæðum. „Unga Reykjavík" er barnastefna Samfylkingarinnar. Þar koma fram áherslur okkar varðandi menntun, frístundir og velferð barna. Því miður er stéttskipting í Reykjavík þegar kemur að þátttöku barna í frístundastarfi. Þessu er hægt að breyta með því að auka samstarf listafólks, menningarstofnana og skóla. Við viljum að skólar stefni að „menningarfánamarkmiði", svipuðu Grænfánamarkmiði í umhverfismennt. Þannig komist öll börn í tæri við undur sköpunarkrafts lista og handíða. Við viljum líka taka upp viðræður við öll íþróttafélög, æskulýðssamtök og listaskóla og hugsa leiðir til að gera frístundir aðgengilegri og ódýrari.

Íslenskir strákar missa mun fyrr áhuga á námi en stúlkur. Reykvískir skóla ættu að leiða þjóðarátak um betri námsárangur stráka, meiri áherslu á siðfræði, heimspeki, tjáningu og samvinnu í námi barna í skólum og í frístundastarfi. Við viljum stíga stærri skref til samþættingar frístunda- og skólastarfs og nýta tækifærin sem felast í stækkandi faghópi frístundafræðinga og hvað þeir geta lagt gott til fjölbreytilegri skóladags. En okkur er líka umhugað um starfsþróun og leggjum því til að skólastjórar og kennarar í Reykjavík hafi skipti á vinnustöðum í símenntunarskyni. Einnig viljum við að skólastjórar verði ráðnir til nokkurra ára í senn, til að tryggja miðlun þekkingar milli skóla.

Mikilvægast af öllu er þó að hafa börnin ávallt í brennidepli, ekki þær mörgu stofnanir sem koma að velferð þeirra. Við viljum stokka upp sérfræðiþjónustu skóla í samstarfi við ríkið, ryðja í burtu múrum milli stofnana og auka skólaráðgjöf inn í skólastofuna. Af því hlýst bæði hagræðing og betri þjónusta við börn og fjölskyldur. „Unga Reykjavík" geymir á fjórða tug áherslna um menntun og velferð barna og unglinga. Áherslur um virkni ungmenna, læsi, samstarf við framhaldsskólann og margt fleira. Það er með stolti sem við kynnum „Ungu Reykjavík", barnastefnu Samfylkingarinnar. Við viljum bjartari framtíð fyrir öll börn í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Pólska leiðin



Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor

Hinn 11. febrúar í ár lagði ég hér í blaðinu einu sinni sem oftar út af eftirminnilegum ummælum Bjarna Benediktssonar, síðar forsætisráðherra, frá 1934 um svik samábyrgðarinnar. Ég lýsti í því viðfangi nýrri löggjöf um skerðingu sjálftekinna hlunninda í Póllandi. Lýsingin hljóðaði svo:

**Makleg málagjöld**
„Í Póllandi var Wojciech Jaruzelski hershöfðingi, síðasti kommúnistaleiðtoginn, dreginn fyrir dóm eftir dúk og disk. Réttarhaldið stendur enn. Hann ver sig með því, að hann hefði neyðzt til að taka völdin í sínar hendur, því að ella hefði Rauði herinn ráðizt inn í landið. Pólverjar hafa verið á báðum áttum, en nú fjölgar þeim, sem telja nauðsynlegt að svipta hulunni af fortíðinni og refsa þeim, sem brutu af sér. Þetta fólk segir: við þurftum fyrsta kastið að verja öllum okkar kröftum til að reisa Pólland við, en nú er því verki lokið, landið er komið inn í ESB, svo að nú getum við snúið okkur að uppgjörinu, sem við slógum á frest. Nýlega ákvað pólska þingið að skerða eftirlaun Jaruzelskis og 40.000 annarra karla og kvenna, sem unnu fyrir pólsku leyniþjónustuna. Hví ekki? Hví skyldi þetta fólk fá að halda sjálfteknum eftirlaunum fyrir að leggja líf almennings í rúst?“

**Afbrot og sjálftaka**
Tvennt vakti aðallega fyrir löggjafanum í Varsjá. Í fyrsta lagi höfðu leyniþjónustumennirnir, sem nýju lögin ná til, ljóslega brotið af sér, enda þótt deila megi um, hvort sum brotin hafi varðað við lög eða ekki. Í annan stað hafði þetta fólk skammtað sjálfu sér með atbeina Kommúnistaflokksins eftirlaun og önnur hlunnindi, sem voru að meðaltali þreföld á við eftirlaun venjulegs fólks. Þessi blanda brotlegrar háttsemi og sjálftöku reið baggamuninn við lagasetninguna. Nærri má geta, hvort gamlir kommúnistar og aðrir börðust ekki gegn löggjöfinni með kjafti og klóm. Langar ræður úr munni gamalla kommúnista um friðhelgi eignarréttarins og óriftanlega samninga hafa sennilega haft holan hljóm í eyrum flestra Pólverja. Sagt er, að einhverjir þeirra, sem lögin ná til, ætli að reyna að fá þeim hnekkt fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Tíminn mun leiða í ljós, hvernig hugsanlegri áfrýjun þangað reiðir af.

**Lögbrot og önnur brot**
Þessi nýja löggjöf Pólverja á nú brýnt erindi við Íslendinga. Hér eins og í Póllandi þarf þjóðin að gera upp við sig, hvernig hún tekur á vanrækslu stjórnmálamanna og embættismanna í aðdraganda bankahrunsins. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis tekur af tvímæli um lögbrot bankanna og um samábyrgð bankanna og stjórnvalda og nafngreinir þrjá fyrrum ráðherra og fjóra embættismenn, sem sýndu vanrækslu. Líkur benda til, að Alþingi telji nauðsynlegt að kveðja saman Landsdóm til að skera úr um, hvort ráðherrarnir hafi brotið lög um ráðherraábyrgð. Sérstakur saksóknari eða ríkissaksóknari mun væntanlega með líku lagi ákæra embættismennina. Lögin eru þó ekki einhlít viðmiðun. Alþingi getur að auki ákveðið viðeigandi viðbrögð við vanrækslu sjömenninganna með því að leita leiða til að afnema eftirlaun þeirra og önnur sjálftekin hlunnindi eða skerða þau svo, að þau miðist við lægstu eftirlaun, sem tíðkast meðal ríkisstarfsmanna.

Þess vegna hef ég lagt það til í sjónvarpi og útvarpi, og ítreka tillöguna nú hér á prenti, að ríkisstjórnin eða Alþingi óski eftir aðstoð pólskra stjórnvalda við að leiða sambærileg ákvæði í íslenzk lög. Höfundar pólsku laganna þekkja sviðið og kunna að girða fyrir mótbárur þeirra, sem munu reyna að standa í vegi fyrir lagasetningunni. Pólverjunum er í lófa lagið að leiðbeina höfundum um sams konar lagatexta handa Íslendingum. Slík lög myndu án efa mælast vel fyrir.

**Níu nöfn**
Sjálfsagt er að bæta tveim fyrrum ráðherrum í hóp sjömenninganna, þeim Halldóri Ásgrímssyni, fv. utanríkisráðherra, og Valgerði Sverrisdóttur, fv. viðskiptaráðherra. Þau stýrðu ásamt Davíð Oddssyni forsætisráðherra og Geir H. Haarde fjármálaráðherra einkavæðingu bankanna með ámælisverðum hætti eins og rannsóknarnefnd Alþingis lýsir í skýrslu sinni. Þetta fólk hefur með spilltri háttsemi bakað landinu óbætanlegan skaða og sýnir engin merki um iðrun. Hvers vegna skyldu þau af öllum mönnum fá að þiggja margföld sjálftekin eftirlaun og önnur hlunnindi úr vasa fólksins í landinu, sem líður nú sárlega fyrir afleiðingar gerða þeirra?

> Alþingi getur að auki ákveðið viðeigandi viðbrögð við vanrækslu sjömenninganna með því að leita leiða til að afnema eftirlaun þeirra og önnur sjálftekin hlunnindi eða skerða þau svo, að þau miðist til dæmis við lægstu eftirlaun, sem tíðkast meðal ríkisstarfsmanna.


# LAUSNIR FYRIR LÁNTAKENDUR

**ÞEKKTU RÉTT ÞINN**

**Lækkuð greiðslubyrði • Afskriftir lána**
**Réttarstaða lántakenda**



**Borgarafundur í Salnum í Kópavogi fimmtudaginn 6. maí kl.20:30-22:00**



• Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, fer yfir skuldastöðu heimila, fjallar um bætta réttarstöðu skuldara og bendir á lausnir sem henta mismunandi hópum (30 mín)
• Spurt og svarað (60 mín)

**Fundarstjóri er Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna**

**Heitt á könnunni - Allir velkomnir**

**Lausnir á skuldavanda heimilanna**
**Tíu borgarafundir í maí**

| | | |
|---|---|---|
| ✓ Þriðjudagur 4 maí | Ráin í Reykjanesbæ | 20:30-22:00 |
| | **Í kvöld:** | |
| **Fimmtudagur 6 maí** | **Salurinn í Kópavogi** | **20:30-22:00** |
| Mánudagur 10 Maí | Hótel Selfoss í Árborg | 20:30-22:00 |
| Þriðjudagur 11 maí | Hótel KEA á Akureyri | 20:30-22:00 |
| Laugardagur 15 maí | Edinborgarhúsið á Ísafirði | 12:30-14:00 |
| Mánudagur 17 maí | Tónberg á Akranesi | 20:30-22:00 |
| Þriðjudagur 18 maí | Safnaðarheimilið á Reyðarfirði | 20:30-22:00 |
| Miðvikudagur 19 maí | Safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju | 20:30-22:00 |
| Fimmtudagur 20 maí | Iðnó í Reykjavík | 20:30-22:00 |

Lögfræðingur og ráðgjafi frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna verða til viðtals á öllum borgarafundunum.

RÁÐGJAFARSTOFA UM FJÁRMÁL HEIMILANNA
FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



**HEIÐMÖRK**
dömu kápa
Verð: 26.000 kr.
Einnig fáanleg í svörtu



Vatnsheld og andar vel.
66 NORÐUR

**HEIÐMÖRK**
jakki
Verð jakki: 18.800 kr.
Verð buxur: 12.500 kr.



Léttur, vatnsheldur og andar vel.
66 NORÐUR

**RÁN**
léttur barnajakki 2-14 ára
Verð jakki: 7.800 kr.
Verð buxur: 5.000 kr.
Einnig fáanlegur í svörtu



Vindheldur með 5.000 mm vatnsheldni.
66 NORÐUR

# Um þörfina á nýrri þjóðhagsstofnun

Efnahagsmál

Friðrik Már Baldursson
prófessor í hagfræði



Eftir útkomu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (RNA) hefur verið rætt um að þörf sé á nýrri þjóðhagsstofnun; slíka stofnun hafi vantað til að leggja óháð mat á stöðu efnahagsmála í aðdraganda hruns bankanna. Robert Wade skrifar grein í Fréttablaðið 1. maí sl. til að undirstrika þörfina á slíkri stofnun.

Ég starfaði á Þjóðhagsstofnun við greiningu á íslenskum efnahagsmálum um 12 ára skeið, síðast sem forstjóri stofnunarinnar árin 1998-1999; það voru mistök að leggja stofnunina niður eins og gert var skömmu eftir að ég hætti þar störfum.

Sátt virðist ríkja um endurreisn Þjóðhagsstofnunar. Það vekur hins vegar athygli hvernig Wade rökstyður mál sitt: Að leiðandi stjórnmálamenn sem lásu skýrslur, m.a. eftir Richard Portes og undirritaðan þar sem niðurstaðan hafi verið sú „að fjármálakerfið á Íslandi væri í raun stöðugt“, hafi „varla vitað af“ svartsýnum skóla hagfræðinga „sem á sama tíma komst að gjörólíkri niðurstöðu“. Vísar Wade til draga að skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) sem dæmi um síðari skólann. Það er raunar furðulegt að bera það á borð að leiðandi stjórnmálamenn hafi ekki vitað af skýrslu AGS. Staðreyndin er hins vegar sú að þegar á heildina er litið var niðurstaðan eftir lestur skýrslu okkar Portes langt frá því að fjármálakerfið á Íslandi væri stöðugt og engan bölmóð var að finna í skýrslu AGS. Vegna þess hve einhliða mynd Wade dregur upp rek ég nokkur dæmi hér á eftir sem sýna „hina hliðina“ á hvorri skýrslu.

**Skýrsla okkar Richards Portes**

Í skýrslu okkar Richards Portes er vissulega að finna jákvæð ummæli um íslenska banka og þá þætti sem helst virtust vera styrkur íslenska fjármálakerfisins. Sú sýn var byggð á opinberum upplýsingum á þeim tíma, m.a. endurskoðuðum uppgjörum bankanna. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis hefur raunar leitt í ljós að eftirlitsaðilar höfðu ekki yfirsýn yfir það sem gerðist innan dyra í íslenskum bönkum og því vart við því að búast að við Richard Portes fengjum slíkan aðgang.

Í skýrslu okkar Portes er bent á fjölmörg atriði sem grófu undan fjármálalegum stöðugleika. Við fjölluðum ítarlega um ójafnvægi í íslenskum efnahagsmálum (sjá kafla 3). Við segjum „ástæður til að hafa áhyggjur af þjóðhagslegu ójafnvægi“ og bendum á að „viðskiptahallinn er mjög mikill“ og „hrein skuldastaða við útlönd er mjög neikvæð og [skuldirnar] fara vaxandi“; „verðbólga hefur verið fyrir ofan vikmörk“; „heimilin hafa í vaxandi mæli tekið lán í erlendri mynt … fylgjast þarf með þeirri áhættu sem þetta skapar“ (bls. 2-3).

Þvert á það sem Wade segir fjöllum við um getu Seðlabankans til að vera lánveitandi til þrautavara. Spurt er hvort bankarnir séu „of stórir til að hægt sé að bjarga þeim“. Bent er á að gjaldeyrisforðinn nægði aðeins fyrir u.þ.b. þriggja mánaða greiðslum bankanna af erlendum lánum; jafnframt að það að taka lán til stuðnings bönkunum „sem svarar skattekjum heils árs myndi reyna á lánstraust íslenska ríkisins“ (40). Við fjöllum einnig um mikil vaxtarmunarviðskipti (krónubréfin) og bendum á að þau skapi hættu á skyndilegu falli krónunnar og grafi undan stöðugleika fjármálamarkaða (45).

> Staðreyndin er hins vegar sú að þegar á heildina er litið var niðurstaðan eftir lestur skýrslu okkar Portes langt frá því að fjármálakerfið á Íslandi væri stöðugt og engan bölmóð var að finna í skýrslu AGS.

Þegar á heildina er litið gaf skýrsla okkar Portes íslenskum stjórnvöldum enga ástæðu til að sofa á verðinum. Setningin „framundan er gjaldeyriskreppa, skuldakreppa, eða hvort tveggja“ (43, 64) lýsir þeirri áhættu sem var í stöðunni. Hins vegar töldum við að hægt væri að ná jafnvægi með skynsamlegri efnahagsstefnu (64).

**„Svartsýnisskólinn“**

Wade segir að AGS hafi tilheyrt svartsýnisskóla sem hafi komist að gerólíkri niðurstöðu en við Portes. Þetta kemur á óvart því þó að skýrsla AGS frá ágúst 2007 fjalli um þjóðhagslegt ójafnvægi þá kemur þar fram (6-7) að „útlán virðast af miklum gæðum“ m.a. vegna þess að „flest fyrirtæki sem tekið hafa lán í erlendri mynt hafa náttúrulegar gengisvarnir“. AGS bendir á að dregið hafi verið úr víxltengslum í eignarhaldi fyrirtækja, gagnsæi aukið og „dregið úr áhættu vegna lána til tengdra aðila“; álagspróf FME „gefa til kynna að eigið fé banka sé nægjanlegt til að standast óhemju mikil lánsfjár- og markaðsáföll“. Varla er hægt að segja að það sé mikill svartsýnistónn í þessum orðum. Ef marka má Wade starfa byrjendur í hagfræði hjá AGS því engin umfjöllun er um lánveitanda til þrautavara í skýrslu þeirra. Þó skal tekið fram að við Portes höfðum aðeins aðgang að opinberri útgáfu skýrslunnar – ekki drögum þeim sem Wade vitnar til.

Robert Aliber hélt frægt erindi á Íslandi í maí 2008 – ekki síðla árs 2007 eins og Wade staðhæfir. Mikið hafði gengið á frá nóvember 2007 fram í maí 2008 eins og kemur glöggt fram í skýrslu RNA. Ég hélt til dæmis erindi í febrúar 2008 hjá þingflokki Sjálfstæðisflokksins og í mars 2008 fyrir flokksstjórn Samfylkingarinnar – hið síðara öllum opið – þar sem ég fjallaði um alvarlega stöðu vegna lausafjárkreppu bankanna; ég benti á vöntun á lánveitanda til þrautavara en lagði jafnframt áherslu á að slík lán ætti ekki að veita nema gegn traustum veðum; það væri Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins að tryggja gæði slíkra veða. Þessa umfjöllun byggði ég m.a. á skýrslu okkar Richards Portes, að teknu tilliti til þeirra atburða sem höfðu átt sér stað frá útkomu hennar.

**Lesið skýrslurnar**

Robert Wade tekur undir með öðrum sem hafa hvatt til endurreisnar Þjóðhagsstofnunar. Það er óþarfi að grípa til einhliða endursagnar á skýrslum hagfræðinga til að rökstyðja þá niðurstöðu. Ég hvet þá sem vilja mynda sér sjálfstæða skoðun til að lesa skýrslur þær sem vitnað er til hér og eru aðgengilegar á vefsvæðum útgefenda (www.imf.org og www.vi.is); sér í lagi bendi ég á kafla 3 í skýrslu okkar Portes. Jafnframt bendi ég á umfjöllun um Þjóðhagsstofnun og skýrslu okkar Portes í 8. hefti skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Að lokum er rétt að geta þess að greiðsla vegna minnar vinnu við skýrslu okkar Portes rann óskipt til vinnuveitanda míns, Háskólans í Reykjavík.

# Borgin brýtur jafnræðisreglu á fjölskyldum

Lóðamál

Arney Einarsdóttir
byggingarrétthafi í Úlfarsárdal.



Undirrituð skorar hér með á borgarstjóra og aðra kjörna fulltrúa í borginni að sýna sanngirni í verki gagnvart byggingarréttarhöfum útboðslóða í Úlfarsárdal með því að hlýta úrskurðum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í málum átta fjölskyldna frá því í febrúar.

Þessar átta fjölskyldur hafa nú í um eitt og hálft ár beðið eftir því að fá endurgreiddar lóðir sem þær óskuðu eftir að skila í lok árs 2008. Sveitarstjórnarráðuneytið fer með úrskurðarvald í sveitarstjórnarmálum og fékk það öll málin til meðferðar í mars 2009. Úrskurðað var í fyrsta málinu þann 11. febrúar sl., eða um það bil ári síðar. Í úrskurðum ráðuneytisins er fallist á kröfu allra átta byggingarréttarhafa um ógildingu á synjun borgarinnar á heimild til að skila byggingarrétti. Synjun borgarinnar á skilum er þar með ógild í ljósi ítrekaðra brota á jafnræðisreglu stjórnsýslulaga.

**Borgar sig ekki að borga borginni**

Úrskurðir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis sýna fram á skýlaust og ítrekað brot borgarinnar á jafnræðisreglu. Í fyrsta lagi er ekkert í útboðsskilmálum eða samningum sem gefur til kynna að lóðarskil séu ekki heimil í þeim tilvikum þar sem um útboð var að ræða. Því er ekki grundvöllur fyrir því að mismuna lóðarhöfum á grundvelli þess en ljóst er að fjöldi aðila sem fengu lóðir í úthlutunum á föstu verði hafa fengið lóðir endurgreiddar án málþófs. Að auki er brotið á jafnræðisreglunni með samþykkt kjörinna fulltrúa í borgarráði þann 14. maí 2009, þar sem byggingarréttarhöfum í vanskilum við borgina eru heimiluð skil á byggingarrétti, en fjölskyldurnar átta höfðu allar greitt byggingarréttinn að fullu en er hins vegar ekki heimilað að skila.

Með þessari ákvörðun sinni mismunar borgin byggingarréttarhöfum eftir því hver lánveitandi þeirra er, og eftir því hvort þeir séu í skilum eður ei við borgina. Samkvæmt úrskurðum ráðuneytisins er því ekki hægt að horfa fram hjá því „… að samþykkt borgarráðs frá 14. maí 2009 feli í sér brot gegn þeirri jafnræðisreglu sem stjórnvöldum ber að hafa í heiðri í störfum sínum“. En þrátt fyrir úrskurði hins æðra stjórnvalds ætlar Reykjavíkurborg að láta sem ekkert hafi í skorist og í raun að hunsa úrskurð sveitarstjórnarráðuneytisins.

Heimild ráðuneytisins samkvæmt 103. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 til að staðfesta eða fella úr gildi ákvarðanir sveitarfélaga er ótvíræð. Úrskurðir ráðuneytisins þýða þar með að felldar hafa verið úr gildi fyrri ákvarðanir borgarinnar um að synja byggingarréttarhöfum um lóðarskil og það er gert í ljósi ítrekaðra brota á jafnræðisreglu stjórnsýslulaga.

**Valdníðsla opinbers aðila**

Sú misbeiting á valdi sem birtist í synjun borgarinnar á rétti þessara fjölskyldna til að skila byggingarréttinum í fyrsta lagi, og í öðru lagi með því að virða ekki úrskurð sveitarstjórnarráðuneytisins, hefur nú þegar skapað þeim mikinn skaða. Hvoru tveggja er um að ræða fjárhagslegan skaða sem og ýmsan annan óáþreifanlegri skaða vegna óvissu og álags sem fylgir slíkri fjárhagslegri óvissu á samdráttar- og krepputímum sem þessum.

Undirrituð skorar því hér með á borgarstjóra, sem og aðra kjörna fulltrúa, að rétta af stöðu þessara byggingarréttarhafa og virða í verki jafnræðisreglu stjórnsýslulaga þannig að þeir verði jafnsettir öðrum byggingarréttarhöfum. Þar með fær borgin tækifæri til að hlífa þessum fjölskyldum, sem og borginni sjálfri (og öðrum borgarbúum), við frekari skaða og tilkostnaði vegna tímafrekra og kostnaðarsamra málaferla. Það er aðeins hægt að gera með endurgreiðslu byggingarréttar að fullu.

# Skipulag og atvinnuuppbygging

Skipulagsmál

Ragnar Sverrisson
kaupmaður



Þegar horft er til stöðu og þróunar atvinnulífsins á Akureyri blasir við talsvert atvinnuleysi um þessar mundir, sérstaklega í byggingariðnaðinum. Þar að auki er því spáð að næstu tíu árin bætist við á þriðja þúsund einstaklingar á vinnumarkaðinn. Því er ljóst að mikið átak þarf að gera til fjölga störfum í bænum. Við þessar aðstæður verður að treysta enn frekar þau myndarlegu fyrirtæki, stór og smá, sem fyrir eru og leita jafnframt á ný mið að nýjum tækifærum.

Eitt þeirra grundvallaratriða sem bæjaryfirvöld þurfa að uppfylla til að laða að þá sem hug hafa á að setja fé í nýja atvinnustarfsemi er að hafa ávallt tilbúið skipulag í einstökum hlutum bæjarins þannig að þeir fái greiðar upplýsingar um valkosti byggingasvæða og aðra aðstöðu sem þeim standa til boða. Allt hik í þeim efnum fælir frá, eins og við höfum því miður upplifað undanfarið; áhugasamir fá ekki lóðir undir ný fyrirtæki vegna þess að skipulag liggur ekki fyrir. Þess vegna er það villukenning að leggja eigi skipulagsmál bæjarins til hliðar og snúa sér þess í stað að atvinnumálunum. Vandað skipulag er einfaldlega forsenda þess að unnt sé að vekja áhuga fjárfesta og fyrirtækja til að byggja upp enn fleiri atvinnuskapandi fyrirtæki í öllum greinum og efla þau sem fyrir eru. Þess vegna blasir við að ganga verður frá miðbæjarskipulaginu, skipulagi á Oddeyrinni og í Glerárdal enda er það grundvöllur þess að byggingariðnaðurinn nái vopnum sínum aftur og ferðaþjónustan geti haldið áfram sókn sinni. Endalausar þrætur um einstaka útfærslur skipulags eru því aðeins til að tefja að framkvæmdir komist á eðlilegt skrið á nýjan leik og margir súpa seyðið af því.

**Tæknigreinar**

Þegar talið berst að því hvaða atvinnugreinar geta bætt við sig starfsfólki sem einhverju nemur á næstu árum koma ýmsar tæknigreinar mjög til álita. Starfsgreinar eins og málm- og véltækni, skipaiðnaður og raf- og rafeindatækni hafa haft næg verkefni undanfarið, bæði við viðhald og nýsmíði, og frekar skort starfsmenn en hitt. Mörg þessara fyrirtækja hafa þróað og selt vörur sínar, vélar, tæki o.fl. hér á landi og á alþjóða mörkuðum þar sem þær eru mjög eftirsóttar.

Tæknigreinar borga jafnan ágæt laun en gera á móti kröfur um góða verk- og tæknimenntun sem unnt er með samstilltu átaki að uppfylla í skóla- og iðnaðarbænum Akureyri. Því er eðlilegt að bæjaryfirvöld hafi frumkvæði að því að vinna markvisst með þessum fyrirtækjum í bænum, skólum (VMA/HA) og verkfræðistofum ásamt með ríkisvaldinu að því að skapa grundvöll fyrir enn frekari uppbyggingu tækniiðnaðar á Akureyri. Reynsla annarra þjóða sýnir að slíkt frumkvæði getur stuðlað að farsælli atvinnuþróun enda þótt framhaldið sé fyrst og fremst háð áhuga viðkomandi atvinnugreina og menntastofnana. En þarna eru miklir möguleikar og mikilvægt að nýta þá.

> Vandað skipulag er einfaldlega forsenda þess að unnt sé að vekja áhuga fjárfesta og fyrirtækja til að byggja upp enn fleiri atvinnuskapandi fyrirtæki í öllum greinum og efla þau sem fyrir eru.

**Ferðaþjónusta**

Talsvert hefur áunnist til eflingar ferðaþjónustu í bænum m.a. með góðu starfi Akureyrarstofu sem hefur kynnt bæinn á meginlandinu og komið ýmsu góðu til leiðar í skipulagi og aðstöðu fyrir ferðamenn. Áfram verður haldið á þessari braut enda hafa skapast ný og vænleg sóknarfæri með lengingu flugbrautarinnar sem tryggir beint flug frá meginlandinu og krókur til höfuðborgarsvæðisins óþarfur! Framundan er að vinna að stækkun flugstöðvarinnar þar sem aðstaða fyrir ferðamenn verði til fyrirmyndar án óþarfa tildurs.

Laða þarf að fjárfesta til að byggja upp og reka fyrsta flokks hótel í bænum enda stefnir að óbreyttu í að hótelskortur verði helsti flöskuháls við eflingu ferðaþjónustu á Akureyri. En eins og áður hefur komið fram verðum við að geta boðið álitlegar lóðir á góðum stöðum og mynda með því þann hvata fyrir áhugasama að byggja hótel, veitingastaði og aðra þjónustu og skapa með því miklar tekjur til framtíðar fyrir íbúa og bæjarfélagið. Allt ber að sama brunni: Skipulagsmál eru forsenda traustrar atvinnuuppbyggingar. Allt hik í frágangi skipulags einstakra hluta bæjarins tefur eðlilega atvinnuuppbyggingu og lífskjör verða verri en efni standa til. Það er hins vegar algjör óþarfi enda framtíð Akureyrar björt ef rétt er haldið á þeim mikilvæga málaflokki sem og öðrum viðfangsefnum sem snerta atvinnuþróun bæjarins.

# VORÚTSALA

## HEIMABÍÓKERFI MEÐ ALLT AÐ 44% AFSLÆTTI
JVC - PANASONIC - PHILIPS

## FRÁBÆR TILBOÐ Á SJÓNVÖRPUM
JVC - GRUNDIG - PANASONIC - PHILIPS - TOSHIBA - UNITED

**22" LCD SJÓNVARP**
FULLT VERÐ 114.990
TILBOÐ 89.990
GRUNDIG AFSL. 25.000

**32" LCD SJÓNVARP**
FULLT VERÐ 149.990
TILBOÐ 99.990
JVC AFSL. 50.000

**40" LCD SJÓNVARP**
FULLT VERÐ 199.990
TILBOÐ 149.990
TOSHIBA AFSL. 50.000

**10x50 SJÓNAUKI**
FULLT VERÐ 10.990
TILBOÐ 6.990
tasco AFSL. 36%

**IPOD HLJÓMTÆKI**
FULLT VERÐ 49.990
TILBOÐ 29.990
JBL Radial AFSL. 40%

**STAFRÆN TÖKUVÉL**
FULLT VERÐ 59.990
TILBOÐ 49.990
JVC AFSL. 17%

## MÖRG HUNDRUÐ VÖRUR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

HLJÓMTÆKI - SJÓNVÖRP
MYNDAVÉLAR - DVD SPILARAR

## FRÁBÆR TILBOÐ Á MP3 SPILURUM
GRUNDIG - PHILIPS INTENSO - SANDISK

SJÁ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

JVC PHILIPS Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox. JBL

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

# Upphefjum fegurð og tökum frí frá megrun

Megrunarlausi dagurinn

Ösp Árnadóttir
M.A. í hagnýtri félagssálfræði.



Við lifum í samfélagi sem er svo upptekið af holdafari að stúlkur allt niður í níu ára aldur fara í megrun og fjöldi íslenskra stúlkna er lagður inn á átröskunardeildir spítala á hverju ári. Ýmislegt í samfélagi okkar ýtir undir þessi alvarlegu vandamál. Rannsóknir sýna að konur sem skoða myndir af kvenlíkömum eins og þeir birtast í tískutímaritum og tónlistarmyndböndum upplifa gjarnan í kjölfarið óánægju með líkama sinn. Óánægja kvenna með eigin líkamsvöxt, sem er svo algeng að hún er dæmigerð í okkar samfélagi, er einn helsti áhættuþáttur átraskana.

Í umfjöllun fjölmiðla um konur sem hafa grennt sig er alla jafna gengið út frá því að hamingjuna sé að finna í mjórri kroppi. Hugmyndinni um að það sé slæmt að vera í þéttari kantinum en gott að vera grannur er þannig haldið að okkur úr öllum áttum, sem leiðir til óttablandinna viðhorfa gagnvart mat og þyngd og fordóma í garð feitra. Til að mynda hafa rannsóknir sýnt að margir telja þéttvaxna einstaklinga heimskari og með minni viljastyrk en léttara fólk.

Mikil þörf er því fyrir viðburði á borð við Megrunarlausa daginn (International No Diet Day) sem haldinn er í dag. Til dagsins var stofnað í Bretlandi árið 1992 í því augnamiði að berjast gegn megrun, átröskunum og fordómum í garð feitra og vekja athygli á skaðlegum áhrifum útlitsdýrkunar. Á þessum degi er fólk hvatt til að fagna margbreytilegum líkamsvexti og lýsa yfir opinberum frídegi frá hugsunum um megrun og líkamsvöxt. Einnig er fólk hvatt til að minnast fórnarlamba átraskana og hættulegra megrunaraðferða sem eru bein afleiðing ríkjandi samfélagsviðhorfa gagnvart holdafari. Einungis með því að breyta okkar eigin viðhorfum getum við breytt þeim viðmiðum sem tíðkast í samfélaginu. Með því að vera meðvituð um að fegurð og hreysti megi finna í ýmiss konar líkamsgerðum aukum við sjálfstraust okkar og kvennanna í kringum okkur og drögum úr fitufordómum okkar og annarra. Og með því að stunda heilbrigðar lífsvenjur, ánægjulegar og öfgalausar, erum við jákvæðar fyrirmyndir fyrir börn og viðkvæma einstaklinga.

Í ár munum við sem stöndum að Megrunarlausa deginum halda til í verslunarmiðstöðvum höfuðborgarsvæðisins og bjóða gestum og gangandi að stíga á hina stórskemmtilegu Vei! vigt, sem sýnir jákvæðar staðhæfingar í staðinn fyrir kílóatölur. Það er von okkar að með þessum hætti fáir þú, lesandi góður, loksins réttu skilaboðin frá umhverfinu, sem eru þau að þú ert frábær og heillandi sama hversu mikið þú vegur. Upphefjum fegurð og fjölbreytileika mismunandi líkamsvaxtar í dag (og alla aðra daga)!




# Aðilar vinnumarkaðarins munu verja lífeyrissjóðina

Staða lífeyrissjóðanna

Vilhjálmur Egilsson
framkvæmdastjóri
Samtaka atvinnulífsins



Uppbygging lífeyrissjóða er eitt af því sem best hefur tekist hjá Íslendingum undanfarna áratugi. Í sjóðunum eru nú samtals rúmlega 1.800 milljarðar króna og fáar þjóðir hafa byggt upp sambærilegan sparnað til þess að standa undir lífeyrisgreiðslum í framtíðinni. Einungis Holland og Sviss eru sambærileg við Ísland en þessi þrjú ríki eiga sparnað í lífeyrissjóðum sem nemur 120-130% af landsframleiðslu en önnur ríki standa þeim langt að baki. Umhugsunarvert er að bera saman stöðu Íslands og Grikklands. Grikkland engist í djúpri kreppu meðal annars vegna ákvarðana skammsýnna stjórnmálamanna sem lögleiddu lífeyriskerfi á kostnað skattgreiðenda sem engin leið er að standa undir. Grikkir eiga enga lífeyrissjóði.

### Ómálefnaleg gagnrýni

Lífeyrissjóðir á vegum aðila vinnumarkaðarins hafa að undanförnu sætt mikilli ágjöf. Sjóðir á vegum Samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar orðið fyrir ómálefnalegri gagnrýni eða beinlínis rógburði. Lífeyrissjóðirnir þurfa vissulega að þola gagnrýni og sæta aðhaldi. Gagnrýnin þarf hins vegar að vera málefnaleg og leiðbeinandi um hvert skuli stefnt.

### Skoða verður heildarstöðuna

Lífeyrissjóðirnir hafa tapað á fjárfestingum sínum í kjölfar bankahrunsins. Annað var nánast útilokað. Að mati Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) var ávöxtun lífeyrissjóða neikvæð um 23% árið 2008 í aðildarríkjum þess sem er svipað og gerðist á Íslandi. Á Írlandi var ávöxtun neikvæð um 40% og 33% í Bandaríkjunum. Oft gleymist að lífeyrissjóðirnir höfðu hagnast verulega á árunum á undan og þegar upp er staðið er staðan ekki svo afleit. Lífeyrissjóðirnir störfuðu á markaði eins og hverjir aðrir fjárfestar og voru þolendur hrunsins en ekki gerendur. Lífeyrissjóðirnir eiga það sameiginlegt með helstu fjármálafyrirtækjum heimsins að hafa tapað þúsundum milljarða króna á íslensku bönkunum sem á tímabili voru taldir meðal bestu fjárfestingarkosta.

### Mistök lífeyrissjóðanna

Mestu mistök lífeyrissjóðanna hafa líklega verið að efla ekki nægilega eignastýringardeildir sjóðanna. Meiri vinna við greiningu á einstökum fjárfestingarkostum hefði leitt til gagnrýnni ákvarðana, einkum varðandi fjárfestingar í skuldabréfum. Það er svo eftir öðru að þeir sem áður gagnrýndu sjóðina fyrir of háan rekstrarkostnað og kostnað við eignastýringu skuli nú vera fremstir í flokki þeirra sem gagnrýna sjóðina vegna tapaðra fjárfestinga.

### Ábyrg stjórnun

Samtök atvinnulífsins og verkalýðshreyfingin standa af fullri ábyrgð að stjórn lífeyrissjóða á þeirra vegum. Þess vegna víkja stjórnir sjóðanna sér ekki undan sársaukafullum skerðingum á réttindum þegar fjárfestingar sjóðanna ganga ekki vel. Fyrir sjóðina er ekki hægt að safna upp yfir 500 milljarða reikningi á skattgreiðendur framtíðarinnar eins og gerst hefur í sjóðum sem stjórnmálamenn okkar bera ábyrgð á. Ábyrgð stjórnmálamanna á lífeyrissjóðunum er ávísun á gríska ástandið.

Þá er heldur ekki lausn á núverandi vanda að taka upp svokallað sjóðfélagalýðræði. Nokkrir slíkir sjóðir starfa hér á landi og hafa ekki sýnt betri árangur í fjárfestingum, ekki ástundað betri stjórnarhætti og um þá hefur alls ekki ríkt friður. Þvert á móti. Ef almennu lífeyrissjóðirnir yrðu settir undir slíkt fyrirkomulag væri yfirvofandi hætta á því að litlir hópar, með þröngva sérhagsmuni að leiðarljósi, myndu yfirtaka sjóðina. Fljótlega yrði ríkið alls ráðandi í þróun lífeyrismála með fyrirsjáanlegu ábyrgðarleysi. Líklegasta þróunin yrði fráhvarf frá sjóðssöfnun í átt til gegnumstreymis með skelfilegum afleiðingum fyrir lífeyrisþega.

Iðgjöld til almennra lífeyrissjóða undir forystu aðila vinnumarkaðarins hafa verið hækkuð í kjarasamningum til þess að mæta hærri ævilíkum lífeyrisþega og fjölgun öryrkja. Svigrúmi til launahækkana í kjarasamningum hefur verið varið til þess að búa í haginn fyrir lífeyrisþega framtíðarinnar, bæði með auknum framlögum atvinnulífsins í sameign og séreign, og skattbyrði framtíðar kynslóða þannig verið stillt í hóf. Breytt hefur verið úr jafnri í aldurstengda réttindaávinnslu til þess að mæta breyttri aldurssamsetningu sjóðfélaga. Sjóðirnir hafa sett sér reglur um starfshætti og siðareglur.

### Áratuga farsæl uppbygging

Almenna lífeyrissjóðakerfið byggir á því að hægt sé að velja um til hvaða lífeyrissjóðs er greitt. Síðan er þar til viðbótar heimild til þess að gera kjarasamninga sem kveða á um greiðslu í tiltekinn lífeyrissjóð enda er almennt samningsfrelsi í landinu. Í gegnum tíðina hefur verið góð samstaða um það milli aðila almenna vinnumarkaðarins að gera þannig kjarasamninga enda hefur hinn ábyrgi hluti lífeyriskerfisins verið þróaður meira og minna á þeim forsendum á síðustu 40 árum. Fjölmargir einstaklingar velja svo að greiða til lífeyrissjóða á vegum aðila vinnumarkaðarins án þess að vera skyldugir til þess.

Óábyrgu tali um óheyrilegt sukk og óráðsíu, spillingu og annað slíkt innan lífeyrissjóða á ábyrgð aðila vinnumarkaðarins er vísað á bug. Ég leyfi mér að fullyrða að enginn þeirra sem nú situr í stjórn lífeyrissjóðs á vegum Samtaka atvinnulífsins hefur sem stjórnarmaður í lífeyrissjóði þegið boðsferðir eða gjafir frá viðskiptaaðilum sjóðanna.

> Oft gleymist að lífeyrissjóðirnir höfðu hagnast verulega á árunum á undan og þegar upp er staðið er staðan ekki svo afleit. Lífeyrissjóðirnir störfuðu á markaði eins og hverjir aðrir fjárfestar og voru þolendur hrunsins en ekki gerendur.

# Gamla kirkjan á Eskifirði

Afleiðingar góðærisins

Hilda G. Birgisdóttir
þýðandi



Þegar byrjað var að byggja stífluna við Kárahnjúka og síðar álverið á Reyðarfirði streymdi erlent og innlent vinnuafl austur á land. Á þeim tíma vantaði vissulega húsnæði fyrir allt þetta fólk og menn geystust fram á völlinn til að byggja ný hús og breyta gömlum.

Mörgum hnykkti við þegar sagt var frá því í fjölmiðlum að búið væri að afhelga gömlu kirkjuna á Eskifirði og hún væri til sölu á almennum markaði. Risið hafði nýtt glæsihýsi fyrir helgihald og menningarlíf á öðrum stað í þorpinu og ekki lengur þörf fyrir gamla guðshúsið.

Ýmsum mætum Eskfirðingum, öldnum sem ungum, brá og urðu þeir strax órólegir fyrir hönd gömlu kirkjunnar sinnar en ekkert varð til þess að koma í veg fyrir sölu hennar og var hún seld fyrirtæki sem hafði látið til sín taka í framkvæmdum fyrir austan um þessar mundir.

Þótt gamla kirkjan sé friðuð af Húsafriðunarnefnd ríkisins tókust nýju eigendurnir á hendur þá miklu ábyrgð sem fylgir því að eiga friðað hús, með þeim kvöðum og takmörkunum sem því fylgir, en ákváðu engu að síður að breyta því í íbúðir, væntanlega fyrir nýbúa vegna hins mikla uppgangs sem þá var á Austurlandi.

En allir vita hvað gerðist haustið 2008. Efnahagur þjóðarinnar hrundi, erlent vinnuafl hætti að streyma til landsins, offramboð varð á húsnæði fyrir austan sem og annars staðar, skortur varð á lánsfé og ekki lengur gróðavænlegt að standa í byggingaframkvæmdum. Og nú er gamla kirkjan á Eskifirði einnig að hruni komin. Í nokkur ár hefur hún staðið nánast opin og óvarin fyrir veðri og vindum. Byrjað var á því að fjarlægja allar innréttingar og innanstokksmuni og höggva sjálfar kirkjutröppurnar í spað. Og síðan hefur lítið gerst. Mikil er ábyrgð eigenda hennar og getur maður bara vonað að þeir skilji og skynji ábyrgð sína og forði þessu indæla, gamla húsi frá glötun, sem þeim auðvitað ber að gera.

Flestir eru sammála um að mikil menningarverðmæti séu fólgin í gömlum kirkjum víðs vegar um landið og mörg þorp og sveitarfélög eru svo lánsöm að margar af þessum byggingum hafa verið gerðar upp, öllum til yndis og ánægju. Þessi uppgerðu guðshús glitra eins og perlur í umhverfi sínu á meðan gamla kirkjan á Eskifirði stendur eins og veðraður, gamall skúr og bíður örlaga sinna. Hvers á hún að gjalda?

Nú á tímum kreppu og skipbrots lítillar þjóðar er mikilvægt að huga að raunverulegum verðmætum og gildum þessarar sömu þjóðar. Ég vona að eigendur kirkjunnar axli sína ábyrgð og komi í veg fyrir að kirkjan fari forgörðum. Eins furðar maður sig á því að sveitarfélagið og þjóðkirkjan sem og velunnarar kirkjunnar og áhugamenn um varðveislu gamalla húsa almennt skuli ekki láta málið til sín taka með einhverjum hætti. Ef siðferðislegar og lagalegar skyldur við andleg og menningarleg verðmæti þjóðarinnar duga ekki sem hvati má benda á að ferðamenn, sem eiga nú að bjarga fjárhag landsins, koma til að sjá gamlar, fallegar byggingar, ekki galtómar steinsteypublokkir og veðraða skúra. Það er því sama hvernig maður lítur á málið; gömlu kirkjunni á Eskifirði verður að bjarga.

FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR

# FARTÖLVUR

**NÝJAR VÉLAR • SÝNINGARVÉLAR • NOTAÐAR VÉLAR**

# RÝMINGARSALA

**VERÐ FRÁ 49.990**

acer TOSHIBA msi ASUS

## FARTÖLVUR
**TVÖ OFURDÆMI**




### Acer Extensa 5230E-901G16Mn
- 2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi
- 1GB DDR2 minni
- 160GB SATA diskur
- 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari
- 15.4" FHD WXGA breiðskjár
- Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort
- Þráðlaust 802.11bgn netkort
- Windows Vista Home Basic

**59.990**

FULLT VERÐ KR. 79.990




### Acer Aspire 7740G-334G50MN
- 2.13GHz Intel Core i3-330M Dual core örgjörvi
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- 17.3" WXGA CrystalBrite skjár með LED baklýsingu
- 512MB ATI Mobility Radeon HD 5470 DirectX 11 skjákort
- Þráðlaust netkort og vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**139.990**

FULLT VERÐ KR. 169.990

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

# Hefur norræna félagshyggjustjórnin brugðist?

Stjórnmál

Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur



Miklar vonir voru bundnar við fyrstu meirihlutastjórn jafnaðarmanna á lýðveldistímanum, þegar hún tók við völdum fyrir einu ári. Félagshyggjumenn töldu víst, að hún mundi hrinda í framkvæmd ýmsum mikilvægum umbótamálum enda þótt aðstæður væru erfiðar vegna bankahrunsins. Hefur ríkisstjórnin staðið undir þessum væntingum? Eða hefur „félagshyggjustjórnin“ brugðist? Þessum spurningum verður reynt að svara í þessari grein.

### Fátækt er talsverð á Íslandi

Stærsta verkefni jafnaðarmanna er að auka réttlæti og jöfnuð í þjóðfélaginu. Misskipting er mikil á Íslandi. Fátækt er talsverð og mun meiri en á hinum Norðurlöndunum. Biðraðir við hjálparstofnanir eftir matarpökkum vitna um fátæktina. Það er okkur til skammar, að fólk skuli þurfa að leita til hjálparstofnana eftir mat. En það er svo naumt skammtað hjá sveitarfélögum til þeirra sem þurfa að fá aðstoð félagsþjónustu, að það dugar ekki til framfærslu. Viðmiðið hjá félagsþjónustu Reykjavíkur er 125 þúsund á mánuði fyrir einstaklinga. Það lifir enginn af svo lágri upphæð.

Bætur atvinnuleysistrygginga eru einnig mjög lágar þó þær séu nokkru hærri en viðmið félagsþjónustunnar. Og lágmarkslaun verkafólks eru mjög lág, kr. 157 þús. á mánuði fyrir skatt. Það lifir enginn mannsæmandi lífi af þeim launum. Ríkisstjórnin hefur lítið gert til þess að laga þetta ástand. Að vísu voru vaxtabætur hækkaðar. Það hjálpar til. En fátækt í landinu hefur aukist að undanförnu.

### Skattastefnan jafnar tekjuskiptinguna

Skatta má nota til þess að jafna tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnir íhalds og framsóknar beittu sköttum þannig að þeir juku ójöfnuð í þjóðfélaginu. Skattar voru lækkaðir á þeim hæst launuðu en hækkaðir á láglaunafólki. Núverandi ríkisstjórn hefur tekið upp réttlátari stefnu í skattamálum. Skattar hafa verið lækkaðir á þeim lægst launuðu en hækkaðir á þeim sem hærri hafa launin. Með slíkri stefnu er stuðlað að jafnari tekjuskiptingu en áður og það er vel. Ég er ánægður með skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Þjóðin hefur skilning á því, að í heild þurfi að hækka skatta vegna bankahrunsins. Aðalatriðið er, að þeir séu lagðir réttlátlega á skattþega.

### Kjör aldraðra og öryrkja skert

Ég átti von á því að ríkisstjórnin mundi bæta kjör aldraðra og öryrkja. En stjórnin hefur farið í öfuga átt. Í stað þess að bæta kjör lífeyrisþega hefur hún skert þau, skorið þau niður. Það var gert 1. júlí sl., sama dag og kaup verkafólks hækkaði um 6.750 krónur á mánuði. Ég efast um að íhaldsstjórn hefði skert kjör aldraðra og öryrkja sama dag og laun verkafólks hækkuðu. Venjan hefur verið sú undanfarin ár, að lífeyrir aldraðra og öryrkja hefur aukist um leið og kaup launþega hefur hækkað. Svo varð ekki sl. ár. Kaup launþega hækkaði á ný 1. nóv. 2009 um sömu fjárhæð, 6.750 krónur á mánuði og enn sátu lífeyrisþegar eftir. Bætur lífeyrisþega eru skammarlega lágar. Hagstofan hefur birt könnun á meðaltalsútgjöldum fólks til neyslu. Samkvæmt könnun, sem birt var í desember 2009, nema meðaltalsútgjöld einstaklinga 297 þús. á mánuði án skatta, framreiknað samkvæmt neysluvísitölu til des. Landssamband eldri borgara telur, að miða eigi lífeyri aldraðra við þessa könnun Hagstofunnar. Samkvæmt því ætti lífeyrir aldraðra einhleypinga að nema yfir 300 þúsund á mánuði en lífeyrir þeirra frá TR er í dag aðeins helmingur af þeirri fjárhæð. Eldri borgarar geta ekki lifað mannsæmandi lífi af þeim smánarlega lágu bótum, sem þeir fá frá Tryggingastofnun.

### Standa verður við kosningaloforðið um fyrningu veiðiheimilda

Eitt stærsta kosningamál stjórnarflokkanna var að fara ætti fyrningarleið í sjávarútvegsmálum. Fyrna ætti kvótann á 20 árum og úthluta honum á ný til útgerðarmanna og nýrra aðila, sem vildu hefja útgerð. Ekki var tilgreint hvernig úthluta ætti kvótanum á ný en rætt hefur verið um að bjóða mætti upp veiðiheimildirnar eða þá að úthluta þeim eftir ákveðnum reglum.

Fullnægja yrði athugasemdum Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna við nýja úthlutun, þannig að látið yrði af mannréttindabrotum. Ekki er ljóst hvort Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra ætlar að efna kosningaloforð stjórnarflokkanna og ákvæði stjórnarsáttmálans um fyrningarleiðina. Hann dregur lappirnar í málinu. Kjósendur munu ekki líða það að stefna stjórnarflokkanna í þessu máli verði svikin. Krafa þeirra er sú, að staðið verði við kosningaloforðin. Ella getur stjórnin farið frá. Fyrning veiðiheimilda á 20 árum er síst of ströng. Það er í raun málamiðlun.

Niðurstaðan af framangreindu yfirliti er þetta: Ríkisstjórnin hefur enn ekki unnið sér inn sæmdarheitið félagshyggjustjórn. Hún hefur enn ekki gert nægar ráðstafanir til tekjujöfnunar. Og stærsta ranglætismálið og það mál sem valdið hefur mestri tekjumismunun í þjóðfélaginu er enn óleyst, kvótamálið. Þjóðin verður að taka veiðiheimildirnar í eigin hendur og úthluta á ný gegn sanngjörnu gjaldi.

# Það er helber lygi

Stjórnmál og siðgæði

Jakobína Ólafsdóttir
stjórnsýslufræðingur



Helber lygi sagði þingmaður um þrálátan orðróm um mútur í formi milljóna styrkja til stjórnmálamanna frá auðmönnum sem nú liggja undir ámæli fyrir að hafa stefnt stórum hluta þjóðarinnar í hreina fátækt. Spurningin um mútugreiðslur er ekki spurning um lygi eða sannleika heldur spurning um siðgæðismörk. Hver viljum við að sé drifkraftur stjórnmála og samfélagsmótunar í framtíðarsamfélaginu? Trúin á að von um gróða sé ekki eingöngu drifkraftur atvinnulífs og viðskipta heldur að það sé einnig siðferðilega verjandi að draga gróðahyggjuna inn í öll mannleg samskipti er afsprengi atferlishyggju og forskrift að óréttlátu samfélagi. Einstaklingar gleyma gildum eins og samúð, virðingu fyrir mannkostum og leitinni að réttlátu samfélagi.

> Meðvirkur einstaklingur er ágætt efni í fylgjanda en hann hefur ekki mannkosti leiðtogans sem leiða þarf umbætur í samfélagi sem óumdeilanlega þarf að endurmeta gildi sín.

Dr. Hulda Þórisdóttir talar um mannlegt samfélag sem afsprengi aðstæðna og fjötraða skynsemi í Kastljósi RUV. Ég verð að játa að ég er ekki sátt við þá túlkun Huldu að hegðun hafi verið afsprengi aðstæðna í aðdraganda hrunsins þótt ég taki undir tilvitnun hennar um markmiðsdrifna hugsun og áhrif fjötraðrar skynsemi. Að lýsa manninum sem afsprengi aðstæðna er að draga hann niður á plan maursins sem drifinn er af eðlishvöt og stjórnast af aðstæðum. Ég hef í mínum rannsóknum stuðst við kenningar félagsmótunar og hugrænnar félagsfræði um að maðurinn sé skapandi félagslegra aðstæðna.

Fjötruð skynsemi er hugtak sem sótt er til sálfræðingsins Herbert Simon. Hann tefldi hinum fjötraða stjórnanda sem hefur takmarkaðar upplýsingar og takmarkað raunsæi gegn hinum hagsýna manni hagfræðinnar sem hámarkar ávinning sinn. Ambrose Bierce lýsir skynsemi mannsins sem „listinni að hugsa og færa rök í ströngu samræmi við takmarkanir og getuleysi mannlegs misskilnings“.

Að tala um atferli sem afsprengi aðstæðna gefur skerta og villandi mynd. Leita verður til Alberts Bandura sem horfir á manninn sem þátttakanda og geranda í félagslegu samhengi til þess að skapa heilstæðari mynd af félagsmótun. Maðurinn er ekki einungis félagsmótaður heldur er hann líka félagsmótandi. Vissulega má orða það svo að samfélag sé afsprengi félagsmótunar en það þýðir ekki að maðurinn áhrifalaus. Sú mynd sem Dr. Hulda Þórisdóttir dregur upp er takmarkandi þótt hún sé ekki óréttmæt miðað við forsendur.

Ég tel að gagnlegt sé að horfa á samfélagið út frá mörgum sjónarmiðum til þess að reyna að fá botn í það hvernig sé unnt að skapa betra samfélag. Þegar formgerð samfélaga er skoðuð má gera það frá sjónarmiði um forystu og fylgjendur. Forystan mótar stefnu og fylgjendur fylgja stefnu. Forysta er ekki staðbundið fyrirbæri heldur dreifð á meðal þeirra sem vegna stöðu, ímyndar og löghelgunar hafa aðstöðu til þess að afla skoðunum fylgi, hafa áhrif á gildismat og venjur. Almennt hefur forystan meiri upplýsingar, meiri áhrif og meiri völd heldur en þeir sem fylgja í kjölfarið.

Gerendur og þátttakendur í hruninu eru fjötraðir í eigin afneitun og trú á þá hugmyndafræði sem þeir hafa boðað. Einn „leiðtoganna“ tók sér frí frá þingstörfum og taldi sér til málsbóta að hún hefði verið meðvirk í aðdraganda hrunsins. Ætla má af atferli hennar að hún telji sig umkomna að takast á við leiðtogahlutverk eftir frí. Leiðtogi er sá sem er skrefi á undan, sá sem hefur áhrif og hvetur aðra til dáða. Meðvirkur einstaklingur er ágætt efni í fylgjanda en hann hefur ekki mannkosti leiðtogans sem leiða þarf umbætur í samfélagi sem óumdeilanlega þarf að endurmeta gildi sín.

Ég tek undir orð Huldu Þórisdóttir að meta þurfi samfélagið kerfislægt en í þeirri skoðun þarf að hafa í huga að kerfi eru samsett úr minni kerfum og einingum og eru jafnvel hluti af stærri kerfum. Til þess að kerfi geti verið vel starfhæft þarf að skoða það frá mismunandi sjónarmiðum. Fyrst þarf að spyrja hvort kerfið skili ávinningi eða skaða í því formi sem það er og meta þá eiginleika með heildarhagsmuni í huga. En það þarf líka að spyrja hvort hlutar þess séu í lagi og fjarlægja hluti sem valda tregðu eða misvægi.




vísir.is
„...ég sá það á vísi“





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




20% afsláttur
af bolum, toppum og vestum
hjá Hafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is



Kristín Petrína Pétursdóttir, útskriftarnemi í fatahönnun, gengur gjarnan í kjólum og hressandi litum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þykir vænt um jakkann

**Kristín Petrína Pétursdóttir er í hópi útskriftarnema Listaháskóla Íslands í fatahönnun. Fréttablaðið bað hana um að velja uppáhaldsflíkurnar úr fataskápnum og varð hennar eigin hönnun fyrir valinu.**

„Ég er í gráum jakka úr gallaefni og nautshúð sem ég gerði á fyrsta árinu mínu í Listaháskólanum. Mér þykir svolítið vænt um þennan jakka en hann var fyrsta flíkin mín sem fór á tískusýningu,“ segir Kristín Petrína en jakkann hefur hún notað mikið síðustu þrjú ár.

„Mér finnst hann alltaf jafn flottur og aldrei að vita nema ég framleiði fleiri eintök en ég á enn þá sniðið.“

Undir jakkanum klæðist Kristín eldrauðum kjól eftir hana sjálfa sem er líka með fyrstu verkefnum hennar í skólanum. Hún viðurkennir að vera svolítil kjólamanneskja í sér og að hressandi litasamsetningar höfði til hennar.

„Ég er alls ekki bara í svörtu. Ég hef alltaf haft áhuga á litasamsetningum og kjóllinn var ákveðin tilraunastarfsemi í því. Hann er líka fyrsta flíkin sem ég prentaði á en framan á honum eru prentaðar tölur.“

Í fataskáp Kristínar er að finna mikið af fötum eftir hana sjálfa. Hún byrjaði snemma að teikna upp föt sem hana langaði í og fékk mömmu sína til að sauma fyrir sig til að byrja með en fór svo fljótlega að sjá um saumaskapinn sjálf. Spurð um framhaldið eftir skólann segir hún sig klæja í fingurna eftir að halda áfram að hanna.

„Ég verð í vinnu í sumar en nú tekur frelsið við þegar skólanum lýkur. Ætli ég geri þá ekki bara allt sem mig langar til að gera en hef ekki haft tíma til þar sem skólinn hefur tekið alveg yfir.“

Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands stendur nú yfir í Hafnarhúsinu og þar má sjá línu Kristínar á slá. Í henni blandar hún saman rómantískum litum við afgerandi geómetrísk form og ólík efni. Sýningunni lýkur á sunnudaginn.

*heida@frettabladid.is*

;ALLT
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447
ÚT AÐ BORÐA
Föstudaga





**BERMÚDA-BUXUR** eru á meðal þess sem spáð er miklum vinsældum í sumar, en þær hafa meðal annars sést á sýningum Armani, Prada, Isabel Marant, Hussein Chalayan og Louis Vuitton.










Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Mæðgurnar Svanhvít Thea og Ragnheiður stefna að því að opna á laugardag. Á myndina vantar Oddlaugu Sjöfn sem einnig kemur að rekstrinum með systur sinni og móður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Mæðgur opna efnabúð

**Ný vefnaðarvöruverslun verður opnuð á Vitastíg innan skamms en þar hafa mæðgur með hönnunarmenntun sameinað krafta sína. Með góðum viðskiptasamböndum geta þær lofað hagstæðu verði.**

Vefnaðarvöruverslunin Handalína verður opnuð á Vitastíg innan skamms. Mæðgurnar Ragnheiður Ólafsdóttir, Oddlaug Sjöfn og Svanhvít Thea Árnadætur standa að baki versluninni og segjast þegar hafa fengið afar góð viðbrögð.

„Lengi vel voru nokkrar vefnaðarvöruverslanir hér í miðbænum en þær hafa flestar flutt sig um set og veit ég til þess að margir horfa til þess með tilhlökkun að Handalína verði opnuð,“ segir Ragnheiður. Hún og dætur hennar hafa allar hönnunarmenntun að baki og hafa fundið leið til að sameina krafta sína. Ragnheiður er leðurhönnuður, Oddlaug iðnhönnuður og Svanhvít búningahönnuður. „Ég er búsett í London og Oddlaug á Ítalíu en Svanhvít ætlar að sjá um daglegan rekstur,“ segir Ragnheiður sem er búin að koma sér upp góðum viðskiptasamböndum erlendis. „Ég mun sjá um innkaupin en ég kaupi afgangsefni frá hönnuðum og heildsölum í London. Heildsalarnir kaupa oft mikið magn fyrir stórfyrirtæki og gauka að mér afgangsefni á hagstæðu verði. Verðið til viðskiptavina okkar verður því að sama skapi hagstætt og vona ég að því verði vel tekið,“ segir Ragnheiður en henni blöskraði verðið á efnum á Íslandi þegar hún var að skoða þau síðastliðið haust. „Þau eru svo dýr að það er ekki einu sinni leyfilegt að gera mistök. Þetta fyrirkomulag okkar gerir það hins vegar að verkum að það verður bara til takmarkað upplag af hverju efni en það er bara skemmtilegra og eykur fjölbreytnina.“

Oddlaug mun hafa umsjón með markaðsmálum verslunarinnar auk þess sem hún á heiðurinn að stóru útskornu búðarborði sem blasir við vegfarendum sem ganga framhjá. Ragnheiður er að vonum ánægð með samstarfið við dætur sínar og segir fjarlægðina á milli þeirra litlu máli skipta. „Við nýtum okkur tæknina en með tilkomu hennar hefur heimurinn minnkað. Við sjáum svo bara hvað setur og ef þetta gengur ekki þá höfum við að minnsta kosti bara haft gaman af þessu við mæðgurnar. Hins vegar virðist áhugi á saumaskap vera að aukast sem er að mínu mati jákvætt afturhvarf til fortíðar,“ segir Ragnheiður og bendir áhugasömum á að hægt er að kynna sér verslunina betur á Facebook undir leitarorðinu Handalína.

*vera@frettabladid.is*






## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Slönguskinn og fylltir hælar

Síðustu árin er eins og vel heppnaðar nýjungar í tísku endurtaki sig ár eftir ár. Þannig er haldið í það sem líklegt er til vinsælda án þess að leita að þeirri sköpun sem ætti að taka við. Hvort það er vegna kreppunnar skal ósagt látið en þannig er í hverri tískulínu heilmikið um endurtekið efni. Dæmin eru mörg í sumar og mætti nefna stuttbuxurnar sem eru styttri en nokkru sinni, blómamynstur Liberty sem nú nær alla leið inn í herratískuna, bermúdabuxur hjá herrum og fleira mætti telja. Í skótísku eru sumrin orðin mörg í röð þar sem við sjáum dömuskó með fylltum hæl og brandarinn um hversu vel þessir skór eiga við í blautu grasi heima á Fróni er orðinn þreyttur. Kannski er hægt að breyta til og tala um sentimetra af gosösku í staðinn þó líklega fari askan ekki vel með skótau. Litrík gúmmístígvél eru líklega betri í leiðangur nálægt Eyjafjallajökli en slíkan fótabúnað hafa flest fínustu tískuhúsin selt undanfarið. Ef Þórdís Arnljótsdóttir fréttamaður hefði vitað að hún ætti eftir að fara í kringum jörðina í fréttatímum sjónvarpsstöðvanna við að þyrla upp gosösku er líklegt að hún hefði smeygt sér í slík stígvél.

Helst er nýtt í þykku hælunum þetta sumarið að hællinn er þynnri en áður og ekki alltaf með þykkum botni að framan eins og áður. Því eru þeir ekki eins þægilegir en síðan hvenær hefur tískan átt að vera þægileg? Svo eru þeir stundum opnir að framan sem ekki hefur sést.

Helsta nýjung sumarsins er tréklossarnir og þá er ég ekki að tala um sænska tréklossa eins og allir áttu fyrir einum þrjátíu árum á eftirhippaárunum þó þá megi einnig sjá. Nú eru tréklossarnir með háum hælum og geta verið með opinni tá þó hinir klassísku, lokuðu, sjáist þó meira. Tréklossarnir eru skreyttir með litlum bólum úr málmi og smellpassa við skósíðu hippakjólana sem enn eru í sumartískunni fyrir komandi sumar og kjólar almennt alls ekki á útleið.

Slönguskinn hefur verið tengt fínustu tískuhúsum en í sumar má finna fylgihluti með ódýrari merkjum, töskur, belti og skó úr þessu forláta skinni. Ýmsir litir eru í boði og ekki verra að þeir séu sterkir og verðið frekar viðráðanlegt. Þetta er ólíkt fylgihlutum Stellu McCartney sem er á móti dýraskinni og notar einungis gervileður og -loðfeldi.

Fyrir þá sem eyða fríinu í sól og sumaryl á sólarströnd eru þvengskór fyrirsætunnar Gisele Bündchen ómissandi. Skórnir heita Ipanema og hluti af ágóðanum rennur til samtaka í Brasilíu sem vinna að verndun hafskjaldbakna sem eru í útrýmingarhættu. *bergb75@free.fr*



Grímur og skrautlegir búningar eru mikið notaðir í óperunni.

# Stríðsmálning og skrautlegir búningar

**Nýjustu búningar Peking-óperunnar voru afhjúpaðir í vikunni.**



Mikið var um dýrðir í Peking í Kína á mánudag, þegar nýjustu búningar Peking-óperuhússins voru sýndir á sérstakri tískusýningu.

Söngur, samtöl og látbragðsleikur vega þungt í Peking-óperunni sem nýtur mikilla vinsælda í Kína, en þar á hún sér 200 ára sögu. Eftir að kommúnistar komust til valda í Kína og reyndu að afmá ýmislegt í menningarlegum arfi þjóðarinnar var óperan bönnuð um tíma. Hún náði aftur vinsældum á áttunda áratugnum í kjölfar dauða Maós Zedong, formanns Kommúnistaflokksins, og er enn vinsæl.


Sumar



Flottar frá PAS
Str. 36 - 56
Kíkið á heimasíðuna okkar
www.rita.is
Rita
Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is


# Dýrðlegir tjullkjólar á tískuviku

**Fatahönnuðurinn Alex Perry var með arabískt prinsessuþema á áströlsku tískuvikunni.**

Ástralski fatahönnuðurinn sýndi geggjaða kjóla fyrir nokkrum dögum á einum stærsta tískuviðburði sem haldinn hefur verið í Ástralíu, tískuvikunni í Sydney.

Perry er þekktur fyrir að tefla fram glysi og ofurkvenlegum sniðum og honum brást ekki bogalistin að þessu sinni þegar fyrirsæturnar komu fram í kjólum sem voru eins og korselett að ofan og með misefnismiklum tjullpilsum að neðan. Þemað var arabískar prinsessur og gullkjólum inn á milli. *- jma*



Svartur og seiðandi kjóll úr smiðju Alex Perry. Perry er vinsæll brúðarkjólahönnuður og kjólarnir í þeim dúr.


Skór & töskur í miklu úrvali
www.gabor.is



Sérverslun með
Gabor
xena
FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16





friendtex
ÚTSALA Í 3 DAGA
Útsala fimmtudag, föstudag og laugardag
Mikið úrval af fallegum fatnaði á ótrúlega góðu verði.
Komið og gerið frábær kaup.
Ath! vörur úr vor og sumarlista 2010 eru ekki á útsölunni
Opið: Fimmtudaga og föstudag frá kl. 11.00 -18.00
Laugardag frá kl. 11.00 -16.00
Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is



BRJÁLUÐ HELGARTILBOÐ Í FLASH



Gallaskokkar
~~áður 11.990~~
Nú 9.990
st. s-xxl



Skokkar
~~áður 16.990~~
Nú 11.990
st. 38-52

20% afsláttur af öðrum vörum



Gallajakkar
~~áður 9.990~~
Nú 7.990
st. s-xxl

Mikið af vörum á 2000 kr, 3000 kr og 5000 kr t.d. sumarjakkar, skokkar og kjólar

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201



;ALLT
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447


HELGIN
Laugardaga

# GASGRILL

**Sérblað • fimmtudagur 6. maí**








**Nú er grilltíminn kominn**













ELLINGSEN, 2 brennara, verð 79.900 kr.
Grillflötur 450x467 mm.
2 steypujárnsbrennarar,
24.000 BTU. Hitamælir,
efri grind (hitagrind),
grillgrind úr steypujárni
og neistakveikja.





ELLINGSEN, 3 brennara, verð 109.500 kr.
Grillflötur 633x467 mm.
3 steypujárnsbrennarar,
36.000 BTU. 1 innrauður
bakbrennari, 12.000 BTU.
Hliðarbrennari með loki,
12.000 BTU. Hitamælir,
efri grind (hitagrind),
grillgrind úr steypujárni
og neistakveikja.

ELLINGSEN, 4 brennara, verð 129.900 kr.
Grillflötur 780x467 mm.
4 steypujárnsbrennarar,
48.000 BTU. 1 innrauður
bakbrennari, 12.000 BTU.
Hliðarbrennari með loki,
12.000 BTU. Hitamælir,
efri grind (hitagrind),
grillgrind úr steypujárni
og neistakveikja.



Smellugas




Nýtt og einfaldara gaskerfi fylgir öllum grillum frá Olís

Nú er ekkert mál að skipta um gaskút! Olís hefur innleitt Smellugas, nýtt og einfaldara kerfi við gasnotkun.
Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stútinn – honum er einfaldlega smellt á. Þannig verður mun fljótlegra og þægilegra að skipta um kút.
Ef þú þarft aðstoð við að koma nýja þrýstijafnaranum fyrir geturðu pantað heimaþjónustu. Nánari upplýsingar fást á **smellugas.is**, í síma **515 1100** og á næstu Olís-stöð.

olís







**Smellugas Olís er einfalt í notkun að sögn Sigurðar. Hér sýna Oliver Þórisson og Hrefna Jónsdóttir gripinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nýtt og einfaldara kerfi

**Smellugas Olís er nýtt og einfaldara kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á gashylkið heldur er honum einfaldlega smellt á. Þannig verður mun þægilegra og fljótlegra að skipta um gashylki.**

> **GÓÐ RÁÐ UM GASHYLKI:**
> - Gashylki skulu alltaf standa upprétt.
> - Ávallt skal loka fyrir gasið eftir notkun.
> - Varist að gashylkið verði fyrir hnjaski eða standi lengi í miklum hita.
> - Skiptið aldrei um gashylki nálægt opnum eldi.
>
> **GÓÐ RÁÐ UM BÚNAÐ:**
> - Notið einungis viðurkenndan búnað – DG- eða CE-merktan.
> - Sjáið til þess að þrýstijafnarinn sé tryggilega festur.
> - Verið viss um að búnaðurinn sé í fullkomnu lagi.
> - Farið reglulega yfir slöngur og skiptið um þær við minnsta grun um sprungur eða rifur.
> - Góð regla er að fá fagaðila til að yfirfara búnað einu sinni á ári.

„Þetta er sama gasið og í gömlu kútunum, bara nýtt og einfaldara kerfi,“ segir Sigurður K. Pálsson, forstöðumaður markaðssviðs Olís. „Gamla kerfið er með öfugum skrúfgangi á þrýstijafnaranum, en með þessu nýja er það bara smelltur hringur. Mun einfaldara og þægilegra.“

Nýi þrýstijafnarinn hjá Olís er ókeypis fyrir viðskiptavini og það eina sem þarf að gera er að skipta um hann á slöngunni sem tengd er við grillið. Olís býður þeim sem vilja upp á heimaþjónustu en þá kemur starfsmaður Olís í heimahús og skiptir um þrýstijafnarann ókeypis. Hægt er að sækja um heimaþjónustuna á heimasíðunni www.smellugas.is .

„Smellugashylkið er gashylki 21. aldarinnar,“ segir Sigurður. „Og í ár sé ég fram á að fólk eigi mikið eftir að vera að grilla heima hjá sér og í bústöðunum sínum. Svo eru mjög margir komnir með gaseldavélar heim til sín og smellugasið er líka kjörið fyrir það.“

# Veislan útbúin við opinn eld

Sumarið er á næsta leiti og bráðum má finna grillilminn líðast upp úr hverjum garði. Yfirbreiðslurnar á gasgrillunum eftir veturinn fá að fjúka og grilltangirnar dregnar fram.

Gasgrill eru algeng eign eftir uppgang síðustu ára en það eru þó fleiri leiðir til að galdra fram gómsætan grillmat. Matseld á kolagrilli tekur lengri tíma en á gasgrilli en umstanginu fylgir þó ákveðin rómantík.



**Gasgrill eru algeng í görðum landsmanna enda þægilegt að elda á gasi.**

Kolin er hægt að grípa með sér í ferðalag og kveikja í þeim niðri á strönd og leggja grind yfir. Eins má hella kolum í holu í jörðina og hægelda kryddað lambalæri undir torfu. Einnota grill eru auðvitað líka þægileg á ferðinni en deila má um rómantíkina sem fylgir matreiðslu á þeim. Hámark grillrómantíkurinnar er þó að grilla við opinn eld. Glóðaðir sykurpúðar eða pylsur á priki smakkast ótrúlega vel undir kvöldhimni.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Benedikt Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411 og Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is s. 512 5471




www.grillbudin.is

LANDMANN

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

Grill sem endast



Agnar Kárason, verslunarstjóri Byko í Kauptúni, segir grillmenningu Íslendinga verða fjölbreyttari með hverju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sumarið er komið og svona á það að vera

**Agnar Kárason, verslunarstjóri BYKO til 35 ára, er nú að sjá aðra tíma í grillmenningu Íslendinga heldur en áður. Hann segir fólk nú kaupa vandaða hluti sem endast, frekar heldur en að kaupa sér grill bara til að kaupa grill.**

„Agnar er verslunarstjóri BYKO í Kauptúni og hann sér fram á að fólk eigi eftir að vera mikið heima hjá sér eða í bústöðum í sumar og grilla. Í Byko eru Sterling-grillin vinsælust, en samkvæmt Agnari eru það ein bestu grillin á markaðinum.

„Sumarið er alveg að smella,“ segir Agnar, hress í bragði. „Fólk er farið að kaupa grill í gríð og erg um þessar mundir. Við erum að fá aðra sendingu af vinsælustu grillunum.“

BYKO var að taka inn nýja kynslóð af grillum fyrir þá sem hugsa um heilsuna sem heita City. Eldunin sjálf fer aldrei inn í matinn heldur er grillið þannig uppbyggt að mikill hiti kemur upp sem eldar matinn í gegn. Líka er hægt að baka í grillunum, allt frá pitsum til steinasteika. Agnar telur að þessi grill eigi eftir að vera vinsæl í sumar sem ferðagrill, en fyrir City-ferðagrillin er hægt að kaupa handhæga tösku.

„Þetta er mjög praktískt fyrir ferðalögin í sumar, sem mér sýnist á öllu að eigi eftir að vera algeng,“ segir hann. „Fólk er nú þegar farið að hugsa sér til hreyfings og ætlar sér að spara með því að ferðast innanlands.“

Agnar segir að grillmenningin á Íslandi sé að verða fjölbreyttari með hverju sumri. Fólk sé farið að átta sig á því að það er hægt að gera meira með grillunum heldur en grilla kjöt, eins og til dæmis að baka pitsur. „Við eigum alla fylgihluti sem til þarf; grillstein fyrir pitsubakstur, spaða og tangir fyrir pitsur. Það er allt til í þessu. Um að gera að nýta hugmyndaflugið og þá eru manni allir vegir færir í eldamennskunni.“

„Ég er búinn að vera í þessum bransa í 35 ár, en mér finnst þetta vera öðruvísi núna en fyrir tveimur til þremur árum,“ segir Agnar. „Nú er fólk búið að gera grillkaup að skemmtilegri fjölskylduathöfn sem mér fannst það ekki vera áður. Þetta er líka ódýrara núna og viðskiptavinir vilja fá vandaðar vörur sem endast vel. Þær fá þeir hjá okkur.“

# Girnilegir ávextir á grillið

Flestir hafa smakkað eða grillað sjálfir banana einhvern tímann á lífsleiðinni. Bananar eru snilldar uppfinning á grillið, sérstaklega þar sem þá má fylla með ýmsu gúmmelaði. Þannig er gott að skera þá í tvennt og stinga eftirlætissúkkulaðinu ofan í, svo sem After Eight eða Marsstykki, sem skorið er í bita.

Aðrir ávextir smakkast ekki síður vel grillaðir en bananar og má þar nefna ananas, mangó, epli og ferskjur. Gott er að skera þessa ávexti í þykkar sneiðar, pensla með til dæmis blöndu af sírópi og balsamikediki og grilla hvora hlið í nokkrar mínútur. Sorbet eða kaldur ís er svo algert lostæti með. *-jma*



NORDICPHOTO/GETTY



**Eftir að ananas hefur verið grillaður er gott að hella karamellubráð yfir hann og hafa sem eftirrétt í grillveislunni. Mangó er líka gott á grillið og sömuleiðis banani.**


TILBOÐ Á ÞESSU GRILLI
19.990 kr. Gildir til sunnudags.



Vnr. 50630100
OUTBACK gasgrill, tvískiptur járnbrennari og grillflötur 48x36 cm. Hitaplata yfir brennara, niðurfellanleg hliðarborð, neistakveikjari og þrýstijafnari fylgir, 6,2 kW.
23.490 kr.



Vnr. 50632108
DELUX gasgrill með tveimur brennurum, niðurfellanleg hliðarborð, fitubakki sem auðvelt er að þrífa, hitamælir, neistakveikjari, þrýstijafnari og slanga fylgja, efri grind og hitadreifiplata. 4 hjól – mjög meðfærilegt, svart/grátt postulínshúðað lok, 12,3 KW.
44.900 kr.



Vnr. 50657144
STERLING gasgrill með tveimur brennurum, grillflötur 50x32 cm, efri grind 50x24 cm og hitamælir. Postulínshúðuð grillgrind, neistakveikjari, hitadreifiplata og hliðarborð. 8,8 kW.
39.900 kr.



Vnr. 50632306
OUTBACK gasgrill með 2 járnbrennurum grillflötur 47x42 cm, postulínshúðaðar grillgrindur og hliðarborð úr tré sem hægt er að taka af. 2 áhaldabakkar, hitadreifiplata, hitamælir og fitubakki sem auðvelt er að hreinsa. Innbyggður neistakveikjari, grátt postulínshúðað lok og efri grind. 7,87 kW.
64.900 kr.



Vnr. 50630104
OUTBACK gasgrill með 3 járnbrennurum. Grillflötur 63x42 cm, grillgrind, neistakveikjari, hitadreifiplata og hitamælir. Efri grind, þrýstijafnari og slanga fylgja. Svart postulínshúðað lok. 11,8 kW.
69.900 kr.

OUTBACK
BYKO

# Feitur fiskur er upplagður á grillið

Fiskur er upplagður á grillið hvort sem hann er heilgrillaður eða þræddur upp á pinna. Best er að grilla feitan fisk því minni hætta er á að hann þorni yfir glóandi kolum. Annan fisk þarf að pensla með olíu eða kryddlegi.

Ráðlegt er að velja þéttholda fisk á grillið, til dæmis skötusel, hörpuskelfisk eða rækjur því lausholda fiskur dettur frekar í sundur við steikingu. Lausholda fisk, eins og þorsk og rauðsprettu, er betra að grilla í álpappír í eigin safa. Þegar fiskurinn er settur beint á grillið er gott að hreyfa hann í upphafi þannig að hann festist ekki við grindina. Best er að snúa fiski aðeins einu sinni til að forðast það að hann losni í sundur. *- ve*



Betra er að grilla feitan fisk en magran því minni líkur eru á því að hann þorni og detti í sundur. NORDICPHOTOS/GETTY



Grillaðar pitsur bragðast vel.

## Eftirsóknarvert bragð

Grillaðar pitsur eru að margra mati algert lostæti og komast langt með að líkjast pitsum sem eru bakaðar í eldofni. Í búsáhalda- og byggingarvöruverslunum er víða að finna gótóttar teflonbökunarplötur sem henta til verksins og eru sumar jafnvel búnar skafti sem einfaldar verkið til muna. Þessar plötur má líka nota í venjulega ofna.

Með því að setja heimatilbúnu pitsuna á grillið fæst eftirsóknarvert brunabragð á botninn. Sumir vilja þó setja hana örsnöggt inn í ofn á eftir til að tryggja að hún bakist vel að ofan. Ef hitastiginu er haldið í meðallagi er þó lítið mál að fullelda pitsuna á grillinu án þess að hún brenni við. *- ve*

## Ávísun á góða endingu

Grillgrindur þurfa alltaf að vera hreinar og á að þrífa eftir hverja notkun alveg eins og önnur eldhúsáhöld. Hér á eftir fara nokkur ráð til að halda grillinu hreinu og tryggja góða endingu:

- Til að losna við fastar matarleifar er gott að láta loga aðeins í grillinu eftir notkun til að brenna þær burtu. Síðan ætti að nota vírbursta til að fjarlægja óhreinindi og skola vel með heitu vatni.
- Sumum finnst gott að bera smá olíu á grindurnar fyrir notkun svo maturinn loði síður við.
- Nauðsynlegt er að breiða yfir grillið á milli notkunar því annars er hætt við að það gráni.
- Fyrir veturinn ætti að þrífa grillið hátt og lágt og geyma innandyra. *- ve*



Sumum finnst gott að bera olíu á grindurnar fyrir notkun svo maturinn loði síður við.


BYRJAÐU AÐ LÉTTAST OG LÍÐA BETUR STRAX Í DAG



4 vikna
Lúxusnámskeið
NORDICASPA
fyrir konur og karla

Helga Pálsdóttir, 40 ára og 4 barna móðir
Ráðgjafi hjá Allianz – Missti 8 kg á 9 vikum.
Að vera orkumeiri og léttari er orðinn lífsstíll hjá mér.
Ég gerði þetta af skynsemi og þú getur það líka!

Daglegur fróðleikur um mat & næringu fullt af uppskriftum
Hjá okkur færðu alltaf þjálfara í æfingunum
Vikulegar mælingar mikið aðhald



Lúxusnámskeið Nordicaspa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

**1. vika – Orkuhleðsla**
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi**
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

**Ný námskeið hefjast 10. maí**
Fyrirlestur 8. maí
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA

# Þjónustuauglýsingar
Sími 512 5407

**FAGAFL EHF**
Alhliða trésmíðaþjónusta
Fasteigna – Fyrirtækjaþjónusta
Sími 894 1454 – fagafl@simnet.is

**BOMAG**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

**IVECO**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

**Lækkað verð á Royal Canin hundafóðri!**
Medium 15kg. Verð: 10.900 kr.
Maxi 15kg. Verð: 11.200 kr.
Opið virka daga 10-18 og lau 10-16
DÝRAGARÐURINN
Síðumúla 10 • S: 517-6525



**FJARÐARBÓLSTRUN ehf** Sími 864 4188



Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
Netfang:
leit.is/servefir/fjardarbolstrun

**BRA**
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn**
Vagnhöfða 7, kjallara • 110 RVK • S. 445 5562 • Gsm 615 2562
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.
Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00 ALLA DAGA

**Við hjá Bor ehf erum sérfræðingar í steypusögun og kjarnaborun.**
Hringdu og við gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu.
Allar nánari upplýsingar veita:
Guðjón Þór, S: 895 9490 og Þórarinn, S: 895 9491 f.h. Bors ehf.
BOR ehf

**HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI**
· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**SMURSTÖÐIN EHF.**
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

**CARGO sendibílaleiga** 566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda





**Tómstundahúsið**
Árlegi Savage dagurinn torfærukeppni fjarstýrða bíla verður haldinn á athafnasvæði Hlaðbæ colas í Hafnarfirði fimmtudaginn 13. Maí. Fyrstu verðlaun eru HPI Savage X4,6 bensínbíll.
Nánari upplýsingar í Tómstundahúsinu
Nethyl 2, sími: 5870600, www.tomstundahusid.is

**Útsala á Kress handverkfærum**
Föstudag og Laugardag



Ásborg • Smiðjuvegi 11 • s. 564 1212
Kress

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350



**Sumarhúsaþjónusta og Heimili**
Suðurlandi
Pípulagnir
Raflagnir
Smíðavinna
Steypuvinna
Jarðvinna
Fín möl í bílaplön
Málningavinna



HREINT - VERK
Alhliða verktakastarfsemi
Við göngum hreint til verks
898 1598•773 4348
...Meistari í hverri grein

**ÓDÝR OG SKEMMTILEG NÝJUNG**
Frábær leið til að halda sér í formi.
Sími 695 3764
www.hullahringir.is



**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066



# Þjónustuauglýsingar
Alla fimmtudaga
sigrunh@365.is
arnarut@365.is

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Starfsmaður óskast, vanur rafmagnsverkfærum. Uppl. í s. 659 1109.

Rizzo Pizzeria

**Rizzo Pizzeria Grensásvegi**
**Óskar eftir góðum bílstjórum og góðu fólki í afgreiðslustörf. Umsóknareyðublöð á staðnum.**

**Viltu fá borgað fyrir að tala?**
Einum af reyndari tryggingaráðgjöfum landsins vantar hringjara til þess að bóka fundi. Góð laun í boði fyrir þann sem nær árangri. Þjálfun og góð vinnuaðstaða í boði. Vinnutími frjáls, dagvinna - kvöldvinna. Upplýsingar gefur Einar í síma 825 0008 eða á einar@tryggir.is

## Atvinna óskast

Vegna breytinga Írena saumakona opið virka daga milli 17-20 og laugaradaga 10-14. S. 690 1265. Þingholtsbraut 2. 200 Kóp.

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

Hef til sölu 2 stk. DNG handfærarúllur. Upplýsingar í síma 481-1794 eða 481-1523 Bragi.

## Einkamál

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjáls. Stefnumót.is.

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjáls. Stefnumót.is.

26 ára ljóshærð kona vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8241.

Samkynhn. KK ath: Nú er mikið af nýjum auglýsingum á Rauða Torginu Stefnumót. Þú heyrir auglýsingar í s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort) og auglýsir sjálfur frítt í s. 535-9923.

## Atvinna

# VANTAR MÁLARA

**Óskum eftir málara í eftirfarandi:**

**A) Sandsparsla og gifssparsla innveggi í nýju einbýli.**
**B) Mála að utan eldra timburhús í miðbæ Rvk.**

Áhugasamir sendi fyrirspurn á haukur@fastis.is fyrir **12. maí nk.**

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

## Kennari

Okkur vantar kennara í **dönsku.**
Allar upplýsingar gefur aðstoðarskólameistari í síma 570 5600.

**Austurbergi 5 • 111 Reykjavík • Sími 570 5600**
**Símbréf 567 0389 • Tölvupóstur: fb@fb.is • www.fb.is**

# Gæðabakstur/Ömmubakstur

**óskar að ráða til sín bakara og aðstoðamann í bakarí**

Vinnutími frá kl. 05 – 13 virka daga

Leitað er að skipulögðum, jákvæðum og heilsuhraustum einstaklingi

Með mikla hæfni í mannlegum samskiptum

Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilskrá á ingolfur@ommubakstur.is

Gæða BAKSTUR — ÖMMUBAKSTUR

## Tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

**Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

**Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga eru hér kynntar breytingar á aðalskipulagi í Bláskógabyggð og Hrunamannahreppi:**

**1. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Þingvallasveitar 2004-2016 í landi Heiðarbæjar.**

Um er að ræða lagfæringu á uppdrætti á þann hátt að frístundahúsalóðir sem þegar eru til staðar nyrst á jörðinni er skilgreindar sem svæði fyrir frístundabyggð í stað landbúnaðarsvæðis. Ekki er um fjölgun lóða að ræða.

**2. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 á spildu úr landi Efra-Apavatns.**

Í tillögunni felst að um 94 ha svæði sem skilgreint er sem svæði fyrir frístundabyggð breytist í blandaða landnotkun land búnaðarsvæðis og svæðis fyrir frístundabyggð. Á svæðinu hefur verið stofnað lögbýli með samning við Suðurlandsskóga. Þá er þegar í gildi deilskipulag frístundabyggðar á hluta svæðisins.

**3. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepss 2003-2015 á Flúðum vegna færslu Bræðratunguvegar ásamt umhverfisskýrslu.**

Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir að lega tengivegar (Bræðratunguvegar) sunnan og vestan flugvallar breytist. Samhliða verða breytingar á tengingum annarra vega auk þess sem afmörkun aðliggjandi verslunar- og þjónustusvæðis, tjaldsvæðis, íbúðarsvæðis og athafna- og iðnaðarsvæðis breytist lítillega.

Áður en tillögurnar verða teknar til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn verða þær til kynningar í samræmi við 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga á skrifstofu Bláskógabyggðar og Hrunamannahrepps og á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Dalbraut 12, Laugarvatni, frá fimmtudeginum 6. maí til föstudagsins 14. maí 2010.

**Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:**

**4. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 innan þéttbýlisins Brautarholt.**

Um er að ræða breytingar á þéttbýlisuppdrætti sem nær yfir Brautarholt á Skeiðum:
- Svæði meðfram þjóðvegi sem skilgreint er sem blönduð landnotkun verslunar- og athafnasvæðis breytist í opið svæði til sérstakra nota,
- Hluti opins svæðis vestan núverandi íbúðarbyggðar verður að íbúðarsvæði.
- Verslunarsvæði minnkar og verður hluti þess næst þjóðveginum blandað athafna- og verslunarsvæði og hluti þess verður íbúðarsvæði.
- Gert er ráð fyrir iðnaðarlóð fyrir hreinsistöð sunnan við nýtt íbúðarsvæði

**5. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 á spildu úr landi Álfsstaða.**

Í breytingunni felst að á um 7 ha svæði innan 44,8 landsspildu sem kallast Hulduheimar breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð. Ástæða breytingarinnar eru áform um að reisa nokkur frístundahús á svæðinu, en meginhluti landsins verður þó áfram nýtt sem landbúnaðarland. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

**Samkvæmt 1.mgr. 25.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:**

**6. Deiliskipulag spildu úr landi Álfsstaða sem kallast Hulduheimar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Frístundabyggð og hesthús.**

Tilllaga að deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Hulduheima lnr. 215104. Um er að ræða 9 ha svæði þar sem gert er ráð fyrir að reisa allt að 3 frístundahús auk skemmu sem rúma á hesthús, hlöðu og þjálfunaraðstöðu.

**7. Endurskoðun deiliskipulags fyrir þéttbýlið Brautarholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Deiliskipulagið nær yfir þéttbýlið Brautarholt og er svæðið um 11,5 ha að stærð. Á svæðinu eru í gildi tvær deiliskipulagsáætlanir, frá 10. maí 2002 og 19. ágúst 2003, sem falla úr gildi með samþykkt nýs deiliskipulags. Samkvæmt tillögunni verða til 13 nýjar einbýlishúsalóðir og ein parhúsalóð, sem koma til viðbóðar við þær lóðir sem fyrir eru. Þá er gert ráð fyrir tveimur verslunar- og þjónstulóðum við hlið núverandi verslunar og um 1 ha atvinnusvæði norðan þjóðvegar.

**8. Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða á land Iðu í Bláskógabyggð. Veiðivegur 12 og 14.**

Rillaga að deiliskipulagi sem nær yfir tvær lóðir úr landi Iðu, Veiðiveg 12 og 14. Hús hefur þegar risið á lóð nr. 12. Samkvæmt tillögunni er heimilt að reisa allt að 150 fm frístundahús og 30 fm aukhús á lóðunum.

**9. Deiliskipulag frístundabyggðar við 5. og 6. braut í landi Miðengis í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar við 5. og 6. braut úr landi Miðengis með aðkomu frá Sogsvegi. Um er að ræða deiliskipulag um 104 ha svæðis þar sem fyrir eru 50 byggðar lóðir og 13 óbyggðar. Innan svæðisins er í gildi deiliskipulag sem nær yfir eina lóð við 5. braut, en að öðru leyti er ekkert deiliskipulag í gildi á svæðinu. Gert er ráð fyrir að nýtingarhlutfall lóða verði almennt 0.03, en hús mega þó ekki vera stærri en 500 fm.

**10. Deiliskipulag frístundabyggðar á spildu úr landi Bitru í Flóahreppi sem kallast Kersholt.**

Tillaga að deiliskipulagi svæðis úr landi Bitru sem kallast Kersholt. Á svæðinu eru fjórar 7-10 ha frístundahúsalóðir auk um 3,7 ha lands sem skilgreint er sem opið svæði. Þrjár lóðanna eru þegar byggðar. Samkvæmt skilmálum er heimilt að reisa frístundahús og aukahús á hverri lóð með nýtingarhlutfall upp á 0,005, þar af má aukahúsið vera 30 fm.

**11. Deiliskipulag fyrir bæjartorfu Kolsholts í Flóahreppi.**

Tillaga að deiliskipulagi fyrir 26 ha svæði úr landi Kolsholts í Flóahreppi. Á svæðinu er afmarkaður byggingarreitur utan um þrjú þegar byggð íbúðarhús þar sem heimilt verður að reisa allt að 200 fm bílskúr/skemmu, byggingarreitur utan um núverandi fjós þar sem heimilt verður að reisa 1000 fm nýtt útihús (eða stækkun) og einn byggingarreitur fyrir nýtt allt að 250 fm íbúðarhús.

**12. Ferðaþjónustusvæði við Hótel Geysi og Geysisstofu í Bláskógabyggð.**

Tillaga að breytingu deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis við Hótel Geysi og Geysisstofu. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrirhugaðs hótels færist til norðurs ásamt tilheyrandi bílastæðum, athafnasvæði breytist í geymslusvæði, vegslóði sunnan áhaldahúss er felldur út, gert ráð fyrir byggingarreit fyrir gufubaðshús við núverandi sundlaug auk nokkurra breytinga á legu vega og bílastæða.

**13. Kerhraun úr landi Klausturhóla í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breyting á skilmálum frístundabyggðar á svæði A, B og C.**

Um er að ræða tillögu að breytingu á skilmálum frístundabyggðar sem nær yfir svæði A, B og C í Kerhrauni til samræmis við skilmála aðliggjandi hverfis og ákvæði nýsamþykkts aðalskipulags. Samkvæmt breytingartillögunni miðast byggingarmagn lóða við nýtingarhlutfallið 0.03, þar af má aukahús vera 40 fm að hámarki. Þá er gert ráð fyrir að hámarksmænishæð frá jörðu verði 7,4 m og þakhalli á bilinu 0-45 gráður.

**14. Útey 1 í Bláskógabyggð. Breyting á skilmálum frístundabyggðar.**

Tillaga að breytingu á skilmálum tveggja samhliða frístundabyggða í landi Úteyjar 1 til samræmis við ákvæði nýrra frístundabyggðasvæða . Helstu breytingar eru að byggingarmagn lóða miðast við nýtingarhlutfallið 0.03, þar af má aukahús að hámarki vera 30 fm. Þá er einnig gert ráð fyrir að þakhalli verði á bilinu 0-45 gráður og að byggingarefni verði frjálst.

**15. Vaðnes í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breyting á skilmálum frístundabyggðar við Mosabraut og Hrauntröð.**

Í breytingunni felst að heimilt verði að reisa frístundahús og aukahús á hverri lóð með hámarksnýtingarhlutfall upp á 0.03, þar af má aukahús vera 40 fm að hámarki. Samkvæmt gildandi skilmálum er hámarksstærð aðalhúss 150 fm og aukahús 25 fm.

**16. Ásborgir úr landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæði.**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðarinnar Ásborgir í Grímsnesi. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri lóð, Ásborgum 30a, sem verður 1.280 fm að stærð. Vegna breytingarinnar minnkar lóð nr. 30 úr 5.885 fm í 4.810 fm og lóð nr. 32 minnkar úr 4.387 fm í 4.182 fm.

**Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofum sveitarfélaganna og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 6. maí til 18. júní 2010. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/ Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 18. júní 2010 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.**

**Pétur Ingi Haraldsson**

**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps**



HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF

SÁLKÖNNUÐURINN SIGMUND FREUD (1856-1939) FÆDDIST ÞENNAN DAG.



*„Einni af áleitnari spurningum lífsins er enn ósvarað, og sjálfur hef ég engin svör þrátt fyrir þrjátíu ára rannsóknir á sálarlífi kvenna, en hún er: „Hvað er það sem kona vill?“*

***Austurríkismaðurinn Sigmund Freud er kallaður faðir sálarfræðinnar og kenningar hans hafa enn áhrif.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 6. MAÍ 1937

## *Loftskipið LZ 129 Hindenburg ferst*

Þýska loftskipið LZ 129 Hindenburg fórst á Lakehurst-herflugvelli í New Jersey þennan dag fyrir 73 árum. Alls voru 200 milljón lítrar gass í loftskipinu þegar eldur varð laus og fræg er mynd sem tekin var af Hindenburg í ljósum logum aðeins sekúndum eftir að kviknaði í því.

Loftskipið fór jómfrúarferð sína frá Friedrichshafen 4. mars 1936 og eftir fimm vel heppnuð tilraunaflug fór Hindenburg í sitt fyrsta formlega farþegaflug, sem var þriggja daga hringferð yfir Þýskalandi.

Alls fór Hindenburg sautján ferðir 1936; tíu til Bandaríkjanna og sjö til Brasilíu. Farþegafjöldi gat mest orðið 72, og var stöðugleiki loftskipsins frægur.

Hindenburg var statt 200 metrum ofan við Lakehurst-herstöðina að kvöldmatartíma 6. maí 1937. Tuttugu mínútum síðar hafði eldur breiðst út og á aðeins 37 sekúndum hrapaði loftfarið logandi til jarðar. Af 36 farþegum og 61 manns áhöfn fórust 13 farþegar, 22 úr áhöfn og einn á jörðu niðri.



### MERKISATBURÐIR

1912 Jarðskjálfti, áætlaður 7 stig, verður á Suðurlandi með upptök nálægt Heklu. Margir bæir falla.

1941 Jósep Stalín verður einræðisherra Rússlands.

1955 Vestur-Þýskaland gengur í NATO.

1957 Síðasti þáttur „I love Lucy“ sýndur á CBS-sjónvarpsstöðinni.

1968 Þúsund manns slasast í óeirðum stúdenta við lögreglu í París.

1986 Hornsteinn lagður að húsi Seðlabankans við hátíðlega athöfn.

2007 Nicolas Sarkozy kjörinn forseti Frakklands.

AFMÆLI



**MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR** vaxtarræktarkona er 44 ára.



**GEIR SVANSSON,** bókmenntafræðingur og myndlistarmaður, er 53 ára.



**EINAR SIGURBJÖRNSSON,** guðfræðingur og prófessor, er 66 ára.



**GUÐMUNDUR PÉTURSSON,** lögfræðingur og fyrrverandi markvörður, er 64




## 60 ára afmæli

**Hannes Sigurðsson,**

útvegsbóndi, Hrauni Ölfusi,

verður sextugur hinn 6. maí (í dag). Í tilefni þess býður hann ættingjum, vinum, samferðamönnum og samstarfsfólki, fyrr og nú, að koma og þiggja léttar veitingar í Versölum (ráðhúsinu) Þorlákshöfn, föstudagskvöldið 7. maí (annað kvöld) kl. 19.00 til 23.00. Gjafir eru afþakkaðar en bent á Björgunarsveitina Mannbjörg í Þorlákshöfn. Banki: 0150--26-002003 kt: 460387-2569





†

*Móðir okkar og amma,*

**Inga Þorgeirsdóttir**

kennari, Hofteigi 48,

verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju mánudaginn 10. maí kl. 15.

Þorgerður Ingólfsdóttir og Knut Ødegård
Mali Ødegård og Roar Sørli
Knut, Kristine
Hege Ødegård

Rut Ingólfsdóttir og Björn Bjarnason
Sigríður Sól Björnsdóttir og Heiðar Guðjónsson
Orri, Bjarki, Rut
Bjarni Benedikt Björnsson og Daði Runólfsson

Vilborg Ingólfsdóttir og Leifur Bárðarson
Margrét María Leifsdóttir og Guðmundur Pálsson
Máni, Diljá Helga, María
Inga María Leifsdóttir og Kristbjörn Helgason
Júlía Helga, Jakob Leifur

Unnur María Ingólfsdóttir og Thomas Jan Stankiewicz
Catherine María Stankiewicz
Helene Inga Stankiewicz
Thomas Davíð Stankiewicz

Inga Rós Ingólfsdóttir og Hörður Áskelsson
Guðrún Hrund Harðardóttir og Gunnar Andreas Kristinsson
Áróra, Auðunn
Inga Harðardóttir og Guðmundur Vignir Karlsson
Björt Inga, Ísleifur Elí
Áskell Harðarson




**VELJUM ÍSLENSKT!** Friðrik Hróbjartsson hefur staðið vaktina í Burstagerðinni í 45 ár, en faðir hans, Hróbjartur Árnason, stofnaði fyrirtækið fyrir 80 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BURSTAGERÐIN: ÁTTATÍU ÁRA OG ALLTAF Í HÖNDUM SÖMU FJÖLSKYLDUNNAR

# BRAUTRYÐJENDUR Á SVIÐI BURSTAGERÐAR Á ÍSLANDI

„Burstagerðin var stofnuð af föður mínum, Hróbjarti Árnasyni burstagerðarmeistara, 1. maí 1930. Pabbi lærði iðnina í Danmörku og er eini Íslendingurinn sem fékk meistarabréf í burstagerð. Hann varð því brautryðjandi á sviði burstagerðar hérlendis, kenndi mönnum sem síðan þjálfuðu blinda í burstagerð og fjölmargir kynntust burstahnýtingum í kvöldskóla KFUM undir hans stjórn,“ segir Friðrik Hróbjartsson, eigandi Burstagerðarinnar, sem er sú eina sinnar tegundar á Íslandi og hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá stofnun hennar fyrir áttatíu árum.

„Fyrstu árin var bursta- og penslagerð eingöngu handavinna og þá um fjórtán manns við framleiðsluna. Einnig voru nær öll burstatré smíðuð á staðnum og íslenskt hrosshár keypt af bændum víðs vegar að til að nota við framleiðslu á ýmsum burstum og penslum,“ segir Friðrik, en fyrsta burstagerðarvélin var keypt til landsins frá Bandaríkjunum 1942, sem jók framleiðsluhraða til muna þótt enn væru ýmsir burstar og allir penslar framleiddir í handavinnu.

„Við systkinin vorum ung að árum og öll í skóla þegar faðir minn andaðist 1953, en þá tók föðurbróðir minn, Sigurbergur, við framkvæmdastjórn fyrirtækisins til ársins 1959. Árið 1965 var Burstagerðin gerð að hlutafélagi og fljótlega upp úr því tek ég við rekstrinum,“ segir Friðrik sem hefur verið eigandi allra hlutabréfa í Burstagerðinni ásamt fjölskyldu sinni frá 1979, en synir hans hafa starfað með honum í fyrirtækinu frá því snemma á níunda áratugnum.

„Saman stofnuðum við systurfyrirtækið Besta árið 1988, sem sérhæfði sig í hreinlætisvörum, sem og vélum og tækjum til iðnaðarnota. Fljótlega var stofnuð véladeild innan fyrirtækisins, sem seldi ýmsar vélar fyrir snjóruðning, og sópar á götur og flugvelli urðu meðal vara sem nú voru boðnar til sölu. Véladeild fyrirtækisins varð fljótt þekkt vegna afbragðs véla og þjónustu og 2003 stofnuðum við fyrirtækið Aflvélar utan um véladeildina,“ segir Friðrik sem seldi rekstur Besta árið 2005 en hefur síðan haldið áfram rekstri Burstagerðarinnar og Aflvéla í eigin húsnæði að Vesturhrauni 3 í Garðabæ.

Friðrik segir hugann reika til baka á merkum tímamótum sem þessum. „Áttatíu ár er langur líftími fyrirtækis og ýmsir erfiðleikar sem orðið hafa á veginum. Má þar nefna stríðsárin 1940 til 1945, þegar skortur á aðföngum var erfiður og ótryggur og á eftirstríðsárunum þegar innflutningshöftin tóku við allt til ársins 1955. Á þeim tíma þurfti innflutningsleyfi frá Viðskiptaráði og síðar Viðskiptanefnd fyrir öllum hráefnum og voru synjanir daglegt brauð. Stundum var aðeins hægt að fá innflutningsleyfi frá löndum eins og Brasilíu eða Úrúgvæ og varð að leita að fyrirtækjum þar, sem hugsanlega ættu einhver hráefni til burstagerðar en slík leit gat tekið langan tíma við oft lítinn árangur,“ segir Friðrik og minnist Skömmtunarstofu ríkisins sem þurfti að leita til um leyfi fyrir ýmsum vörum. „Þá má nefna lánsfjárkreppuna og síðar verðbólgufárið þegar mikill tími forráðamanna fyrirtækja fór í biðtíma á bankastjórabiðstofum til að fá nægt rekstrarfé og selja víxla.“

Friðrik segir engan uppgjafartón hjá forráðamönnum Burstagerðarinnar í dag. „Við höldum ótrauðir áfram og viljum nota tækifærið til að þakka okkar góðu viðskiptamönnum fyrir traustið sem þeir hafa sýnt fyrirtækinu í öll þessi ár. Mikil breyting hefur orðið á sölumöguleikum íslenskra iðnaðarvara á síðustu árum þar sem samkeppni frá Asíulöndum á ódýrum fjöldaframleiddum vörum er mikil. Þess í stað framleiðum við enn meira af sérhæfðum burstum fyrir fiskiðnaðinn og annan iðnað, en einnig bílakústa fyrir þvottaplön, verksmiðjukústa, gólfkústa og þakkústa í háum gæðaflokki, að ógleymdum anddyrismottunum Durol, sem eru framleiddar eftir máli og hafa notið mikilla vinsælda í mörg ár.“

thordis@frettabladid.is

# Svarar þörf og skapar atvinnu

Áætlað er að nýtt hjúkrunarheimili fyrir 30 aldraða á Nesvöllum í Reykjanesbæ verði tekið í notkun sumarið 2012.

Við undirritun samnings um framkvæmdina sagði Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, að heimilið muni bæta til muna aðstæður aldraðra á Suðurnesjum auk þess sem framkvæmdirnar skapi störf. Hvort tveggja væri mikils virði.

Áætlaður stofnkostnaður er 813 milljónir króna. Íbúðalánasjóður mun lána Reykjanesbæ fyrir allt að 100 prósent byggingarkostnaðar en ríkissjóður greiða leigu sem svarar til 85 prósenta af stofnkostnaði.

Ríkið hefur nýverið gert sambærilega samninga við Mosfellsbæ og Hafnarfjörð og er unnið að samningsgerð við sex sveitarfélög til viðbótar. **- bþs**



**MIKILS VIRÐI** Nýtt hjúkrunarheimili fyrir aldraða verður tekið í notkun í Reykjanesbæ sumarið 2012 ef allt gengur að óskum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



†

*Elsku drengurinn okkar,*

**Jón Karl Óðinsson,**

sem lést að Einarsnesi hinn 29. apríl sl., verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju laugardaginn 8. maí kl. 14.00.

**Björg K.B. Jónsdóttir** | **Óðinn Sigþórsson**
**Soffía Karlsdóttir** | **Jón H. Jónsson**
**Þórunn M. Óðinsdóttir** | **Þórarinn Ingi Ólafsson**
**Kristín B. Óðinsdóttir** | **Davíð Blöndal**
**Sigríður Þ. Óðinsdóttir** | **Frímann Andrésson**
**Soffía B. Óðinsdóttir** | **Lúðvík Bjarnason**
**Guðmundur B. Óðinsson**
**Þórarinn H. Óðinsson**
**Karítas Óðinsdóttir**



†

*Ástkær faðir okkar,*

**Þorbjörn S. Þorsteinsson,**

andaðist hinn 4. maí sl. á Heilbrigðisstofnun Austurlands, Seyðisfirði. Jarðarförin fer fram í Seyðisfjarðarkirkju þriðjudaginn 11. maí kl. 14.00.

**Sigrún Þorbjörnsdóttir** | **Ólafur Friðriksson**
**Inga Þorbjörnsdóttir**
**Geirþrúður Þorbjörnsdóttir** | **Brynjar Guðmundsson**
**Hjördís Þorbjörnsdóttir** | **Jón Þorsteinsson**
**Þorsteinn Þorbjörnsson** | **Jakobína Jónsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



†

*Okkar ástkæra dóttir, systir og barnabarn,*

**Viktoría Lind Hilmarsdóttir,**

lést á barnaspítalanum Ullevål í Ósló í Noregi þriðjudaginn 4. maí. Viktoría Lind verður jarðsett miðvikudaginn 12. maí frá Nordby-kirkju, Ási, Noregi, kl 13.00. Minningarathöfn á Íslandi verður auglýst síðar.

**Hilmar Þór Sævarsson** | **Guðrún Elvíra Guðmundsdóttir**
**Ída María Hilmarsdóttir**
**Emelíana Hilmarsdóttir**
**Guðmundur Eggertsson, börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**
**Sævar Berg Guðbergsson, Katrin Klara Björnsdóttir, börn, tengdabörn og barnabörn.**



†

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðríðar Ingibjargar Einarsdóttur,**
Efstaleiti 10, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sóltúns, fyrir frábæra umönnun, hlýhug og vináttu.

**Hörn Harðardóttir** | **Matthías Jakobsson**
**Örn Þórhallsson** | **Erla Magnúsdóttir**
**Þórunn Þórhallsdóttir** | **Jón Hjaltalín Ólafsson**
**Sigríður Þórhallsdóttir** | **Jón Kristján Árnason**
**Einar Þór Þórhallsson** | **Andrea Þorbjörg Rafnar**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Sigurkarlsdóttir**

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 26. apríl. Útför hennar fer fram frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 8. maí kl. 14.00. Bílferð verður frá Digraneskirkju kl. 12.40.

**Magnús Guðjónsson**
**Sigríður Magnúsdóttir** | **Stefán Niclas Stefánsson**
**Sigurkarl Magnússon** | **Agnes Eydal**
**Guðjón Magnússon** | **Gillian Haworth**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gestur Mosdal Kristjánsson**
Forsæti II Flóahreppi,

andaðist á Ljósheimum Selfossi fimmtudaginn 29. apríl.

Jarðarförin fer fram frá Villingaholtskirkju föstudaginn 7. maí kl. 14.00.

Þeir sem vildu minnast hins látna, vinsamlegast láti Vinafélag Ljósheima og Fossheima njóta þess.

**Helga Kristín Þórarinsdóttir**
**Guðbjörg Þ. Gestsdóttir** | **Þráinn Elíasson**
**Kristján Gestsson** | **Anna Guðbergsdóttir**
**María Gestsdóttir** | **Böðvar Sverrisson**
**Valgerður Gestsdóttir** | **Bjarki Reynisson**
**Lárus Gestsson** | **Elísabet Pálsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Guðrúnar Theodóru Sigurðardóttur.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir frábæra umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Sigríður Steinunn, Eiríkur og Sigurður Sverrir Stephensen.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, amma og langamma,*

**Martha María Aðalsteinsdóttir,**
Þorvaldsstöðum, Breiðdal,

lést á heimili sínu 2. maí.

Jarðarförin fer fram frá Heydalakirkju laugardaginn 8. maí kl. 14.00. Fyrir hönd aðstandenda,

**Pétur Jónsson**
**Bjarki Pétursson**
**Viðar Pétursson**
**Hlíðar Pétursson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær bróðir okkar,*

**Kristjón Pálmarsson,**
Tobbakoti, Þykkvabæ,

sem lést laugardaginn 24. apríl, verður jarðsunginn frá Þykkvabæjarkirkju laugardaginn 8. maí kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Dvalarheimilið Lund á Hellu.

**Sigurfinna Pálmarsdóttir**
**Lára Pálmarsdóttir**
**Una Pálmarsdóttir**
**fjölskyldur okkar og aðrir aðstandendur.**



†

*Elskuleg móðir mín, amma, langamma, systir og mágkona,*

**Sigríður Kristín Jakobsdóttir,**
Hlíðarhúsum 3,

áður til heimilis að Hjallabraut 33, Hafnarfirði, andaðist á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt 28. apríl sl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 7. maí kl. 13.00.

Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir. Þeir sem vilja minnast hennar vinsamlega láti Krabbameinsfélag Íslands njóta þess.

**Ólafur Björnsson**
**Þorbergur Björn Ólafsson**
**Ólafur Friðrik Ólafsson**
**Jóhann Helgi Ólafsson**
**Vilhjálmur Snær Ólafsson**
**Sigríður Erla Ólafsdóttir**
**Diljá Ösp Þorbergsdóttir**
**Þóra Jakobsdóttir** | **Bjarni Ellert Bjarnason**
**Sigrún Jakobsdóttir**
**Þórdís Jakobsdóttir** | **Stefán Gylfi Valdimarsson**
**Gunnlaug Jakobsdóttir** | **Gunnlaugur Sigurðsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.
Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



# LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Tveggja missera nám

60 ECTS einingar á háskólastigi

Staðnám og fjarnám

Lotubundið nám

Umsagnir fyrrum nemenda:

„Námið fór langt fram úr mínum væntingum. Kennarar voru úr fremstu röð íslenskra fræðimanna og mátti glögglega sjá að þar var valið af kostgæfni. Það var svo gaman að mér fannst slæmt að missa stundum úr tíma, en það kom ekki að sök því námið er líka kennt í fjarnámi.“

Íris Sveinsdóttir, útskrifaðist í febrúar 2010

„Fjölbreytnin í náminu er afar mikil og spannar land, sögu og menningu frá upphafi til okkar tíma og einnig er farið vel í alla þjóðfélagshætti.“

Ása Kristín Jóhannsdóttir, útskrifaðist í febrúar 2010

„Námið var hverrar krónu virði – verst að því skyldi ljúka.“

Finnur P. Fróðason, útskrifaðist í febrúar 2010

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. JÚNÍ

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar:
sími 525 4444 endurmenntun.is


# Nytsemi netheima

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**

**NETSAMFÉLAGIÐ** Facebook getur verið mjög skemmtilegt og til margra hluta nytsamlegt. Þarna hafa löngu gleymdir vinir og kunningjar getað endurnýjað kynnin og skipst á fréttum um það sem á dagana hefur drifið. Fólk eignast líka glænýja vini og finnur jafnvel fjölskyldumeðlimi sem það hefur aldrei hitt.



**MISJAFNT** er hversu mikið hver hangir á bókinni og hvaða upplýsingum fólk deilir með umheiminum. Einhverjir nota síðuna eins og dagbók og smella inn reglulega því sem þeir eru að sýsla, hvort sem það eru færslur eins og „hangsast á náttfötunum yfir kaffibolla“ eða „gekk á Esjuna í morgun!“. Svo eru þeir sem nota hana til að koma pólitískum skoðunum sínum á framfæri og eru stóryrtir um gang þjóðmálanna. Margir freistast til halda úti ákveðinni ímynd með færslum um hvaða hábókmenntir liggja á náttborðinu.

**EITT** er víst að það sem skrifað er á feisbókina stendur þar fyrir augum gríðarlegs fjölda fólks og þar er hægt að fylgjast náið með lífi margra. Fiskisagan flýgur hratt í netheimum og því vissara að gæta orða sinna þar sem fólk er misjafnlega innrætt eins og gengur og getur notað feisbókina í annarlegum tilgangi.

**EINHVERN** tímann var til dæmis varað við því að setja fram á feisbókinni að maður yrði að heiman í einhvern tíma. Óprúttnir náungar gætu nýtt sér upplýsingarnar á vafasaman hátt, brotist inn á heimilið í rólegheitunum á meðan og stolið þaðan öllu steini léttara, ótruflaðir. Miðað við fréttir af aukinni tíðni innbrota síðustu misserin er ljóst að það eru margir sem ágirnast eigur annarra og nota sér auðvitað nútímatækni netheima til að leita uppi mannlaus heimili.

**EINS** þykir óráðlegt að setja inn myndir án þess að passa upp á hverjir geti opnað albúmin og skyggnst þannig inn í fjölskyldulífið.

**REYNDAR** eru það ekki bara þeir óprúttnu sem geta nýtt sér gálausar færslur á feisbókinni. Réttvísin nýtir sér líka nútímatækni netheima til að leita uppi krimmana, eins og frétt hér í blaðinu í gær sýndi. Þá urðu óprúttnir tryggingasvindlarar af hundruðum þúsunda króna á mánuði, sem þeir sviku út úr Tryggingastofnun og þeim sem samviskusamlega greiða sín iðgjöld. Þeim varð það á að glopra upplýsingum um hagi sína á Netið sem ekki stóðust svo réttvísin hafði hendur í hári þeirra.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




APRÍL
TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
HELGAR TILBOÐ
24"
24" FULL HD 1080P
HDMI, DVI OG VGA
39.900
1TB
1TB SAMSUNG SATA2
HARÐDISKUR 32MB
14.900
1.5TB
1.5TB WESTERN DIGITAL
SATA2 DISKUR 64MB
19.900
HVERGI BETRA VERÐ
2GB
2GB COBY MP200
MP3 SPILARI
4.990
NÝ
TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR
AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á
TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
LJ71
TJ65
149.900
154.900
MH36
TJ65
109.900
129.900
750GB
29.900
MP550
LIFE CAM
19.900
7.990
59.900
119.900
19"
1TB
1TB
22"LED
89.900
39.900
19.900
36.900
9.990
4.990
9.990
14.900
14.900
19.900
7.990
6.990
24.900
34.900
TÖLVUTEK
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**! ath. kl. 21.**

*Í kvöld gefst einstakt tækifæri fyrir tónlistaráhugafólk að sjá og heyra í bluessveitinni BluesAkademíunni. Sveitin hefur getið sér einkar gott orð fyrir frumlegan og kraftmikinn flutning á þekktum og óþekktum standördum auk flutnings á eigin efni. BluesAkademíuna skipa Sigurður Sigurðarson munnhörpuleikari og söngvari, Tryggvi Hübner gítar, Pjetur Stefánsson gítar og söngur, Jón Borgar Loftsson trommur, Páll Elfar Pálsson bassi. Sérstakur gestur akademíunnar þetta kvöld verður Jens Hansson hljómborðs- og saxófónleikari.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Ástin og aldurinn takast á

Í dag verða síðustu hádegistónleikar vetrarins í Hafnarborg og hefjast að vanda kl. 12. Þar koma fram Jóhann Smári Sævarsson bassi og Antonía Hevesi píanóleikari. Á dagskrá verða aríur eftir Verdi, Mozart og Boito og ber dagskráin yfirskriftina Ást og aldur.

Jóhann Smári Sævarsson hóf söngnám við Tónlistarskólann í Keflavík hjá Árna Sighvatssyni og við Nýja tónlistarskólann hjá Sigurði Demetz. Hann stundaði framhaldsnám í London og söng síðan í Kölnaróperunni í þrjú ár. Meðal verka á tónleikum eru Requiem Verdis, Requiem Mozarts, 9. sinfónía Beethovens, 8. sinfónía Mahlers, Sköpunin eftir Haydn og Hallgrímspassía eftir Sigurð Sævarsson. Jóhann hefur haldið ljóðatónleika hérlendis og erlendis, þar á meðal Vetrarferðina eftir Schubert. Þá hefur Jóhann komið fram í sjónvarpi og útvarpi



**TÓNLIST** Jóhann og Antonía við æfingar í gær FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

bæði hér heima og erlendis. Antonía Hevesi er listrænn stjórnandi og píanóleikari hádegistónleikaraðar Hafnarborgar. Tónleikarnir standa yfir í um hálfa klukkustund og eru öllum opnir á meðan húsrúm leyfir.

**> Ekki missa af …**

síðustu tónleikum Scott McLemore ásamt hljómsveit á Múlanum sem verða í kvöld kl. 21. Hann hefur undanfarin kvöld flutt ásamt íslensku bandi sem hann hefur sett saman af þessu tilefni eigin tónlist í fyrsta skipti síðan hann flutti hingað til lands. Hljómsveitin mun spila nýtt efni í bland við lög af diski Scotts, „Found Music“. Tónlist sem sækir efnivið sinn jafnt í bebop, frjálsan djass og dægurtónlist. Með Scott leika Óskar Guðjónsson saxófónleikari, Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari, á píanó og Wurlitzer leikur Sunna Gunnlaugsdóttir og á bassa Róbert Þórhallsson. Frábær tónleikaveisla fram undan sem enginn má missa af.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

28.04.10 - 04.05.10




1 Matur og drykkur
Helga Sigurðardóttir




2 Fyrirsætumorðin - kilja
James Patterson



3 Rannsóknarskýrsla Alþingis
Rannsóknarnefnd Alþingis




4 Missir - kilja
Guðbergur Bergsson




5 Nemesis - kilja
Jo Nesbø




6 Hafmeyjan - kilja
Camilla Läckberg




7 Góða nótt, yndið mitt - kilja
Dorothy Koomson




8 Vetrarblóð - kilja
Mons Kallentoft




9 Sítrónur og saffran - kilja
Kajsa Ingemarsson




10 Hvorki meira né minna - Fanney R. Elínardóttir/María Elínardóttir

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

# RÓMANTÍK Í KVÖLD

**Réttur mánuður er eftir af starfsári Sinfóníunnar en margt merkilegt er á efnisskrá hennar sem eftir lifir ársins: í kvöld er gestur hennar Jon Kimura Parker og leikur fyrsta píanókonsert Brahms. Jon er margverðlaunaður kanadískur píanóleikari, menntaður í Juilliard-skólanum í New York þaðan sem hann lauk doktorsprófi.**



**TÓNLIST** Jon Kimura Parker við æfingar í gær. Það er teygt milli æfinga hjá Sinfóníunni svo menn stirðni síður eftir átökin. Á myndinn má sjá þau Guðnýju Guðmundsdóttur konsertmeistara og Einar Jóhannesson með Joni. MYND FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann vakti heimsathygli þegar hann hreppti gullverðlaun í Leeds-píanókeppninni árið 1984, þar sem hann lék einmitt píanókonsert nr. 1 eftir Brahms í lokaumferðinni. Fjöldi þekktra píanista hefur gegnum tíðina staðið á sigurpallinum í Leeds, og má þar nefna Murray Perahia, Radu Lupu, Mitsuko Uchida og András Schiff.

Jon er auk þess vinsæll þáttastjórnandi og hefur stýrt sjónvarpsþætti um sígilda tónlist, Whole Notes, á Bravo-sjónvarpsstöðinni í Kanada. Hann er prófessor í píanóleik við Shepherd School of Music í Houston og hefur haldið meistaranámskeið víða um heim, meðal annars við Juilliard og Yale.

Á efnisskrá kvöldsins er þess einnig minnst að 200 ár eru liðin frá fæðingu Schumanns. Fyrsta sinfónía Roberts Schumann eða „Vorsinfóníán“, sem er sú glaðlegasta og vinsælasta af fjórum sinfóníum hans, er einnig á efnisskránni. Verkin voru samin með fárra ára bili: Píanókonsert nr. 1 í d-moll 1854-58 en sinfónía nr. 1 í B-dúr op. 38, „Vorsinfónían“ 1841.

Hljómsveitarstjóri kvöldsins er Norðmaðurinn Arild Remmereit. Hann nam píanóleik, söng og tónsmíðar við Tónlistarháskólann í Ósló, en lærði hljómsveitarstjórn hjá Karl Österreicher við Tónlistarháskólann í Vínarborg á árunum 1987–92. Hann var aðstoðarmaður Leonards Bernstein um nokkurra ára skeið og hóf feril sinn sem stjórnandi Wiener Residenz Orchester og við Úkraínsku þjóðaróperuna.

Remmereit hefur stjórnað fjölda hljómsveita og fengið lofsamlegar viðtökur áheyrenda jafnt sem gagnrýnenda. Meðal þeirra sveita sem hann hefur stýrt má nefna sinfóníuhljómsveitirnar í Baltimore, Dallas, Detroit, Pittsburgh og Vínarborg, Fílharmóníuhljómsveitirnar í München og Tókýó, Þýsku sinfóníuhljómsveitina í Berlín, Mozarteum-hljómsveitina í Salzburg og La Scala í Mílanó.

Remmereit hefur oft hlaupið í skarðið fyrir aðra stjórnendur á síðustu stundu, eins og hann gerir með Sinfóníuhljómsveit Íslands nú þar sem Andrew Litton þurfti að breyta ferðaáætlun sinni vegna tónleikaferðar um Ástralíu. Vorið 2005 sagði Riccardo Muti starfi sínu lausu sem aðalstjórnandi Scala-óperunnar og Remmereit var fenginn til að stjórna tónleikum hljómsveitarinnar þar með nokkurra daga fyrirvara; seinna sama ár stjórnaði hann hljómsveitum bæði í Evrópu og Bandaríkjunum í forföllum Christophs von Dohnányi og Daniels Harding. Sama var uppi á teningnum þegar Leonard Slatkin fékk hjartaáfall í nóvember í fyrra; þá hringdi Sinfóníuhljómsveit Detroit-borgar í Remmereit sem hljóp í skarðið með litlum fyrirvara. New York Times skrifaði um Remmereit að hann væri „the hottest conductor you've never heard of“, en ef fram heldur sem horfir munu margir þekkja störf hans áður en langt um líður.

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands heldur tónleikakynningu á undan tónleikunum í kvöld. Árni Heimir Ingólfsson tónlistarstjóri fjallar um Vorsinfóníuna eftir Schumann og píanókonsert Brahms, auk þess sem hann segir frá því sem ber hæst á næsta starfsári hljómsveitarinnar. Kynningin fer fram í Safnaðarheimili Neskirkju og hefst kl. 18. Hægt er að kaupa ljúffenga súpu á 1.500 kr. og allir eru velkomnir. pbb@frettabladid.is

# Bíó í Norræna húsinu

Hinn íslenski/hollenski kvikmyndagerðarmaður, Kris Kristinsson, mun frumsýna tvær myndir í Norræna húsinu í kvöld kl. 19.30. Þetta eru myndirnar Ruta del Jaca (73 mín.) og fyrstu tveir kaflar myndarinnar Hjörtu vita (32 mín.) sem er enn í vinnslu.

Báðar myndirnar hafa kraftmikla hljóðmynd; báðar flakka þær milli heima, raunverulegra og óraunverulegra; og báðar skapa þær sterkar svipmyndir frá premur heimsálfum og ólíkum menningarheimum.

Myndin Hjörtu vita fjallar um brúði (Unnur Andrea Einarsdóttir) sem berst um í íslenskum landslagi og spilar öskuský stórt hlutverk í þeim senum. Greinilegt er að brúðurin er í uppnámi en ekki er ljóst af hverju.

Á milli sena koma svo Íslendingar og útskýra/túlka hvað veldur hugarangri brúðarinnar. Þeirra ímyndunarafl og fantasíur skapa þannig frásögnina af brúðinni. Kris Kristinsson ólst upp í Hollandi, faðir hans er Jón Kristinsson arkitekt og móðir hans er Riet Reitsema.

Kris vann í fimm ár í Tókýó sem þýðandi úr japönsku. Síðar flutti hann til Perú og þar gerði hann myndina Ruta del Jaca sem styrkt var af hollenska kvikmyndasjóðnum og var frumsýnd á Holland Film Festival 2009.- pbb



**KVIKMYNDIR** Unnur Andrea Jónsdóttir í hlutverki sínu í Hjörtun vita. MYND KRIS KRISTINSSON

# Tiltekt



Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

FRITZ HANSEN, ROSENDAHL,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
ARTIFORT, KNOLL, STELTON
OG ALLIR HINIR

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

## 15-70% AFSLÁTTUR

Í DAG FIMMTUDAG,
Á FÖSTUDAG
OG LAUGARDAG

# Ódauðlegt verk

Í kvöld frumsýnir leikhópurinn Áhugaleikhús atvinnumanna Ódauðlegt verk um stríð og frið eftir Steinunni Knútsdóttur í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Verkið, sem var forsýnt á alþjóðlegu leiklistarhátíðinni LOKAL, er viðleitni til þess að skilja hvað það er í mannlegu eðli og samskiptum sem leiðir til átaka og ófriðs og er þriðja verkið í fimm verka röð eða kvintólógíu um mannlegt eðli sem leikhópurinn vinnur að með Steinunni. Verkin eru rannsókn á áráttuhegðun mannkyns og ófullkomleika. Þau feta sig inn í augnablikið þar sem maðurinn stendur berskjaldaður frammi fyrir guði og viðurkennir vanmátt sinn. Um leið og verkin eru hvert um sig rannsókn á mannlegu eðli eru þau einnig tilraun. Hvert verk um sig tekur á eiginleikum, þáttum eða áráttum í mannlegri hegðun og tilvist og varpa nýju ljósi á þekktar staðreyndir.

Áhugaleikhús atvinnumanna er hópur atvinnufólks í sviðslistum sem hefur áhuga á að frelsi ríki til óháðrar listsköpunar í samfélaginu. Leikhópurinn lítur á leiksýningar sínar sem vettvang til að velta áleitnum spurningum fyrir sér þó ekki sé langt í kímni og kæruleysi í vinnslu verkanna en frelsi hans snýst ekki síst um að skoða listsköpunarferlið sem frelsandi og leysandi afl í fögnuði og gleði. Markmiðið með starfinu er að að skapa framsækin og áleitin sviðslistaverk sem í eðli sínu eru samtal við áhorfendur og eru óháð markaðsöflum. Leikhúsið vill ekki fara í viðskiptasamband við áhorfendur sína sem er oftast það eina sem áhorfendum er boðið upp á í leikhúsum landsins og býður þess vegna áhorfendum í samtal án endurgjalds og þiggur ekki aðgangseyri á sýningar sínar.



**LEIKLIST** Sýningar Áhugaleikhússins eru myndrænar eins og þessi mynd frá forsýningu verksins á LOKAL ber með sér. MYND ÁHUGALEIKHÚS ATVINNUMANNA

Listamenn leikhússins fengu nýverið úthlutað listamannalaunum svo nú geta þeir lagt meira í sýningar sínar. Þannig koma að sýningunni nú á verkinu aðilar sem ekki voru með í fyrra sinnið þegar verkið var forsýnt á LOKAL. Hilmar Örn Hilmarsson, textasmiðurinn Hrafnhildur Hagalín, og kórstjórinn Margrét Pálmadóttir. Hópinn skipa sem fyrr Aðalbjörg Árnadóttir, Arndís Hrönn Egilsdóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Hannes Óli Ágústsson, Hera Eiríksdóttir, Jórunn Sigurðardóttir, Kristjana Skúladóttir, Lára Sveinsdóttir, Marta Nordal, Orri Huginn Ágústsson, Ólöf Ingólfsdóttir, Sverrir Einarsson og Sveinn Ólafur Gunnarsson. Höfundur verksins og leikstjóri er Steinunn Knútsdóttir.

# Sýning um fyrstu Listahátíð í Reykjavík

Nú er stutt í að Listahátíð í Reykjavík hefjist, hinn 12. maí, og er hún fertug: á fjörutíu ára afmæli Listahátíðar er vert að rifja upp aðdraganda og tilurð fyrstu listahátíðarinnar sem haldin var í Reykjavík í júní 1970 og hefur af því tilefni verið tekin saman lítil sýning um fyrstu hátíðina. Listahátíðir höfðu menn haldið hér í borginni á árunum eftir stríð og stóðu þá ýmsar stofnanir að þeim ásamt bandalagsfélögum íslenskra listamanna. Síðast hafði verið blásið til slíkra hátíða með minna móti á sjöunda áratugnum en drögin að samfelldri sögu og stofnun Listahátíðar í Reykjavík má rekja til þess að Norræna húsið var opnað í Reykjavík í ágúst 1968.




**MENNING**
Listahátíð í Reykjavík – The Reykjavík Festival – Festspillene i Reykjavik, eins og hátíðin nefndist stóð yfir frá 20. júní til 1. júlí 1970. Kápa fyrstu dagskrár hátíðarinnar 1970 skartaði veggteppi eftir Ágerði Ester Búadóttur. MYND NORRÆNA HÚSIÐ

Þar var valinn til forstöðu Ivar Eskeland, þekktur víða um Norðurlönd fyrir drift og lifandi áhuga á menningarstarfi. Hann fékk fljótlega þá hugmynd að hér í Reykjavík ætti að koma á laggirnar norrænni listahátíð þar sem allt hið besta í norrænum listum yrði á dagskrá. Þessa hugmynd sína viðraði hann við Pál Líndal, þáverandi borgarlögmann, sem tók vel í hugmyndina og kynnti hana fyrir borgarstjóra, Geir Hallgrímssyni.

Á sama tíma er hinn heimsfrægi píanósnillingur Vladimir Ashkenazy að flytjast til Íslands ásamt íslenskri konu sinni, Þórunni Jóhannsdóttur, og börnum. Hugmyndin um Listahátíð er kynnt fyrir Ashkenazy sem varð strax hrifinn og staða hans í vestrænum tónlistarheimi gerði honum kleift að kalla eftir greiðum. Fyrir hans sambönd hafði hátíðin fyrstu árin greiðan aðgang að nokkrum virtustu tónlistarmönnum í heimi sem flugu hingað upp og léku með Sinfóníunni. Ashkenazy fékk íslenskan ríkisborgararétt árið 1972 og bjó hér í einn áratug, á árunum 1968-1978 þar sem þau hjónin höfðu fengið nóg af erlinum sem fylgdi því að búa í London. Héðan fluttu þau síðan til Luzern í Sviss og sameinuðu með því friðsældina frá Íslandi og það að búa í hjarta Evrópu.

Dgaskráin var býsna fjölbreytt fyrsta árið: Ef talin eru nokkur atriði má nefna helst: Þjóðleikhúsið flutti Mörð Valgarðsson eftir Jóhann Sigurjónsson í fyrsta sinn í leikstjórn Benedikts Árnasonar, fræg sýning á Bubba kóngi frá Marionett Teatern í Stokkhólmi var þar líka á fjölunum. Í Iðnó var frumflutt Kristnihald undir jökli í leikgerð og stjórn Sveins Einarssonar. Þar var líka flutt dagskrá úr Þorpinu eftir Jón úr Vör við tónlist Þorkels Sigurbjörnssonar. Í Norræna húsinu voru ýmsir tónleikar og vísnasöngur svo sem djass, kammertónleikar og klassík, en í Háskólabíói voru tónleikar með Daniel Barenboim og Jacquline Du Pré, og með Victoriu de los Angeles, Itzhak Perlman og André Previn undir stjórn Vladimir Ashkenazy.

Í Laugardalshöll voru sögufrægir rokktónleikar með hljómsveitinni Led Zeppelin. Í Iðnskólanum á Skólavörðuholti var sýning á grafíkverkum eftir norska listamanninn Edvard Munch og í Ásmundarsal sýning á breskri grafík frá árunum 1961–1966, en í Myndlistarhúsinu á Miklatúni, eins og það hét þá, sýning á íslenskri nútímalist. Framkvæmdastjórar á hátíðinni voru tveir ungir menn, Davíð Oddsson og Hrafn Gunnlaugsson.

Á sýningu í Norræna húsinu sem opnuð verður á laugardag má sjá minjar frá þessum umskiptatíma í íslensku menningarlífi: dagskrár, úrklippur úr blöðum, ljósmyndir og annað efni tengt þessari fyrstu Listahátíð í Reykjavík.

pbb@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 06. maí 2010**

### Tónleikar



**12.00** **Jóhann Smári Sævarsson** bassi og Antonía Hevesi píanóleikar verða með hádegistónleika í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. Á efnisskránni verða verk eftir Verdi, Mozart og Boito.

**19.30** Á tónleikum **Sinfóníuhljómsveitarinnar í Háskólabíói** við Hagatorg verður leikinn Píanókonsert nr. 1 eftir J. Brahms og fyrsta sinfónía R. Schumann, Vorsinfónían. Nánari upplýsingar á www.sinfonia.is.

**20.00** **Valskórinn** heldur tónleika í Áskirkju við Vesturbrún. Á efnisskránni verða bæði íslensk og erlend sönglög. Sérstakur gestur verður **Egill Ólafsson.**

**21.00** BluesAkademian heldur tónleika á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

### Fundir



**12.00** Kvenréttindafélag Íslands heldur súpufund, á Hallveigarstöðum við Túngötu í Reykjavík. **Salvör Nordal** flytur erindi undir fyrirsögninni **Lærdómar af bankahruni.** Allir velkomnir. Enginn aðgangseyrir. Nánari upplýsingar á www.krfi.is.

### Sýningar

Í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu 15 (6. hæð), standa yfir sýningar á verkum **Jakobs Jakobssonar** og **Jónu Þorvaldsdóttur.** Opið alla virka daga kl. 12-19 og helgaar kl. 13-17.

**Erna G.S.** hefur opnað sýningu á verkum sínum hjá **SÍM** við Hafnarstræti 16. Opið mán.-fös. kl. 10-16.

### Síðustu forvöð

Í sýningarsal **Íslenskrar grafíkur** við Tryggvagötu 17 (hafnarmegin), stendur yfir sýning á verkum bandarísku listakonunnar **Karinnu Gomez.** Sýningu lýkur á sunnudag. Opið fim.-sun. kl. 14-18.

### Kvikmyndir

**20.00** Íslandsdeild Amnesty International sýnir mynd **Mathildu Piehl, The Kuchus of Uganda,** í húsakynnum deildarinnar að Þingholtsstræti 27, (3. hæð). Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Nánari upplýsingar á www.amnesty.is.

**20.00** Í tilefni þess að 65 ár eru liðin frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar verður heimildarkvikmyndin Föðurlandsstyrjöldin mikla eftir **Roman Karmen** sýnd hjá MÍR að Hverfisgötu 105. Á undan sýningunni flytur rússneski sendiherrann, **Andrei Tsyganov,** ávarp. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

### Listahátíð

Listahátíðin **List án landamæra 2010** þar sem fatlaðir og ófatlaðir sameina krafta sína á sviði lista og menningar og skapa þannig fordæmi fyrir önnur svið samfélagsins. Frítt er á alla viðburði hátíðarinnar. Nánari upplýsingar á **www.listanlandamaera.blog.is.**

**09.00** Opið hús og vormarkaður verða í **Hæfingarstöðinni** við Skógarlund á Akureyri í dag og á morgun. Opið kl. 9-11 og 13-15.30.

**14.00** Listahópur **Iðjubergs** opnar sýningu á myndlistarvekum, handverki og listmunum í Boganum, sýningarsal **Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs** (Gerðubergi 3-5).

### Ljósmyndasýningar

Á **Hárstofunni Eplinu** að Borgartúni 26 stendur yfir sýning á ljósmyndum **Anne Marie Sörensen.** Opið alla virka daga frá kl 09-18 og lau. kl. 09-15.

**Auður hafs og stranda:**
**frumkvæði og sköpunarkraftur til nýtingar menningararfs**

Ráðstefna í Ketilhúsinu á Akureyri
**föstudaginn 7. maí 2010**. Ókeypis aðgangur.
Ráðstefnan er hluti Evrópuverkefnisins Fishernet.
**Nánari upplýsingar á www.fishernet.is.**

fishernet
fishing cultural heritage network

# Met hjá Metropolitan-óperunni

Um helgina var greint frá því að sýningar Metropolitan-óperunnar í kvikmyndahúsum um víða veröld hafa aldrei verið vinsælli en á þeirri leiktíð sem nú er lokið. Hér á landi hafa sýningarnar átt vaxandi vinsældum að fagna meðal óperuaðdáenda sem hafa sótt sýningarnar í Kringlubíói en þar er boðið upp á fullkomin gæði í beinni útsendingu frá óperunni í New York. Miðasala í ár taldi 22,2 milljónir miða og jókst aðsókn að sýningunum um 400 þúsund miða. Níu verkefni voru á útsendingarskránni og fóru til 44 landa og í yfir 1.000 sali. Síðasta útsendingin var 1. maí.

Síðasta sýningin á laugardag var Armida eftir Rossini með stjörnunni Renee Fleming sópran og tenórnum Lawrence Brownlee. Hana sáu 105 þúsund í Norður-Ameríku og 84 þúsund í Evrópu og Suður-Ameríku. Með seinkuðum útsendingum í restinni af heiminum er áætlað að 250 þúsund áhorfendur hafi séð óperuna.

Hágæða útsendingar Metropolitan hafa á fimm árum náð til 5 milljón gesta. Á komandi vetri verða ellefu sýningar í boði í beinum útsendingum og hafa aldrei verið fleiri: Hefst efnisskráin á Rínargulli Wagners í nýrri sviðsetningu Kvíbekk-búans Robert Lepage hinn 9. október en eins og greint var frá fyrir alllöngu í Fréttablaðinu er leikmyndin að miklu leyti byggð á íslensku myndefni. Þetta er fyrri sviðsetning Lepage á komandi vetri á Niflungahringnum en hann lýkur einnig efnisskránni: hinn 14. maí er bein útsending á Valkyrjunum. Það er meistarinn James Levine sem stjórnar þessum verkum á móti Lepage en meðal margra þekktra söngvara í meistaraverki Wagners er sá velski listamaður Bryn Terfel.



**MENNING** Tvær fyrstu óperurnar í Niflungahring Wagners verða á efnisskrá beinna útsendinga Metropolitan næsta vetur. Robert Lepage stýrir sviðsetningunum sem sækja myndefni sitt til Íslands. MYND/AFP

Levine fagnar nú fertugasta starfsári sínu hjá Metropolitan. Hann stjórnar þessum Wagnerverkum en einnig Don Pasquale eftir Donizetti með Önnu Netrebko hinn 13. nóvember, og Il Trovatore eftir Verdi 30. apríl. Boris Godunov eftir Mussorgsky er á dagskrá 23. október og leikstýrir Peter Stein óperunni en Valery Gergiev stjórnar og Rússar í stærstu rullum: Ekaterina Semenchuk, Aleksandrs Antonenko, Oleg Balashov, Evgeny Nikitin, René Pape, Mikhail Petrenko og Vladimir Ognovenko. Annað stórstirni úr leikstjórastétt, Nick Hytner, leikhússtjóri National í London kemur og stýrir Don Carlo sem skartar Roberto Alagnia. Annar frægur tenór kemur fram í Ifigeníu í Taris eftir Cluck í febrúar, Placido Domingo. Önnur verk í útsendingarplani Met fyrir komandi vetur eru Stúlkan að vestan eftir Puccini, Lucia di Lammermoor eftir Donizetti, Le Comte Ory eftir Rossini, Capriccio eftir Strauss og er þá allt nefnt, en þeir sem vilja sjá hvaða söngvarar verða að syngja beint í Kringlubíói á komandi vetri gera best með að vippa sér á http://www.metoperafamily.org/ og leita uppi dagskrána. Þar má líka kaupa aðgang að óperum í netheimum og lesa sér til um hvað verður á sviðinu vestanhafs – og að hluta til hér heima komandi vetur. Miðasala fyrir komandi vetur er á vef Sambíóanna en á vef þeirra er hún sögð hefjast þessa dagana vilji menn kaupa sér áskrift og tryggja sér númeruð sæti.

pbb@frettabladid.is

# Nýtt

## Anti-Blemish Solutions Liquid Makeup

Olíulaus farði sérstaklega hannaður fyrir óhreina húð og bólur. Varnar því að fleiri bólur myndist róar, sefar, græðir, sótthreinsar og hylur vel. Fæst í 6 fallegum litum.




# Gjöfin þín er í Hagkaup!

## Ef keyptar eru tvær vörur eða fleiri frá Clinique dagana 6.-12. maí, þá er þetta gjöfin til þín.*

Gjöfin þín að verðmæti 15.000 kr. inniheldur:

- 7 Day Scrub 30 ml
- Gulakremið 15 ml
- Even Better Rakakrem 15 ml
- Shimmering Stripes Powder Kinnalitur 1.8 g
- Superbalm Moisturizing Gloss Swirl 7 ml
- Lítil Makeup Taska
- Stór Makeup Taska



*Meðan birgðir endast.

CLINIQUE

GÓÐ GJÖF

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár


THE NEW PORNOGRAPHERS


ÓLAFUR ARNALDS

## > Í SPILARANUM

The New Pornographers - Together
Ísgerður - Bara plata
Frightened Rabbit - The Winter of Mixed Drinks
Keane - Night Train
Ólafur Arnalds - ... and they have escaped the weight of darkness

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## TÍMAVÉLIN NOTHING COMPARES 2 U FER Á TOPPINN ÁRIÐ 1990

# Sinéad O'Connor slær í gegn

- Hinn 21. apríl árið 1990 skaust lagið Nothing Compares 2 U í flutningi hinnar írsku Sinéad O'Connor á topp bandaríska Billboard-listans. Þar sat lagið í mánuð og gerði söngkonuna að stórstjörnu.
- Nothing Compares 2 U var samið af Prince og upprunalega flutt af hljómsveit hans, The Family.
- Lagið er um leik- og söngkonuna Susönnu Melvoin. Hún starfaði með Prince en ásamt því hefur hún sungið bakraddir hjá Eric Clapton og Roger Waters.
- Hún lék einnig grúppíu í kvikmyndinni Cavedweller frá árinu 2004.
- Nothing Compares 2 U fór á toppinn í 13 löndum, en náði fimmta sæti á franska vinsældalistanum.
- Lagið er í 162. sæti á lista tímaritsins Rolling Stone yfir 500 bestu lög allra tíma.
- Ástralar og Hollendingar dýrkuðu lagið, en þar var lagið það vinsælasta árið 1990.
- Myndbandið við lagið var það fyrsta með söngkonu sem var valið myndband ársins á verðlaunahátíð MTV.
- Sinéad O'Connor hefur aðeins náð einu toppsæti á vinsældalista eftir Nothing Compares 2 U. Það var lagið The Emperor's New Clothes sem fór í fyrsta sæti bandaríska rokklistans.
- Plötur Sinéad O'Connor hafa selst í tæplega 16 milljónum eintaka um allan heim. Platan I Do Not Want What I Haven't Got, sem innihélt smellinn Nothing Compares 2 U, seldist í 7 milljónum eintaka.


**SLÓ Í GEGN 1990** Sinéad O'Connor sló í gegn með lagi Prince, Nothing Compares 2 U.



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# Þýska tónlistarundrið

Áhugi fyrir „krautrokki" hefur verið að aukast jafnt og þétt síðustu ár. Krautrokk er samheiti yfir þá tilraunakenndu rafvæddu þýsku tónlist sem kom fyrst fram seint á sjöunda áratugnum og náði hámarki á þeim áttunda. Kraftwerk er að sjálfsögðu langfrægasta hljómsveitin sem þessi bylgja fæddi af sér, en sveitir eins og Can, Neu!, Tangerine Dream, Faust og Cluster hafa líka lengi verið í hávegum hafðar meðal tónlistaráhugamanna.



**MINNING „KRAUTROKKSINS" LIFIR** Can, Faust, Neu!, Cluster og La Düsseldorf eiga lög á nýja safninu.

Krautrokkið var aldrei sérstök tónlistarstefna, en breskir fjölmiðlamenn bjuggu orðið til um alla þessa framsæknu og spennandi tónlist sem kom frá Þýskalandi á þessum tíma. Krautrokkið hafði mikil áhrif í tónlistarheiminum og má heyra þau m.a. hjá David Bowie, Brian Eno, The Fall, The Mars Volta, Tortoise, Stereolab og Wilco.

Það hefur sárlega vantað almennilega unnið safn með krautrokki, en nú hefur breska eðalútgáfan Soul Jazz Records bætt úr því. Soul Jazz á að baki fullt af flottum endurútgáfum m.a. með reggí, fönki, brasilískri tropicalía-tónlist, no wave, spunadjassi, soul og hip-hoppi. Og nú er röðin komin að krautrokkinu. Deutsche Elektronische Music, – Experimental German Rock & Electronic Music 1972 – 1983 er tveggja diska safn sem kom út um miðjan apríl. Á því eru 24 lög með öllum helstu sveitum þessarar tónlistar, nema Kraftwerk. Og eins og venjan er hjá Soul Jazz þá eru umbúðirnar flottar og 38 blaðsíðna bæklingur hlaðinn upplýsingum fylgir. Ótrúlega þéttur pakki.

Og áfram í Þýskalandi. Önnur tvöföld safnplata sem kom út nýlega heitir Berlin Wall of Sound (61/89). Eins og nafnið bendir til hefur hún að geyma lög frá Berlín á dögum múrsins. Fyrri diskurinn er helgaður Vestur-Berlín, sá seinni Austur-Berlín. Ekki jafn fullkominn pakki og sá fyrrnefndi, en skemmtilegur samt.





**THE DEAD WEATHER** Jack White og félagar í rokksveitinni The Dead Weather hafa gefið út sína aðra plötu, Sea of Cowards.
NORDICPHOTOS/AFP

# Kraftmiklir vinnuþjarkar

**Bandaríska rokksveitin The Dead Weather gefur eftir helgi út sína aðra plötu, Sea of Cowards. Minna en ár er liðið síðan sú fyrsta, Horehound, kom út við góðar undirtektir.**

> **VÆNTANLEGT FRÁ WHITE:**
> **The Dead Weather** - Sea Of Cowards
> **Karen Elson (eiginkona White)** - The Ghost Who Walks (Upptökustjórn)
> **Wanda Jackson (Rokkabillígoðsögn)** - You Know I´m No Good/Shakin´All Over (Upptökustjórn)
> **Jack White** - Fyrsta sólóplatan
> **Jack White og Jay-Z** - Nýtt lag

The Dead Weather var stofnuð í Nashville í Tennessee á síðasta ári. Þetta er sannkölluð ofurgrúppa sem samanstendur af Jack White, forsprakka The White Stripes, Alison Mosshart úr The Kills og Discount, Dean Fertita úr Queens of the Stone Age og Jack Lawrence úr The Raconteurs og The Greenhornes. Tónlistin er grípandi blanda af rokki og blús og einfaldleikinn í fyrirrúmi.

Hljómsveitin varð til eftir að The Kills fór á tónleikaferð með The Raconteurs, hliðarverkefni Whites, í október 2008. Á síðasta degi ferðarinnar fór Mosshart yfir í tónleikarútu The Raconteurs og heim til Whites í Nashville þar sem þau tóku upp efni saman. Nokkrum mánuðum síðar hringdi White í Mosshart og lagði til að þau héldu áfram samstarfinu og tækju upp stóra plötu, enda átti hann talsvert af lögum á lager. „Í janúar hittumst við öll og byrjuðum að taka upp," segir Mosshart. „Við unnum við eitt lag á dag en við höfðum aldrei spilað saman áður en upptökurnar hófust. Þremur vikum síðar vorum við nánast tilbúin með plötu."

Hún segir að upphaflega hafi The Dead Weather verið hugsuð sem stakt verkefni en ekki hljómsveit. „Við héldum að við myndum bara gera þrjár eða fimm sjö tommu smáskífur, svona svalar listrænar útgáfur. En því meira sem við tókum upp og spiluðum saman því meira fundum við fyrir kraftinum sem var að byggjast upp," segir Mosshart. „Við unnum dag og nótt á miklum hraða enda höfðum við ekki mikinn tíma. Við tókum hundruð ljósmynda og bjuggum til 150 umslög fyrir sjö tommur. Þetta var sannkölluð hvirfilbyls-vinna og alveg einstaklega skemmtileg."

Fyrstu tónleikar sveitarinnar voru við opnun Third Man Records, útgáfufyrirtækis Whites, í Nashville í mars á síðasta ári og í kjölfarið kom út smáskífan Hang You from the Heavens. Platan Horehound kom út í júlí og fór hún beint í sjötta sæti bandaríska Billboard-listans. Vakti hún almennt góð viðbrögð tónlistarunnenda, rétt eins og flest það sem Jack White kemur nálægt.

Nýja platan, Sea of Cowards, kemur út næsta þriðjudag, tæpu ári eftir útgáfu Horehound, með smáskífulagið Die by the Drop í fararbroddi. Þessi hraða framleiðsla kemur ekki á óvart þegar vinnuþjarkurinn White er annars vegar enda virðist orðið „afslöppun" ekki til í orðaforða hans.

freyr@frettabladid.is

# Órafmögnuð í ljósmyndabúð

Hljómsveitin Feldberg er nýkomin heim frá London þar sem hún tók þátt í kynningarpartíi fyrir safnplötuna Kitsuné Maison Compilation 9 sem er nýkomin út á vegum franska fyrirtækisins Kitsuné Maison. Þar er að finna lagið Dreamin´ af fyrstu plötu Feldberg sem kom út fyrir jól.

Hljómsveitin notaði tækifærið og spilaði á nokkrum tónleikum í London, þar á meðal órafmagnað í ljósmyndabúðinni Lomography í Soho-hverfinu. Hún er í eigu Höddu Hreiðarsdóttur og er eina búð sinnar tegundar í London. Benni Hemm Hemm hefur áður stigið þar á svið. „Þetta var voða kósí búð í hjarta Soho. Það var svolítið öðruvísi að spila þarna en samt skemmtilegt," segir Einar Tönsberg, annar helmingur Feldberg.

Hljómsveitin er aftur á leiðinni til Bretlands því í næstu viku spilar hún á tónlistarhátíðinni The Great Escape í borginni Brighton. „Þetta verður mjög skemmtilegt. Við spilum á skemmtilegu sviði og okkur líst mjög vel á þetta," segir Einar. Yfir 350 flytjendur koma fram á hátíðinni, sem hefur verið haldin við góðar undirtektir frá árinu 2006.

Boðskapur Feldberg breiðist víðar út, því plata dúettsins kemur út í Japan 9. júní hjá sama útgáfufélagi og gaf út síðustu tvær plötur Ebergs, sólóverkefnis Einars. - fb


**FELDBERG** Hljómsveitin Feldberg spilaði í ljósmyndaverslun í Soho-hverfinu í London.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# VIÐ LOKUM SKÍFUNNI LAUGAVEGI!

# 40%




# AFSLÁTTUR AF ÖLLU!

Opið alla daga 12 - 18.

Athugið! Gildir aðeins í Skífunni Laugavegi 26

SKÍFAN

LAUGAVEGUR 26

## > LOHAN Í KLÁMIÐ

**Lindsay Lohan** er að sögn breska blaðsins Guardian orðuð við hlutverk Lindu Lovelace sem varð heimsfræg fyrir þátttöku sína í klámmyndinni Deep Throat. Myndin er sögð heita Inferno og á að vera byggð á ævi Lindu. Búist er við formlegri tilkynningu í Cannes á þessu ári.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Húmoristinn og harðjaxlinn sameinast

Kvikmyndin Cop Out fjallar um lögreglumanninn og reynsluboltann Jimmy Monroe sem er miður sín eftir að verðmætu körfuboltaspili hans er stolið. Monroe deyr auðvitað ekki ráðalaus, hefur sterkan grun um hver þjófurinn er og fær félaga sinn, Paul Hodges, í lið með sér til að hafa uppi á spilinu enda á salan á því að borga fyrir brúðkaup dóttur Monroe. Eltingaleikurinn verður hins vegar kostulegur enda er þjófurinn fremur siðspilltur glæpamaður sem er með ólæknandi fíkn í sögulegar íþróttaminjavörur.

Cop Out er eftir hinn mistæka kvikmyndagerðarmann Kevin Smith. Hann sló eftirminnilega í gegn með myndum á borð við Clerks og Mallrats. Hann átti hins vegar erfitt með að finna taktinn á ný eftir þær tvær en virðist smám saman vera að ná áttum, í það minnsta fékk síðasta myndin hans, Zack and Miri Make Porno, alveg ágætis dóma.

Aðalleikararnir tveir í Cop Out eru á ólíkum stað á sínum ferli. Bruce Willis, sem leikur Monroe, er smám saman að átta sig á því að aldurinn er að taka völdin og að hann getur kannski ekki mikið lengur hlaupið um stræti stórborga eins og á árum áður. Engu síður er Willis ein vinsælasta kvikmyndastjarna heims og fáir leikarar hafa jafnmikinn húmor fyrir sjálfum sér og hann. Tracy Morgan, sem fer með hlutverk félagans Pauls Hodges, er smám saman að sjá ávexti erfiðisins en hann hefur verið frábær sem hinn ofurheimski Tracy Jordan í gamanþáttunum 30 Rock. - fgg



**TVEIR GÓÐIR** Bruce Willis og Tracy Morgan leika aðalhlutverkin í gamanmyndinni Cop Out.

# Hjartaknúsari í Umbreytingu

**Patrick Dempsey, þekktastur fyrir leik sinn í Grey's Anatomy og rómantískum kvikmyndum, hyggst skipta aðeins um gír ef marka má orð hans í brasilískum blöðum. Empire greinir frá því að Dempsey hafi upplýst á hvítum ströndum Rio að hann myndi leika stórt hlutverk í þriðju Transformers-myndinni. Og að persóna hans yrði ögn „dekkri“ en þær sem hann hefur hingað til leikið. Svo virðist vera að þessi umbreyting Dempsey eigi við um alla Transformers-myndina því þótt Shia Labeouf og Megan Fox séu enn til staðar þá hafa þau Frances McDormand og John Malkovich einnig bæst í hópinn. Michael Bay er um þessar mundir að prófa nýjar tæknibrellur og búast má við mikilli veislu fyrir augað þegar þriðja myndin ratar í kvikmyndahús heimsins.**



**VONDI KARLINN?** Patrick Dempsey hyggst leika ögn dekkri persónu en hann hefur áður leikið í Transformers 3.

# ÖFLUGUSTU TVÍEYKIN Í HOLLYWOOD

**Margir af fremstu leikstjórum heims hafa bundist miklum tryggðarböndum við einn ákveðinn leikara. Þekktasta parið er eflaust Robert De Niro og Martin Scorsese en slík sambönd eru alls ekki óalgeng.**





**BLÓMLEGT SAMSTARF**

**Alfred Hitchcock** var ákaflega hrifinn af þeim Cary Grant og **Jimmy Stewart** og gerði fjórar myndir með þeim báðum. **David Lean** og **Alec Guinness** færðu kvikmyndaunnendum margar af tilkomumestu kvikmyndum sögunnar, Brúin yfir Kwai-fljótið og Arabíu-Lárens eru besta dæmið um slíkt og David Fincher og Brad Pitt eru aldrei betri en þegar þeir tveir vinna saman. **John Ford** og **John Wayne** eru af mörgum taldir vera eitt sérstakasta tvíeyki kvikmyndasögunnar, Ford nánast píndi leikinn fram hjá Wayne en þeir gerðu engu að síður 21 kvikmynd saman.



Kvikmyndatímaritið Empire tók nýverið saman fjörutíu helstu sambönd leikara og leikstjóra. Af nægu er að taka í þeirri upptalningu og þótt heimsbyggðin þekki kannski einna helst til amerískrar og breskrar samvinnu má ekki gleyma hinu gjöfula samstarfi japanska meistarans Akira Kurosawa og stórstjörnunnar Toshiro Mifune en saman gerðu þeir sextán kvikmyndir, í þeim hópi er auðvitað Sjö samúræjar. Þá væri það hálfgerð söguföslun ef dálæti Federico Fellini á ítalska eðaltöffaranum Marcello Mastroianni væri ekki talið með, þeir gerðu sex myndir saman, sú frægasta er án nokkurs vafa 8 1/2 vika.

### Til Hollywood

Martin Scorsese er þekktur fyrir að taka ástfóstri við einn ákveðinn leikara. Fyrstur var Harvey Keitel, svo kom De Niro og nú er það Leonardo DiCaprio sem Scorsese hringir fyrst í þegar hann langar að gera bíómynd. Scorsese hefur sagt að leikarar veiti sér við kvikmyndagerð og það er fullsannað að fáum tekst jafn vel að ná fram því besta úr leikhópnum og Martin Scorsese.

Annar slíkur leikstjóri væri til að mynda Alfred Hitchcock. Spennusagnameistarinn gerði fjórar myndir með Cary Grant, þeirra þekktust er án nokkurs vafa njósnamyndin North By Northwest. Hitchcock hafði einnig mikið dálæti á Jimmy Stewart og gerði einnig fjórar myndir með honum, þar á meðal meistarastykkið The Rear Window.

David Lean, sem er þekktur fyrir „stórmyndir“ sínar, hallaði sér yfirleitt upp að Alec Guinness. Og kannski ekkert skrýtið. Guinness er einn besti leikari hvíta tjaldsins, fyrr og síðar. Kvikmyndir á borð við Brúin yfir Kwai-fljótið, Arabíu-Lárens og Oliver Twist eru fyrir löngu skráðar á spjöld kvikmyndasögunnar og samstarf Guinness og Leans var með því blómlegra sem þekkist.

### Kúrekar og furðufulgar

Tim Burton hefur ekki mátt hugsa um kvikmyndagerð án þess að nafn Johnny Depp komi þar við sögu. Sjö myndir hafa þeir gert saman, sú síðasta var Lísa í Undralandi. Burton og Depp svipar mjög saman, eru hæfilega skrýtnir og virðast deila sömu viðhorfum til lífsins. Hið sama verður ekki sagt um frumkvöðulinn John Ford og kúrekahetjuna John Wayne. Ford var harður demókrati en Wayne studdi Repúblikanaflokkinn af miklum móð. Ford var síður en svo mannvinur, hann nánast lamdi Wayne áfram og píndi út úr honum frammistöðu á hestbaki sem aðdáendur kúrekamynda gleyma seint. Þessir ólíku menn – Wayne hafði orð á sér fyrir að vera öðlingur en Ford var lýst sem drykkjusjúku írsku fífli – gerðu þó saman 21 mynd á 24 árum, sú frægasta er The Searchers.

### Langur listi

Eins og áður segir er listi Empire yfir farsæl sambönd leikara og leikstjóra ansi langur. Á honum er að finna tvíeyki líkt og Spike Lee og Denzel Washington, Tom Hanks og Steven Spielberg og Tarantino og Umu Thurman. Steven Soderbergh og George Clooney hafa gert saman sex myndir og ríkisstjórinn í Kaliforníu, Arnold Schwarzenegger, var alltaf upp á sitt besta þegar James Cameron var við stjórnvölinn.

Ekki má heldur gleyma David Fincher og Brad Pitt, einu flottasta tvíeyki seinni tíma. Pitt er aldrei betri en þegar hann vinnur með Fincher og það verður því að teljast gott slúður sem gengur nú ljósum logum um kvikmyndaborgina að Brad Pitt ætli að leika Mikael Blomkvist í amerísku útgáfunni af Millenium-þríleik Stieg Larsson.

freyrgigja@frettabladid.is




ENNEMM / SÍA / NM41868

# Leikstjóri Kick-Ass stýrir næstu X-Men

Matthew Vaughn, leikstjóri ofursmellsins Kick-Ass, hefur verið ráðinn leikstjóri X-Men: First Class. Eins og nafnið gefur til kynna þá er þetta enn einn kaflinn í þessari stórsmellaseríu. Ráðgert er að tökur hefjist í byrjun júní og að myndin verði frumsýnd á næsta ári. Upphaflega stóð til að Bryan Singer myndi leikstýra þessari mynd en hann hafði þá þegar lofað sér að leikstýra kvikmyndinni Jack The Giant Killer sem til stendur að gera hér á Íslandi að hluta. Singer mun hins vegar framleiða myndina.

Singer sagði í yfirlýsingu að hann hefði lengi verið aðdáandi Vaughns eða síðan hann sá Layer Cake með Daniel Craig í aðalhlutverkinu.

X-Man: First Class á að segja forsöguna að því hvernig þetta hófst og segja sögu Charles Xavier og Eriks Lensherr áður en þeir urðu Prófessor X og Magneto. Xavier og Lensherr voru nefnilega mestu mátar áður en þeir urðu höfuðóvinir hvor annars og voru bara tveir ungir menn sem voru að uppgötva náðargáfu sína.





**SAGAN ÞEIRRA** Xavier og Lensherr voru mestu mátar áður en þeir urðu höfuðóvinir hvors annars. First Class á að fjalla um sögu þeirra.

# Endurkoma Freddy Kruger vinsæl

Maðurinn með hnífafingurna, Freddy Kruger, er aftur mættur á hvíta tjaldið til að hrella kvikmyndahúsagesti. Og svo virðist sem bandarískir kvikmyndaáhugamenn hafi saknað herra Krugers því myndin slátraði allri samkeppni um helgina í Bandaríkjunum. Myndin halaði inn rúmlega þrisvar sinnum meira en How to Train Your Dragon sem situr í öðru sæti listans. Gamanmyndin Date Night með Steve Carell og Tinu Fey er í öðru sæti.

Myndin er endurgerð á gömlu hryllingsmyndinni hans Wes Craven frá árinu 1984 þar sem Freddy birtist fyrst. Þá var Robert Englund í hlutverki Freddy en leikarinn lék fjöldamorðingjann í alls sjö myndum. Englund er hins vegar víðsfjarri í nýju útgáfunni því það er Jackie Earle Haley sem leikur hann núna. Þótt ótrúlegt megi virðast þá var Jackie þessi tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir bestan leik í aukahlutverki fyrir frammistöðu sína í Little Children þar sem hann fór á kostum á móti Kate Winslet og Jennifer Connelly. Hann er á eilítið annarri og ögn blóðugri slóð í sinni nýjustu mynd.



**BRONS** Freddy Kruger hafði mikla yfirburði í kvikmyndahúsum Bandaríkjanna um helgina og slátraði Tinu Fey og Steve Carell.

# Dularfullur Abrams

Kvikmyndagerðarmaðurinn J.J. Abrams er snillingur í því að búa til dulúð í kringum sínar kvikmyndir. Skemmst er að minnast Cloverfield en stikla úr myndinni birtist, öllum að óvörum, á Netinu án þess að nokkur vissi að hún væri einu sinni til. Nú virðist svipað vera upp á teningnum með nýjasta verkefni Abrams sem hefur verið gefið vinnuheitið Super 8. Vefmiðlar hafa reynt að geta í eyðurnar, einhverjir telja að hún sé sjálfstætt framhald Cloverfield en aðrir eru ekki jafnvissir. Eitt er víst að Abrams sjálfur á ekki eftir að tjá sig neitt um Super 8 svo hann eyðileggi ekki þessa ókeypis kynningu.



**LEYNDÓ** J.J. Abrams er ekki mikið fyrir að segja frá næstu verkefnum sínum.

MÁLÞING Í TILEFNI 20 ÁRA AFMÆLIS SIÐMENNTAR

Veraldlegt samfélag – gildi þess og framtíð

Laugardaginn 8. maí kl. 10:00 - 14:00 í stofu N132 í Öskju, Háskóla Íslands

| | |
|---|---|
| 10:00 | **Setning málþings** – Hope Knútsson, formaður Siðmenntar. |
| 10:10 - 10:40 | **Veraldlegt samfélag – er gildi þess gleymt?** Svanur Sigurbjörnsson, læknir. |
| 10:40 - 11:10 | **Vísindaskáldsögur og veraldarhyggja** Halldór Benediktsson, líffræðinemi við HÍ. |
| 11:10 - 11:40 | **Aðskilnaður ríkis og kirkju – hluti veraldlegs samfélags** Sigurður Hólm Gunnarsson, iðjuþjálfi. |
| 11:40 - 12:10 | **Hugsanir á dósum: um hjarðhugsun og andlega leti** Eyja Margrét Brynjarsdóttir, heimspekingur. |
| 12:10 - 12:40 | Hádegishlé. |
| 12:40 - 13:10 | **Er allt leyfilegt sem ekki er beinlínis skaðlegt?** Hugleiðingar um skólastarf á villigötum og skeytingarleysi menntayfirvalda. Jóhann Björnsson, heimspekingur og kennari. |
| 13:10 - 14:00 | Pallborð ræðumanna. |

Stjórnandi málþings: Steinar Harðarson, tæknifræðingur.

Hvert erindi er áætlað 20 mínútur en síðan er gert ráð fyrir spurningum til ræðumanns.

VERIÐ ÖLL VELKOMIN – ÓKEYPIS AÐGANGUR

SIÐMENNT 20 1990–2010



> **EKKI Í SAMBANDI**

Leikkonan **Jennifer Lopez** sagði í nýlegu viðtali að hún sé í litlu sambandi við sína fyrrverandi kærasta, leikarann Ben Affleck og rapparann Puff Daddy. „Ég hef ekki séð Ben í mörg ár. Við förum hvort í sína áttina eftir að við hættum saman. En ég hef ávallt óskað honum alls hins besta.“



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Berndsen á kvikmyndahátíðina í LA

„Það var hringt í leikstjórann og beðið um að fá að sýna myndbandið. Svo fórum við að skoða hvað var hátíðinni og þá voru þar risanöfn. Ég var bara sjitt! – fékk sjokk þegar ég sá þau,“ segir söngvarinn Davíð Berndsen.

Myndbandið við Supertime, lag Berndsens, hefur verið valið til sýningar á kvikmyndahátíðinni Los Angeles Film Festival í júní. Hátíðin er ein sú stærsta í heiminum sem sýnir óháðar myndir, en á hátíðinni er sérdagskrá helguð tónlistarmyndböndum. Berndsen er þar í fríðu föruneyti því myndbönd Bobs Dylan og hljómsveitanna MGMT og Coldplay eru í sama flokki.

Myndbandinu var leikstýrt af Helga Jóhannssyni og hefur hann verið beðinn um að mæta á hátíðina og taka þátt í pallborðsumræðu um myndbandið og framleiðslu þess. „Við stefnum báðir að því að fara á hátíðina, ef kreppan nær ekki að koma í veg fyrir það,“ segir Berndsen og bætir við að um góða kynningu sé að ræða þar sem um 80.000 gestir séu væntanlegir á hátíðina.

Myndbandið við Supertime hefur vakið talsverða athygli síðan það var frumsýnt í ágúst í fyrra. Myndbandið hefur verið skoðað um 250.000 sinnum á Youtube og fylgdi einnig með snjóbrettamyndinni The Came From sem hefur verið dreift víða um heim. **- afb**



**VILJA ÚT** Davíð og Helgi stefna á að fara til Los Angeles og sýna myndbandið við lagið Supertime. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FÖÐURLAUS** Kesha segist ekki vita hver faðir sinn er en telur sig ekki hafa misst af miklu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Föðurlaus Kesha

**Bandaríska söngkonan Kesha, sem sló í gegn með laginu Tik Tok, viðurkenndi í viðtali við tónlistartímaritið Rolling Stone að hún viti ekki hver faðir sinn er.**

**„Móðir mín var mjög upptekin af stjörnumerkjum og vildi eignast barn í fiskamerkinu og gekk í málið. Ég hef oft velt því fyrir mér hver faðir minn gæti verið. Móðir mín talaði oft um menn sem voru kallaðir Pat, Bob og John. Þetta er skemmtilegt umræðuefni fyrir aðra, en ekki fyrir mig. Ég er ekki heltekin af þessu, kannski er ég í afneitun, kannski þarf ég að leita mér sálfræðiaðstoðar. En ég tel að ég hafi átt góða barnæsku og finnst ekki sem ég hafi misst af miklu.“**

**Söngkonan sagðist jafnframt hafa fengið nokkur símtöl eftir að hún varð fræg frá ókunnugum karlmönnum sem halda því fram að þeir séu feður hennar. „Ég hef ekki farið í blóðprufur heldur treysti ég eðlisávísuninni hvað þessu viðkemur.“**

# HM YFIR OG ALLT UM KRING

**Þeir sem hafa engan áhuga á knattspyrnu, heimsmeistaramóti og frösum á borð við „glæsileg tilþrif“ og „sjáið þetta!“ ættu að flytja upp í sjónvarpslausan sumarbústað í júní. Því HM í Suður-Afríku mun nánast einoka sjónvarpsdagskrá RÚV í heilan mánuð.**



**VEISLA FYRIR KNATTSPYRNUÁHUGAFÓLK** Sannkölluð veisla verður fyrir þá sem hafa áhuga á knattspyrnu og HM í þessari vinsælustu íþrótt heims. Töluverð riðlun verður í dagskrá Sjónvarpsins vegna mótsins, Kastljósið fer í frí og snýr ekki aftur fyrr en 25. júlí og sjónvarpsfréttir verða klukkan sex í stað sjö á kvöldin.

Sjónvarpið og Stöð 2 Sport 2 munu sýna beint frá öllum leikjum heimsmeistaramótsins í knattspyrnu sem hefst formlega 11. júní. Stöð 2 Sport 2 sýnir alla leikina beint sem hefjast klukkan 11.30 og svo deila sjónvarpsstöðvarnar síðustu leikjunum í riðlakeppninni en þá er leikið á sama tíma. RÚV mun síðan sjá alfarið um að sýna beint frá útsláttarkeppninni og úrslitaleiknum sjálfum sem háður verður 11. júlí.

Alls verða sextíu og fjórir leikir í beinni útsendingu á 25 leikdögum. Búast má við töluverðri röskun á dagskrá RÚV sem á sjónvarpsréttinn að HM. **Sigmar Guðmundsson, ritstjóri Kastljóssins,** upplýsir þannig að Kastljósið fari í frí um leið og HM hefst og snúi ekki aftur fyrr en 25. júlí, eða tveimur vikum eftir að HM lýkur. Kristín Harpa Hálfdanardóttir, yfirmaður íþróttadeildar RÚV, segir leikjatímann varla hafa getað verið betri. „Sjónvarpsfréttir verða klukkan sex í stað sjö og hefðbundin dagskrá hefst klukkan níu,“ segir Kristín en Sjónvarpið mun sýna beint frá leikjunum sem hefjast klukkan hálf þrjú og hálf sjö. Sjónvarpsfréttirnar verða því einnig í styttra lagi.



Þorsteinn J. Vilhjálmsson verður áberandi í HM-umfjöllun sjónvarpsins. Hann verður með sérstakan upphitunarþátt korter yfir fimm á daginn þar sem farið verður ítarlega yfir hádegisleikinn og hann mætir svo aftur til leiks þegar síðasta viðureign dagsins er afstaðin. HM-æðinu lýkur því klukkan níu á kvöldin eftir að hafa staðið yfir, nánast samfleytt, frá því klukkan tvö. Sjónvarpið hefur verið að hita upp fyrir HM með kynningum á liðunum sem taka þátt en 18. maí hefst svo sérstök upphitun.

**freyrgigja@frettabladid.is**

### ÞESSI VERÐA Á SKJÁNUM Í KRINGUM HM

Þorsteinn J. Vilhjálmsson (RÚV)
Auðun Helgason (RÚV)
**Hjörvar Hafliðason** (RÚV)
Pétur Marteinsson (RÚV)
Logi Bergmann Eiðsson (Stöð 2 Sport 2)
**Ragna Lóa Stefánsdóttir** (Stöð 2 Sport 2)
Guðjón Þórðarson (Stöð 2 Sport 2)








# Ballettinn kom í stað hersins

Bryn Ballett Akademían er dansskóli í Reykjanesbæ sem býður meðal annars upp á nám í klassískum ballett, nútímadansi og jassballett. Stofnandi skólans er danskennarinn Bryndís Einarsdóttir sem kenndi í mörg ár í Los Angeles auk þess sem hún hefur kennt dans í Englandi og Japan.

„Ég er upprunalega úr Njarðvík en var búsett erlendis í fimmtán ár þar til ég flutti aftur heim fyrir tveimur árum. Ég byrjaði mjög ung að kenna við Dansstúdíó Sóleyjar og var einnig dugleg að sækja ýmis dansnámskeið út. Ég flutti svo út til Los Angeles og kenndi þar við ýmsa listdansskóla auk þess að hafa kennt við Lee Strasberg-leiklistarskólann,“ útskýrir Bryndís og segir kærasta sinn vera ástæðuna fyrir því að hún flutti heim á ný. „Ég kynntist kærasta mínum í Englandi. Hann er jurtalæknir og var afskaplega hrifinn af Íslandi og vildi endilega flytja hingað. Mig langaði aftur á móti að flytja til Frakklands og rækta ávexti og kenna ballett. Hann hélt áfram að suða í mér og á endanum gaf ég mig og nú erum við búin að vera hér í næstum tvö ár.“

Bryndís telur að koma dansskólans hafi ýtt undir dansáhuga barna og ungmenna í bænum og eru nemendur við skólann nú orðnir um tvö hundruð talsins. Skólinn er á gamla varnarsvæðinu, í stórum bröggum sem áður hýstu skotfærageymslu Bandaríkjahers. „Þetta er mjög skemmtilegt húsnæði en við létum blessa það í bak og fyrir áður en við tókum húsið í notkun svona til að fá góðan anda hingað inn,“ segir Bryndís og hlær.

Hægt er að kynna sér stundaskrá dansskólans á vefsíðunni www.bryn.is. - sm



**DANSINN GLEÐUR** Bryndís telur að koma dansskólans hafi ýtt undir áhuga barna á dansi. Hér er hún ásamt nemanda sínum í Los Angeles.

Tónlist ★★★

**Hesthúsið**

Diddi Fel




## Flottir taktar en full einsleitir textar

Diddi Fel er búinn að vera í framvarðasveit íslenska rappsins í nokkur ár. Hann er einn af meðlimum ofursveitarinnar Forgotten Lores og hefur verið iðinn við kolann utan hennar líka. Diddi gaf út plötuna Hvernig rúllar þú? ásamt G. Maris árið 2007 hjá vefútgáfunni Coxbutter, en Hesthúsið er hans fyrsta sólóplata.

Introbeats, félagi Didda úr F.L., á flesta takta á plötunni, en Diddi sér sjálfur um taktana í þremur lögum, Fonetik Simbol í fjórum og BRR í einu. Hesthúsið er hálfgerð þemaplata. Nafnið vísar í graðfola og textarnir fjalla flestir um djammið og stelpurnar. Diddi er flottur rappari með flæðið og tilþrifin í lagi og það er fullt af feitum töktum á plötunni, en maður væri alveg til í aðeins meira kjöt á beinin textalega séð. Það má alveg hafa gaman af þessum enskuskotnu djammtextum, en þeir halda ekki uppi heilli plötu. Viðlagið úr Let's go! er nokkuð nett: „Ég á ´etta show/þó þú shake-ir soldið rassinn baby ert'ekki ho /Ég á 'etta flow/og ef þú ert a fíla Fel komdu Baby lets go“. Það eru ekki eintómir djammtextar á plötunni, en heildin er of veik.

Eins og áður segir eru nokkur mjög flott lög á Hesthúsinu. Ég nefni sem dæmi titillagið, Jordan rúls, Gefðu mér pöff, Yfirmenn, Let's go! og besta lag plötunnar Sjúkur sem er algjört dúndur.

Á heildina litið má segja að þetta sé þokkalegasta plata. Vel þegin á meðan við bíðum eftir næstu Forgotten Lores plötu. Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Það er fullt af flottum töktum á Hesthúsinu og Diddi á fína spretti, en textalega mætti vera meira í hana lagt.


Frábær Hvítasunnuferð til

Costa del Sol

17. maí

frá kr. 89.900

- með öllu inniföldu

Ótrúlegt sértilboð ★★★ 8 nátta ferð með “öllu inniföldu”



Sértilboð á Roc Flamingo - Frábær 8 nátta ferð

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 8 nátta Hvítasunnuferð til Costa del Sol 17. maí. Í boði er einstakt sértilboð á Hotel Roc Flamingo, einum vinsælasta gististað okkar, með öllu inniföldu”. Aðeins eru örfá herbergi í boði á þessum kjörum - fyrstur kemur, fyrstur fær!

Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins í vor á Costa del Sol á ótrúlegum kjörum.

Verð kr. 89.900

– með “öllu inniföldu”

Netverð á mann, m.v. tvo fullorðna og 1 barn í herbergi á Hotel Roc Flamingo með “öllu inniföldu” í 8 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli kr. 99.900.






Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




# Fyrsta plata At Dodge City

Harðkjarna- og rokksveitin At Dodge City gefur á næstunni út sína fyrstu plötu sem nefnist As Our City Falls. Þrátt fyrir að vera ungir að aldri eru meðlimir sveitarinnar reynslumiklir og koma úr böndum á borð við Fighting Shit og Brothers Majere.

At Dodge City var stofnuð í Reykjavík sumarið 2008. Ári síðar fór sveitin í hljóðver og tóku upp sjö lög sem verða öll á nýju plötunni. Strákarnir annast útgáfuna alfarið sjálfir og ætla að selja plötuna á tónleikum og á Netinu.

Síðasta sumar fór hljómsveitin í vel heppnaða tónleikaferð um landið með rokkurunum í Nögl, Endless Dark og Gordon Riots. Fram undan eru tónleikar á Akureyri á föstudaginn og síðan áframhaldandi lagasmíðar og tónleikahald.



**AT DODGE CITY** Rokkararnir gefa á næstunni út sína fyrstu plötu sem nefnist As Our City Falls.




ALDREI AFTUR Í MEGRUN

**Árangur** / 20+

**Komdu út úr vítahringnum – 8 vikna námskeið**

Komdu með í skemmtilegan hóp.
Nýttu þér áratuga reynslu okkar og lærðu að tileinka þér nýjan og betri lífsstíl sem eykur lífsþrótt, hreysti og vellíðan.

Námskeiðið samanstendur af gönguferðum, léttri leikfimi, fyrirlestrum, fræðslu og stuðningsfundum. Þú færð sendan tölvupóst með stuðningi og fræðslu 5x í viku og aðgang að lokuðu heimasvæði á www.hreyfing.is með girnilegum heilsuuppskriftum frá Ágústu Johnson.

Forgangsraðaðu, settu þig í fyrsta sæti.

Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan til frambúðar.
Nánari lýsingu á námskeiðinu finnur þú á www.hreyfing.is.

Hefst 10. maí.
Verð 29.900 kr.

Mánudaga og miðvikudaga kl. 18.30 og laugardaga kl. 9.15.
Umsjón: Ásrún Ólafsdóttir

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa | Álfheimar 74 Sími: 414 4000 hreyfing@hreyfing.is www.hreyfing.is


# Björk helsti áhrifavaldur Bond-píu

Björk Guðmundsdóttir er einn helsti áhrifavaldur bresku leikkonunnar Gemmu Arterton. Þetta kemur fram í viðtali við hana í Guardian. Arterton lék Bond-stúlkuna Strawberry Fields í Quantum of Solace og er á góðri leið með að verða ein helsta stjarna breskrar kvikmyndagerðar en hún leikur aðalhlutverkin í stórmyndunum Clash of the Titans sem hefur rakað inn seðlum beggja vegna Atlantshafsins og svo auðvitað Prince of Persia þar sem Arterton leikur meðal annars á móti Gísla Erni Garðarssyni.

Arterton segir að Björk og frammistaða hennar í Dancer in the Dark hafi breytt lífi sínu. „Ég var alltaf með leiklistina sem áhugamál. En þegar ég var sextán ára sá ég myndir sem snerust ekki bara um að dansa, syngja og hlaupa um. Ég sá Dancer in the Dark, var á þeim tíma alveg rosalegur Bjarkar-aðdáandi og fannst því alveg gráupplagt að sjá þá mynd. Hún breytti lífi mínu, ég hugsaði með mér, henni tókst þetta og hún er söngkona, hvernig gerði hún þetta eiginlega?“ segir Arterton í viðtalinu.

Leikkonan tilnefnir tvo aðra listamenn sem hafa haft mikil áhrif á hana og Björk er svo sannarlega í góðum hópi. Því þetta eru þau Sir Ben Kingsley sem Gemma leikur einmitt á móti í Prince of Persia og svo Elizabeth Taylor, goðsögnin sjálf. - fgg



**LÆRIMEISTARINN OG NEMINN** Bond-píian Gemma Arterton nefnir Björk Guðmundsdóttur sem einn af þremur helstu áhrifavöldunum í lífi sínu.

# Halda garðveislu að brasilískum sið

Hjónin Guðmundur Thorberg og Adriana Rosa Barros munu standa fyrir brasilískri veislu á heimili sínu á laugardag. Guðmundur og Adriana héldu slíkan viðburð fyrst fyrir rúmu ári og komu þá um tvö hundruð manns til þeirra að njóta suður-amerískrar matarmenningar og tónlistar.

„Markmiðið með veislunni í fyrra var að reyna að koma á samböndum á milli fólks frá Suður-Ameríku sem búsett er hérlendis. Í fyrra kom töluvert af fólki frá Suður-Ameríku, Portúgal og Angóla, en einnig mikið af Íslendingum sem hafa áhuga á suður-amerískri menningu. Þetta var mjög vel heppnað í alla staði og eiginkona mín kynntist þarna annarri stúlku frá Brasilíu sem er besta vinkona hennar í dag,“ útskýrir Guðmundur. Adriana stendur nú í ströngu við eldamennskuna, enda gerir hún ráð fyrir um hundrað og fimmtíu manns í mat.

Guðmundur og Adriana flytja til Hollands í júní og því verður þetta síðasta brasilíska veislan sem þau halda í bili. Innt eftir því hvort hún hafi tíma til að pakka niður á meðan á undirbúningnum stendur segist hún enn ekki byrjuð. „Ég hef verið á fullu í að undirbúa veisluna undanfarna daga en um leið og því er lokið mun ég einbeita mér að flutningunum,“ segir Adriana og hlær.

Veislan fer fram við Sóltún 20 klukkan 20.00 og kostar þátttaka 2.500 krónur. - sm



**HALDA VEISLU** Hjónin Guðmundur Thorberg og Adriana Rosa Barros halda brasilíska veislu á heimili sínu á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**BÁRUJÁRN** Hljómsveitin Bárujárn er sigurvegari hljómsveitakeppninnar Þorskastríðið.

# Bárujárn vann Þorskastríðið

Sigurvegari í hljómsveitakeppninni Þorskastríðið 2010 er brimbrettasveitin Bárujárn. Hún hlýtur í verðlaun hljóðverstíma til að fullvinna þrjú lög, ársbirgðir af lýsi og einnig verður henni flogið til Færeyja þar sem hún spilar á G-festival 15.-17. júlí.

„Við erum ekki vön að fá eitthvað upp í hendurnar. Við höfum yfirleitt þurft að gera þetta sjálf," segir trymbillinn Leifur Ýmir Eyjólfsson. „Þetta er svolítið óvænt en það er alltaf gaman að vinna." Alls 92 flytjendur sendu inn lög í Þorskastríðið í ár. Skilyrðið var að sungið yrði á íslensku.

Bárujárn var stofnuð haustið 2008 í Reykjavík. Auk Leifs Ýmis eru í hljómsveitinni Oddur S. Báruson bassaleikari, Hekla Magnúsdóttir, sem leikur á þeramín, og Sindri Freyr Steinsson sem syngur og spilar á gítar. Hljómsveitin spilar hressilegt brimbrettarokk með drungalegum undirtón. „Við leggjum upp með „sörf" en reynum að toga það í hinar og þessar áttir. Til að byrja með var þetta mikið þyngra en við höfum verið að slípa þetta til," segir Leifur. Hann vonast til að fyrsta plata sveitarinnar líti dagsins ljós á þessu ári og koma þá hljóðverstímarnir frá Cod Music, sem stendur á bak við Þorskastríðið ásamt Rás 2, að góðum notum. **- fb**

# Heba farðar Blanchett

Förðunarmeistarinn Heba Þórisdóttir hefur verið ráðin til að sjá um förðun áströlsku leikkonunnar Cate Blanchett í nýjustu mynd Óskarsverðlaunahafans, Hannah. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þær tvær vinna saman því Hera sá einnig um förðun Blanchett í kvikmyndinni The Good German. Kvikmyndin fjallar um unga stúlku sem alin er upp af föður sínum til að verða hin fullkomni leigumorðingi. Með önnur hlutverk í myndinni fara þau Eric Bana, Nicolette Sheridan og Saoirse Ronan sem fór á kostum í kvikmynd Peters Jackson, The Lovely Bones.

Heba hefur náð ótrúlegum árangri í Hollywood því hún sá einnig um förðun í Tarantino-myndinni The Inglourious Basterds og vann einnig með Blanchett við gerð kvikmyndarinnar The Curious Case of Benjamin Button sem Brad Pitt lék í. Heba hefur að undanförnu verið spjallþáttastjórnandanum Söruh Silverman innan handar. Cate og Heba ættu að geta rætt um heimaslóðir förðunarmeistarans því leikkonan heimsótti landið í ágúst fyrir fjórum árum. Þá gisti hún á Hótel Búðum, keypti íslenska hönnun og lét fara vel um sig á veitingastaðnum Við Tjörnina. **- fgg**



**SAMAN Á NÝ** Heba Þórisdóttir og Cate Blanchett vinna saman á ný í kvikmyndinni Hannah sem nú er í tökum.










NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | 5, 7.30, 10(POWER) | 12 |
| THE BACK-UP PLAN | 8 og 10.10 | L |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | 8 og 10.10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN | 6 - 3D | L |
| NANNY MCPHEE & BIG BANG | 5.40 | L |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN




FYRRI MYNDIN GERÐI ALLT VITLAUST OG ÞESSI ER ENN BETRI

Robert Downey Jr., Samuel L. Jackson, Gwyneth Paltrow, Scarlett Johansson, Don Cheadle og Mickey Rourke eru mætt í fyrstu STÓRMYND SUMARSINS






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 5:20D - 8D - 10:40D | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 14 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE BLIND SIDE | kl. 8 | 10 |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:40 | 12 |
| ALICE IN WONDERLAND | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| KICK ASS | kl. 8 - 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 5:40D - 8:10D - 10:45D | 12 |
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8:10 - 10:40 | 14 |
| TITANS Sýnd á morgun | kl. 8:10(3D) - 10:30(3D) | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN ísl. Tali Sýnd á morgun | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| KICK ASS | kl. 8 - 10 | 14 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!



















SMÁRABÍÓ
SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| IRON MAN 2 LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| DATE NIGHT | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | 10 |

BORGARBÍÓ
SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 6 - 8 | 12 |
| THE CRAZIES | kl. 8 | 16 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 6 | L |
| LEGION | kl. 10 | 16 |
| DAYBRAKERS | kl. 10 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ
SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| CRAZY HEART | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

CRAZY HEART ER Á BÍÓDÖGUM GRÆNA LJÓSSINS

REGNBOGINN
SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| UNTIL THE LIGHT TAKES US | kl. 10 íslenskur texti | 14 |
| IMAGINARIUM OF DR. P... | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| ONDINE | kl. 10.15 íslenskur texti | 12 |
| UN PROPHÉTE | kl. 10.15 enskur texti | 16 |
| RUDY Y CURSI | kl. 6 íslenskur texti | 12 |
| MOON | kl. 8 íslenskur texti | 10 |
| NOWHERE BOY | kl. 6 íslenskur texti | 10 |
| THE LAST STATION | kl. 5.45 enskt tal | L |
| VIDEOCRACY | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| THE MESSENGER | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| TRASH HUMPERS | kl. 10 íslenskur texti | 18 |
| FANTASTIC MR. FOX | kl. 6 íslenskur texti | L |


# Nokia on Ice í þriðja sinn

Tónlistarhátíðin Nokia on Ice verður haldin í þriðja sinn um helgina á Sódóma Reykjavík. Frítt verður inn á föstudeginum þar sem þeir Mike Sheridan og DJ Margeir sjá um tónlistina. Á laugardeginum er miðaverð 1.000 krónur. Þá koma fram DJ Mike Sheridan, Samúel J. Samúelsson Big Band, Snorri Helga ásamt hljómsveit, Who Knew, Cliff Clavin, Miri, Of Monsters and Men, Biggabix og Hoffman.

„Þetta hefur gengið bara mjög vel,“ segir skipuleggjandinn, Valli Sport, um hátíðina. „Það hafa alltaf verið svolítið stór nöfn þarna. Flest hafa þau orðið mun stærri eftir að þau hafa verið þarna. Við höfum yfirleitt verið með góðan púls á þeim sem hafa verið að „meika“ það. Hjaltalín „meikaði“ það stuttu eftir að þau voru á Nokia on Ice og Dikta og Bloodgroup spiluðu þar þegar þær voru við það að springa út,“ segir Valli. „Við höfum líka passað upp á að það sé góð kynning í kringum þessa hátíð og að aðstaða og „sánd“ sé flott. Við höfum líka verið með góða náunga sem velja þá sem komast inn.“ - fb



**CLIFF CLAVIN** Rokkararnir í Cliff Clavin spila á Nokia on Ice á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ENDLESS DARK** Rokkararnir í Endless Dark tóku upp nýtt myndband í Bolton við lagið Cold, Hard December.

# Brjálaðir í nýju myndbandi

**Rokksveitin Endless Dark er nýkomin heim eftir frækilega för til London þar sem hún lenti í öðru sæti í alþjóðlegu hljómsveitakeppninni Global Battle Of The Bands. Eftir keppnina tók sveitin upp sitt fyrsta myndband í bænum Bolton við lagið Cold, Hard December.**

„Það var „kúl“ að gera það í Englandi,“ segir Atli Sigursveinsson, gítarleikari Endless Dark, um fyrsta myndband sveitarinnar sem tekið var upp í Englandi eftir að sveitin hafnaði í öðru sæti í Global Battle of the Bands. Myndbandsgerðin gekk þó ekki áfallalaust fyrir sig: „Við áttum að lifa okkur svo inn í þetta og vera svo brjálaðir í myndbandinu að hinn gítarleikarinn skallaði gítarinn og fékk skurð í andlitið,“ segir Atli.

Útgáfufélag sem er að íhuga að semja við Endless Dark um útgáfu smáskífu eða EP-plötu stóð á bak við gerð myndbandsins. Leikstjórn var í höndum aðila sem kalla sig Sitcom Soldiers og hafa verið duglegir við að taka upp myndbönd fyrir breskar rokksveitir. Einnig tóku þeir upp myndband íslensku sveitarinnar Ourlives við lagið Sandra. Fyrrverandi gítarleikari Ourlives, Egill Kári Helgason, er einmitt umboðsmaður Endless Dark.

Atli er að vonum ánægður með annað sætið í hljómsveitakeppninni og segir að þessi góði árangur hafi ekki komið sér mjög á óvart. „Mér fannst ekkert rosalega góð bönd þarna en maður er samt alltaf jafnspenntur og óviss. Þetta var drullugaman en það er skrítið að spila þegar það eru yfir tuttugu bönd að sama kvöldi. Það var mjög gaman að kynnast þessu liði.“

Vel var tekið á móti þeim í tónleikasalnum, eins og reyndar öllum sveitunum. „Það var klappað vel fyrir öllum böndum en manni heyrðist að fólk væri að fíla okkur. Helmingurinn af salnum var reyndar frá Nepal. Þegar Nepal kom á sviðið varð allt brjálað,“ segir Atli. Það var engu að síður kínversk sveit sem bar sigur úr býtum, eins og áður hefur komið fram í Fréttablaðinu.

Endless Dark spilar svokallað post-harðkjarnarokk, eða screamo. Sveitin er skipuð sex strákum á aldrinum 18 til 22 ára frá Ólafsvík og Grundarfirði og verður forvitnilegt að fylgjast með framgöngu þeirra á næstu árum. Atli er alla vega sannfærður um að framtíðin sé björt, þó svo að enn ríki óvissa um samningamálin. „Við vitum ekkert enn en það eru góðir hlutir að fara að gerast.“

freyr@frettabladid.is

# Lofar stórkostlegri Bræðslu

Tónlistarhátíðin Bræðslan á Borgarfirði eystri fer fram í sjötta skipti helgina 23.-25. júlí og hefst miðasala í dag. „Þetta verður stórkostlegt,“ segir skipuleggjandinn, Magni Ásgeirsson, um hátíðina. „Við höfum aldrei verið jafnduglegir við að skipuleggja. Það eina sem á eftir að gera er að smíða sviðið,“ segir hann. „Ég vil hvetja fólk til að ná sér í miða. Þetta er ekki eins og á þjóðhátíð því þarna er ekki hægt að troða endalaust inn.“



**MAGNI ÁSGEIRSSON**

Bræðslan hefur fest sig í sessi sem ein af áhugaverðari stoppistöðvum Íslands yfir sumarmánuðina. Í gegnum tíðina hafa komið þar fram Emilíana Torrini, Damien Rice, Belle & Sebastian, Magni, Lay Low, Þursaflokkurinn og Megas og Senuþjófarnir. Í ár mæta til leiks Dikta, Fanfarlo, KK & Ellen, 200.000 Naglbítar og sigurvegarar Músíktilrauna, Of Monsters and Men. Fanfarlo er sænsk/bresk hljómsveit sem hefur vakið mikla athygli upp á síðkastið. „Hún minnir mig á Belle & Sebastian og Talking Heads. Mér finnst þetta æðisleg hljómsveit,“ segir Magni. Hún hefur verið á tónleikaferð um Bandaríkin og kom á dögunum fram í spjallþætti Davids Letterman.

Forsala á Bræðsluna hefst í dag kl. 10 á Midi.is og afgreiðslustöðum Midi.is. Verð aðgöngumiða í forsölu er 5.500 krónur og eru 800 aðgöngumiðar í boði. Verð aðgöngumiða við inngang verður 6.500. krónur. - fb



**MÆTIR AUSTUR Í SUMAR** Hljómsveitin Fanfarlo spilar á Bræðslunni í sumar. Þetta verður í sjötta sinn sem hátíðin er haldin.

# FATA MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINNI

Glænýjar vörur beint frá London




**ódýrt**

Arabaklútar
799 kr.

Leggings
frá 999 kr.

Barnasokkabuxur
799 kr.

Dömugallabuxur
frá 3999 kr.

Herragallabuxur
frá 3999 kr.

Herraboxer 3 í pakka
frá 999 kr.

Herrahlýrabolir
799 kr.

Dömuhlýrabolir
799 kr.

Strákabolir
1299 kr.

Stelpukjólar
1999 kr.

Strákagallabuxur
1499 kr.

Strákaboxer 3 í pakka
799 kr.

# Opið í dag

Birt með fyrirvara um prentvillur

**FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI**

## OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19

**ALLA DAGA VIKUNNAR**

## > Atli líklega ráðinn á morgun

Samningaviðræður Atla Hilmarssonar og handknattleiksdeildar Akureyrar héldu áfram í gær og gengu vel að sögn að Hannesar Karlssonar, formanns handknattleiksdeildar. „Þetta þokast allt í rétta átt en það þarf að ganga frá mörgum smáatriðum. Ég er samt að vonast til þess að við klárum þetta á morgun [í dag],“ segir Hannes við Fréttablaðið í gær. Það virðist því fátt geta komið í veg fyrir að Atli Hilmarsson verði næsti þjálfari Akureyrar en hann mun taka við liðinu af Rúnari Sigtryggssyni sem stígur til hliðar eftir að hafa þjálfað fyrir norðan síðustu fimm ár.



# sport

sport@frettabladid.is

**HAUKAR GETA ORÐIÐ MEISTARAR Í KVÖLD:** SIGURÐUR EGGERTSSON OG ARON KRISTJÁNSSON SPÁ Í LEIKINN

## *Fagna Haukar annað árið í röð að Hlíðarenda?*

Valur tapaði einum heimaleik á síðasta tímabili. Það var í úrslitunum gegn Haukum og Haukar fögnuðu Íslandsmeistaratitlinum fyrir vikið. Haukar geta endurtekið leikinn í kvöld og fagnað í Vodafonehöllinni takist liðinu að leggja Val í fjórða leik liðanna.

„Við töpum ekki í Valsheimilinu. Það var frekar svekkjandi að tapa þessum eina leik í fyrra og þurfa að horfa upp á andstæðinginn fagna Íslandsmeistaratitli eftir það. Það má ekki gerast aftur,“ sagði Valsarinn Sigurður Eggertsson. Hann segir að áætlun Valsmanna hafi verið að fagna sjálfir í kvöld en nú er ljóst að Valur þarf að vinna í kvöld og á Ásvöllum í kjölfarið ætli liðið sér að verða meistari.



„Það er frekar fúlt. Það er ekkert gaman að fagna á Ásvöllum. Lélegar sturtur og engin sápa í sturtunni, það hefur aldrei verið sápa í sturtunni hjá þeim,“ sagði Sigurður en síðast þegar Valur varð meistari var það einmitt á heimavelli Haukanna.



Haukar voru miklu betri í þriðja leik liðanna og Valur sá aldrei til sólar. „Það vantaði alla stemningu og greddu í okkur. Vörnin og markvarslan ekki til staðar. Ég get ekki útskýrt það,“ sagði Sigurður en drengir Arons Kristjánssonar í Haukum sýndu loksins sitt rétta andlit í þeim leik.

„Við eyddum miklum tíma í að ræða hugarfar og hvernig við sköpum stemningu. Það skapaði meðvitund hjá mönnum og það skilaði sér. Við þurfum að gera meira af því í næsta leik,“ sagði Aron sem sendi leikmenn sína heim með heimaverkefni fyrir þann leik svo þeir gætu hugsað vandlega um hvað þeir gætu gert fyrir liðið.



**RIBERY** Gengur hér svekktur af velli eftir að hafa fengið rautt gegn Lyon. AFP

### Áfrýjun FC Bayern hafnað:

## Gefast ekki upp

**FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Evrópu staðfesti í gær að Franck Ribery, leikmaður FC Bayern München, þarf að taka út þriggja leikja bann fyrir rauða spjaldið sem hann fékk gegn Lyon í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Verður hann því ekki með í úrslitaleiknum gegn Inter 22. maí næstkomandi.**

**Bayern hafði áfrýjað úrskurði aganefndar sambandsins og ætlar ekki að gefast upp þrátt fyrir niðurstöðu gærdagsins. Bayern mun nú sækja mál sitt fyrir alþjóðlegum áfrýjunardómstóli íþróttamála í Sviss.**

**„Þetta finnst okkur harkalegur dómur og við munum fara eins langt með málið og við getum,“ sagði Karl-Heinz Rummenigge, stjórnarformaður Bayern.** - esá




# Ætlaði alltaf aftur í atvinnumennsku

**Hlynur Bæringsson mun yfirgefa Íslands- og bikarmeistara Snæfells í sumar en hann gekk í vikunni frá tveggja ára samningi við sænska úrvalsdeildarfélagið Sundsvall Dragons. „Mjög spennandi,“ segir Hlynur.**

**KÖRFUBOLTI** Hlynur Bæringsson hefur gengið frá tveggja ára samningi við sænska úrvalsdeildarfélagið Sundsvall Dragons. Hann yfirgefur því Snæfell eftir glæsilegt tímabil þar sem liðið varð bæði Íslands- og bikarmeistari og Hlynur var valinn besti leikmaður deildarinnar sem og úrslitakeppninnar.

„Það er varla hægt að velja betri tímapunkt til þess að fara frá Snæfelli,“ sagði Hlynur við Fréttablaðið. „Það yrði mjög erfitt fyrir mig að toppa þetta tímabil hér á Íslandi. Það er því góð tilfinning að geta farið núna. Hún hefði ef til vill verið öðruvísi ef við hefðum rétt misst af titlinum enn og aftur.“

Hann segist jafnframt vera ánægður með samninginn og spenntur fyrir því að komast í atvinnumennskuna á nýjan leik. Hlynur lék áður í hollensku úrvalsdeildinni, tímabilið 2005-6.

„Þetta var vissulega skemmtileg upplifun en hvað körfuboltann varðar var tímabilið í Hollandi vonbrigði. Mér gekk sjálfum ágætlega og komst til dæmis í stjörnuleikinn en liðið sjálft og allt í kringum það olli ákveðnum vonbrigðum. Ég ætlaði mér því alltaf að fara aftur út því ég gat ekki ímyndað mér að þetta yrði mitt eina ár í atvinnumennskunni.“

Hlynur verður 28 ára gamall í sumar og á því enn sín bestu ár eftir í körfuboltanum. „Ég ætla að spila lengi og tel mig ekki búinn að toppa. Ég held að þar fyrir utan sé engin regla á því hvenær leikmenn toppa heldur ráðist það af því hvernig menn hugsa um sig og hvernig menn æfa. Sjálfur hef ég breytt mínu æfingamunstri síðustu ár og á ekki von á því að ég toppi fyrr en eftir nokkur ár. Þetta er því gott skref fyrir minn feril.“



**Á LEIÐ TIL SVÍÞJÓÐAR** Hlynur Bæringsson og Jakob Örn Sigurðarson verða liðsfélagar í Svíþjóð á næsta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hann segir að viðræðurnar við Sundsvall eigi sér langan aðdraganda. „Það voru einhverjar þreifingar í haust og svo kom ekkert úr því. Það var svo fylgst með mér í gegnum Netið í vetur og þeir fengu líka einhverjar upptökur. Þjálfarinn kom svo til landsins og sá mig spila í tveimur leikjum í KR-seríunni í úrslitakeppninni. Samningurinn var svo sendur til mín eftir að tímabilinu lauk.“

Jakob Örn Sigurðarson lék með Sundsvall í vetur við góðan orðstír. Hlynur segir að það hafi hjálpað sér mikið.

„Jakob gat mælt með mér og það varð til þess að þeir byrjuðu að fylgjast með mér. En ég held að fyrst og fremst hafi hann hjálpað mér með því að standa sig svo vel sjálfur. Hann var sjálfur í KR í fyrra og sýndi að leikmenn úr íslensku deildinni eigi erindi í sterkari deildir. Ég held að eðlilega séu félög í Evrópu ekki endilega að líta fyrst til Íslands þegar þau eru að leita að nýjum leikmönnum.“

Sundsvall náði þriðja sæti deildarinnar í vor en féll úr leik strax í fyrstu umferð úrslitakeppninnar. „Þetta er lið sem stefnir alltaf hátt og varð til að mynda meistari í fyrra. Svo koma ár eins og þetta inn á milli en það er þó gott að vita til þess að ég er að fara til liðs sem stefnir alltaf eins hátt og mögulegt er,“ sagði Hlynur.

Spurður hvort nýliðið tímabil hafi verið hans besta sagði hann svo vera. „Þetta var mitt langbesta tímabil og mér fannst ég hafa náð að færa mig upp á annað „level“. Ég æfði mjög vel síðasta sumar og það skilaði sér.“

Tímabilið gekk þó ekki vandræðalaust fyrir sig en erfiðleikar utan vallar vegna persónulegra mála höfðu sín áhrif á lið Snæfells í vetur.

„Það hefur mikið gengið á og þetta var ekki alltaf auðvelt. Þetta hjálpaði okkur kannski að því leyti að hópurinn var orðinn mjög samheldinn. Tilfinningin þegar við urðum meistarar með þennan hóp leikmanna varð jafnvel enn betri fyrir vikið. En þetta var alls ekki auðvelt.“

eirikur@frettabladid.is

N1 Deildin
2009 - 2010
HSÍ
ÚRSLIT - LEIKUR 4
KARLAR
Fimmtudagur
Vodafone höll Valur - Haukar 19:30

### Rafn Andri Haraldsson, Breiðabliki, líklega með slitið krossband í hné:

# „Frábært“ að fá að taka tvö undirbúningstímabil í röð

**FÓTBOLTI** Rafn Andri Haraldsson mun væntanlega ekkert leika með Blikum í Pepsi-deild karla í sumar þar sem hann er líklega með slitið krossband í hné. Hann meiddist í úrslitaleik Lengjubikarsins um helgina er Breiðablik tapaði fyrir KR. Í gær fékk hann svo að vita að meiðsli hans væru alvarleg.

„Læknirinn sagði 99,9 prósenta líkur á að krossbandið væri slitið,“ sagði Rafn Andri. „En ég á reyndar eftir að fara í segulómskoðun en það lítur ekki út fyrir annað en að ég sé á leið í aðgerð og verði þá frá í langan tíma.“

Rafn Andri hefur aldrei þurft að glíma við svo alvarleg meiðsli áður og viðurkennir að um gríðarleg vonbrigði sé að ræða.

„Mér var búið að ganga mjög vel á undirbúningstímabilinu og liðið er líka í fínu standi. Ég hafði mjög góða tilfinningu fyrir sumrinu og það er svekkjandi að geta ekki verið með. Ætli ég verði ekki orðinn klár þegar næsta undirbúningstímabil hefst. Það er sjö mánaða langt og frábært að fá að taka tvö slík í röð,“ segir hann í kaldhæðnislegum tón og hlær.

Hann segir að lið Breiðabliks geti vel blandað sér í toppbaráttuna í sumar. „Liðið er nógu sterkt til að halda sér við topp deildarinnar. Ég sé alls ekki eftir því að hafa farið í Kópavoginn enda er þarna allt til alls. Þetta er líka virkilega góður hópur og alltaf gaman á æfingum sem er góður kostur.“ - esá



**RAFN ANDRI** Missir líklega af tímabilinu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



BT
Allt að gerast !
OPIÐ TIL 22:00
ALLA DAGA
Í SKEIFUNNI
FIFA WORLD CUP
SOUTH AFRICA
Fylgir
11.499
NÝTT Í VIKUNNI
Var að lenda
BJARNFREÐARSON
ION
FILMUSKANNI
FILM2SD
Skannar filmur og slides
Beint á tölvu eða á SD kort
5.0 MP upplausn
24.999
ION
LJÓSMYNDA- OG FILMUSKANNI
Ljósmynda og filmuskanni
Skannar ljósmyndir, 35mm og 110mm
negatívur og 35mm slides myndir
Einfaldur hugbúnaður fylgir
27.999
Sjálfstæður ljósmynda og filmuskanni
sem þarf ekki tölvu
Skannar ljósmyndir, 35mm og
110mm negatívur og 35mm slides myndir
Einfaldur hugbúnaður fylgir
34.999
ION VIDEO2 PC
Videobreytir
Videóklippikort
RCA og S-Video inngangur
USB tengi við tölvu
Hugbúnaður fylgir
12.999
14.999
ION
USB DJ GRÆJA
Fullkomin USB DJ græja
Crossfader
Bass og treble
Hugbúnaður fylgir
24.999
29.999
COBY 8GB
MP3 SPILARI
2.0" bjartur LCD skjár
8GB minni (ca.2500lög)
FM útvarp
Spilar tónlist,video og ljósmyndir
Allt að 11klst rafhlöðuending
17.999
SAMSUNG 16GB
MP3 SPILARI
16GB flash minni
2.4" LCD skjár
FM útvarp
Allt að 50klst
Rafhlöðuending
29.999
CANON 1000D
+18-55mm linsa
10.1 MP CMOS sensor
Up to 3fps (rammar á sekúndu)
7-point wide-area AF
Self-Cleaning Image Sensor (Sjálfþrífandi)
2.5" LCD with Live View mode (2,5" LCD skjár)
DIGIC III processor
SD/SDHC card slot (Minniskortarauf)
Picture Styles processing
Compact and lightweight
Compatible with EF/EF-S lenses and EX Speedlites
18-55mm Canon linsa fylgir með
99.999
109.999
ACER
5532-5509
Athlon 64 TF-36 2.0Ghz
320 GB, Serial ATA
2 GB DDR2 SDRAM, 667 MHz
ATI Mobility Radeon HD 3200
15.6" TFT (1366 x 768)
Vefmyndavél og kortalesari
Windows 7 Home Premium
99.999
PACKARD BELL
EASYNOTE
TJ65
Intel Dual Core T4400 2.2GHz
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
500GB SATA 5400RPM diskur
8xDVD SuperMulti DL skrifari
15.6'' HD LED CrystalBrite 1366x768
512MB Intel X4500HD skjástýring
300Mbps þráðlaust Draft-N net
0.3MP innbyggð vefmyndavél
Windows 7 Home Premium 64-BIT
129.999
Með fyrirvara um prentvillur,myndbrengl og uppseldar vörur. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.
BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

Eiður Smári og félagar tryggðu sér fjórða sætið í ensku úrvalsdeildinni í gær:

# Tottenham í Meistaradeildina

**FÓTBOLTI** Peter Crouch tryggði Tottenham sæti í Meistaradeildinni í gærkvöldi með því að skora sigurmark liðsins á móti Manchester City í óopinberum úrslitaleik liðanna um fjórða sætið í ensku úrvalsdeildinni. Tottenham náði þar með fjögurra stiga forskoti á City þegar aðeins ein umferð er eftir af mótinu.

„Þetta er frábært og þetta er búið að vera stórkostlegt tímabil hjá okkur. Við erum búnir að spila flottan fótbolta á leiðinni að þessum árangri og við eigum þetta skilið,“ sagði Harry Redknapp, stjóri Tottenham eftir leikinn en hann tók við liðinu í fyrra þegar það var í tómu tjóni og í fallbaráttu. Sigurinn í gær var því ekki síst sigur fyrir hann.

„Þetta var gott kvöld, við spiluðum vel og ég vissi alltaf að markið var á leiðinni. Crouchy átti frábæran leik og fór fyrir liðinu. Þetta var góð frammistaða hjá okkur,“ sagði Harry Redknapp.

Peter Crouch skoraði eina mark leiksins með skalla af stuttu færi þegar aðeins átta mínútur voru eftir af leiknum. Varnarmönnum og markmanni City tókst ekki að koma fyrirgjöf Younes Kaboul frá og enski landsliðsmiðherjinn var á réttum stað.

„Við misstum af bikarúrslitaleiknum en þetta kvöld bætir svo sannarlega fyrir það,“ sagði Michael Dawson, varnarmaður Tottenham, eftir leikinn. Tottenham er nú aðeins tveimur stigum á eftir nágrönnum sínum í Arsenal og gæti því krækt í þriðja sætið í lokaumferðinni. - óój



**MAÐUR KVÖLDSINS** Peter Crouch fagnar hér sigrinum í gærkvöldi sem kom Tottenham inn í Meistaradeildina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## ÚRSLITIN Í GÆR

### Enska úrvalsdeildin

| | |
|---|---|
| Manchester City-Tottenham | 0-1 |
| 0-1 Peter Crouch (82.) | |
| Fulham-Stoke | 0-1 |
| 0-1 Matthew Etherington (83.) | |

**STAÐA EFSTU LIÐANNA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **37** | **26** | **5** | **6** | **95-32** | **83** |
| Man. United | 37 | 26 | 4 | 7 | 82-28 | 82 |
| **Arsenal** | **37** | **22** | **6** | **9** | **79-41** | **72** |
| Tottenham | 37 | 21 | 7 | 9 | 65-37 | 70 |
| **Man. City** | **37** | **18** | **12** | **7** | **72-44** | **66** |
| Aston Villa | 37 | 17 | 13 | 7 | 52-38 | 64 |
| **Liverpool** | **37** | **18** | **8** | **11** | **61-35** | **62** |

### Spænski fótboltinn

| | |
|---|---|
| Mallorca-Real Madrid | 1-4 |
| 1-0 Aritz Aduriz (16.), 1-1 Cristiano Ronaldo (26.), 1-2 Ronaldo (57.), 1-3 Ronaldo (72.), 1-4 Gonzalo Higuaín (82.). | |

### Þýski handboltinn

| | |
|---|---|
| Kiel-Düsseldorf | 42-30 |
| Aron Pálmarsson skoraði 7 mörk fyrir Kiel en Sturla Ásgeirsson var með 3 mörk. | |
| Gummersbach-Hannover-Burgdorf | 28-27 |
| Róbert Gunnarsson skoraði 1 mark fyrir Gum mersbach en Hannes Jón Jónsson var með 3. | |

### Danski handboltinn

| | |
|---|---|
| FCK-Viborg | 37-21 |
| Arnór Atlason skoraði 6 mörk fyrir FCK sem mætir AaB í úrslitaleik um sæti í úrslitaeinvíginu. | |



**BJÖRGVIN PÁLL** Hefur farið mikinn í marki Kadetten í vetur. MYND/DIENER

Björgvin Páll Gústavsson:

## Svissneskur meistari í gær

**HANDBOLTI** Björgvin Páll Gústavsson og félagar í Kadetten urðu í gærkvöld svissneskir meistarar í handbolta aðeins nokkrum dögum eftir að liðið tryggði sér sæti í úrslitaleik EHF-bikarsins með því að slá út þýska stórliðið Flensburg.

„Tilfinningarnar voru ekkert brjálæðislegar eftir leik því menn eru enn þá að ná sér eftir Flensburgleikinn og það er mikil dagskrá fram undan. Við höldum dampi þrátt fyrir að hafa spilað í Evrópukeppninni fyrir nokkrum dögum. Það er mjög skemmtilegt að geta mætt á svona sterkan útivöll og klárað þetta,“ sagði Björgvin eftir sigurleikinn í gær.

„Þetta er búinn að vera langur vetur og þetta er stór titill fyrir félagið. Það átti enginn von á því að við myndum klára þetta svona snemma,“ sagði Björgvin og það kemur sér vel að vera orðnir meistarar þótt að það séu enn þá fjórir leikir eftir. „Það hjálpar okkur að geta dreift álaginu á leikmenn og náð öllum leikmönnum heilum inn fyrir úrslitaleikinn á móti Lemgo. Við ætlum nefnilega að taka þýska þrennu á þetta,“ sagði Björgvin en Kadetten hefur þegar slegið út þýsku liðin Göppingen og Flensburg á leið sinni í úrslitaleikinn. - óój



**BIRKIR BJARNASON** Mikilvægur í síðustu leikjum Viking. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Norska úrvalsdeildin:

## Perlumark hjá Birki í gær

**FÓTBOLTI** Norskir fjölmiðlar tala um perlumark hjá Birki Bjarnasyni sem skoraði sigurmark Víkings í 1-0 sigri á Haugasundi í norsku úrvalsdeildinni í fótbolta í gær. Það er ekki að ástæðulausu að þessu mikilvæga marki hafi verið hrósað enda um glæsilega afgreiðslu að ræða hjá stráknum. Birkir hoppaði upp og tók við hárri fyrirgjöf á kassann í loftinu, lagði hann fyrir sig og afgreiddi hann síðan upp í markhornið.

Birkir skoraði markið sitt á 44. mínútu leiksins en hann tryggði Viking jafntefli á móti Kongsvinger um síðustu helgi eftir að hafa komið inn á sem varamaður. Hann hefur þar með tryggt sínu liði fjögur stig í síðustu tveimur leikjum. - óój



**CAPELLO** Ætlar sér langt með enska landsliðið á HM. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fabio Capello um HM:

## Hrifinn af draugabönum

**FÓTBOLTI** Fabio Capello hefur einsett sér að útrýma þeim draugum sem fylgt hafa enska landsliðinu síðustu ár og áratugi fyrir HM í Suður-Afríku í sumar.

„Þegar ég tók fyrst við liðinu þá fylgdi því króatískur draugur," sagði Capello í viðtali við enska fjölmiðla. Þar átti hann við að Englandi mistókst að komast á EM 2008 eftir að hafa tapað fyrir Króatíu á Wembley.

„Ég hef líka reynt að fjarlægja mig frá þeirri umræðu um að við höfum ekki unnið neitt í 44 ár," bætti hann við en England varð síðast heimsmeistari árið 1966. „Ég er hrifinn af draugabönum. Vonandi tekst okkur að útrýma þeim draugi líka því ég vil ná eins langt með þessu liði og ég mögulega get." - esá

Inter bikarmeistari í gær:

## Þrennan enn inni í myndinni

**FÓTBOLTI** Inter Milan tryggði sér í gærkvöldi ítalska bikarmeistaratitilinn eftir 1-0 sigur á Roma í úrslitaleiknum á Ólympíuleikvanginum í Róm.

Argentínumaðurinn Diego Milito skoraði eina mark leiksins eftir stungusendingu fimm mínútum fyrir hálfleik. Francesco Totti, fyrirliði Roma, fékk rauða spjaldið á 88. mínútu leiksins.

Jose Mourinho, þjálfari Inter, á því enn möguleika á að vinna þrennuna með liði sínu. Inter er á toppnum í deildinni með tveggja stiga forskot þegar tvær umferðir eru eftir og er líka komið í úrslitaleikinn í Meistaradeildinni á móti Bayern München. - óój

Hamarsmenn eru búnir að missa stigahæsta Íslendinginn í Iceland Express-deild karla:

# Marvin samdi við Stjörnuna

**KÖRFUBOLTI** Marvin Valdimarsson hefur ákveðið að spila með Stjörnunni í Iceland Express-deild karla næsta vetur en Marvin var meðal annars stigahæsti íslenski leikmaðurinn í deildinni í vetur.

„Ég hafði alltaf ætlað mér að breyta til því að aðstæður eru þannig að ég bý í bænum og er með konu, krakka, íbúð og allt mitt hafurtask í bænum. Ég vildi vera hérna á Reykjavíkursvæðinu og Stjarnan var álitlegasti kosturinn þó að það hafi verið mörg önnur lið að tala við mig. Ég held að ég eigi eftir að falla ágætlega inn í þetta hjá þeim," segir Marvin sem var með 24,5 stig og 6,0 fráköst að meðaltali með Hamri í vetur en skoraði 31,1 stig að meðaltali í 1. deildinni tímabilið á undan þegar Hamarsmenn tryggðu sér sæti meðal þeirra bestu. Marvin spilar nú við hlið Justins Shouse og Jovans Zdravevski en þeir skoruðu allir yfir 20 stig í leik í vetur.

„Ég vona að við séum ekki að taka of mikið hver frá öðrum þegar það eru komnir þrír af stigahæstu leikmönnum deildarinnar í sama liðið. Ég hef engar áhyggjur af því og maður verður eflaust í öðruvísi hlutverki en ég er búinn að vera í Hamri. Ég hef engar áhyggjur af því þótt ég skori ekki 25 stig í leik," segir Marvin.

„Það er mjög erfitt að fara en ég er kominn á þann aldur að maður verður að prófa það einu sinni að vera með liði sem á möguleika á að vinna einhverja titla," segir Marvin að lokum. - óój



**MARVIN VALDIMARSSON** Skoraði mest 51 stig í einum leik í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ





**SÖLVI GEIR** Orðaður við félög víða.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Sölvi Geir Ottesen:

## Newcastle hefur ekki áhuga

**FÓTBOLTI** Útsendari enska félagsins Newcastle á Norðurlöndunum, Ole Nielsen, segir að félagið hafi ekki áhuga á að fá Sölva Geir Ottesen, leikmann SönderjyskE, í sínar raðir.

Þetta sagði Nielsen í samtali við danska fjölmiðla í dag en Sölvi hefur lengi verið orðaður við Newcastle.

„Þessar sögusagnir eiga sér rætur hjá SönderjyskE því ekki höfum við áhuga. Við höfum séð hann spila margoft en þó svo að við séum að mæta á leiki SönderjyskE þýðir það ekki að við séum endilega að fylgjast með Sölva.“

„Okkur þykir það pirrandi að við séum sífellt sagðir á eftir Sölva því ég get staðfest að við höfum ekki áhuga á honum,“ er haft eftir Nielsen.

Forráðamenn SönderjyskE eiga þó von á því að Sölvi fari frá félaginu nú í sumar. **- esá**



**DAVID SILVA** Gefur Man. Utd undir fótinn. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Silva daðrar við United:

## Erfitt að segja nei við United

**FÓTBOLTI** Spænski leikmaðurinn David Silva hjá Valencia er enn og aftur orðaður við Man. Utd þessa dagana og leikmaðurinn er nú farinn að gefa United undir fótinn.

Sjálfur segist hann vera hamingjusamur hjá Valencia en viðurkennir þó að það yrði erfitt að hafna tilboði frá Man. Utd.

„Þegar maður heyrir að félag eins og Man. Utd hafi áhuga á manni þá er það mikill heiður. Ég er mjög meðvitaður um styrkleika enska boltans og enska deildin hefur verið sú besta í heimi síðustu ár,“ sagði Silva.

„Ef það kæmi kall frá United þá væri mjög erfitt að segja nei. Þó svo ég sé hamingjusamur hjá Valencia þá hafa allir leikmenn sinn verðmiða og ef Valencia fær gott tilboð þá gætu bæði félög gert góð viðskipti.“ **- hbg**

# Miðjumoðið í Pepsi-deild karla

**Fréttablaðið hefur ekki trú á því að Fylkir endurtaki leikinn og verði í toppbaráttunni í sumar. Stjarnan mun einnig vera í neðarlega rétt eins og mikið breytt lið Vals. Grindavík verður rétt fyrir ofan fallliðin.**

**FÓTBOLTI** Pepsi-deild karla hefst næstkomandi mánudag og að þessu sinni skoðum við liðin sem Fréttablaðið spáir að verði í sætum níu til sex í sumar.

**9. sæti – Grindavík**
Grindvíkingar hafa alla burði til þess að gera betur í ár en í fyrra en Fréttablaðið hefur þó ekki trú á því að þeir nái hærra en síðasta sumar. Það verður örugglega gaman að horfa á Grindavíkurliðið spila í sumar enda hefur það innan sinna raða frábæra sóknarmenn.

Grindvíkingar vilja örugglega sækja í sumar og lykilmaðurinn í þeirra sóknarleik verður án vafa Scott Ramsay. Hann er maðurinn sem á að búa til færin fyrir liðið og hefur eiginleika til þess að sprengja upp hvaða vörn sem er. Gilles Ondo sló í gegn í fyrra en hann ætti að mæta enn sterkari til leiks næsta sumar þar sem hann hefur verið lengur hjá liðinu og þekkir íslenska boltann betur.

Spurningarmerkið er þó Grétar Ólafur Hjartarson sem snýr aftur eftir löng og erfið meiðsli. Áður en Grétar meiddist var hann óumdeilanlega einn besti framherji landsins. Stóra spurningin er aftur á móti sú hvort sömu töfrar séu enn í tánum á stráknum. Ef svo er þá eru Grindvíkingar í toppmálum.

Tilkoma Auðuns Helgasonar mun styrkja varnarleik liðsins til mikilla muna en áhyggjuefnin eru miðjan og markvörðurinn. Óskar Pétursson var afar óstöðugur í fyrra og gerði nokkuð af klaufamistökum. Slík mistök kosta stig og verða því að vera í lágmarki.

**8. sæti – Stjarnan**
Stjarnan var spútniklið síðasta sumars, framan af móti það er að segja. Leikur liðsins hrundi svo til algjörra grunna og það er mikið áhyggjuefni. Rétt eins og hversu lélegt liðið er á útivelli. Liðið sýndi aftur á móti síðasta sumar að það getur spilað frábæran sóknarbolta. Léttleikandi og baráttuglaðir strákar sem vilja spila fótbolta.



**VERÐUGT VERKEFNI** Ólafur Þórðarson stýrði Fylki óvænt í þriðja sætið í fyrra. Hann fær það verðuga verkefni að reyna að endurtaka þann leik í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Miðjan var ekki nógu sterk í fyrra en tilkoma Atla Jóhannssonar og Dennis Danry ætti að styrkja miðjuspil liðsins til mikilla muna. Varnarleikurinn er einnig traustur og liðið hefur fínan markvörð.

Það er klassísk tugga að annað ár liða í efstu deild geti reynst liðum erfið. Það er talsvert til í þeirri tuggu og Stjörnumenn munu ekki njóta þess í ár að eitthvert lið vanmeti þá. Ef liðið ætlar sér einhverja hluti þá þarf það að vinna einhverja útileiki en liðið vann aðeins einn útileik í fyrra, það var gegn Þrótti í 2. umferð.

**7. sæti – Valur**
Vonbrigði síðasta sumars. Allt sem gat gengið á afturfótunum gerði það. Félagið tók þá skynsamlegu ákvörðun að moka út leikmönnum sem annaðhvort voru komnir fram yfir síðasta söludag eða voru eingöngu í félaginu að því er virtist til þess að ná í launatékka.

Á móti kemur að liðið hefur ekki fengið nógu sterka íslenska leikmenn í staðinn og þjálfari liðsins hefur litla reynslu. Helstu viðbrigðin verða þó þau að Valsmenn spila ekki undir pressu í sumar enda er ekki búist við miklu af liðinu.

Gunnlaugur Jónsson þarf því væntanlega ekki að fara á taugum þó svo að illa ári í sumar. Stjórn Vals hefur haft það orð á sér að vera fullafskiptasöm en beri henni gæfa til að gefa Gunnlaugi vinnufrið gæti það borið ávöxt næsta sumar. Danirnir tveir eru síðan spurningarmerki en standi þeir undir væntingum gætu Valsmenn bitið frá sér.

**6. sæti – Fylkir**
Fylkir kom allra liða mest á óvart í fyrra og líklega má segja að Ólafur Þórðarson hafi náð öllu út úr þessu liði og rúmlega það. Það verður ekki auðvelt að endurtaka þann leik og það er pressa á mörgum leikmönnum að sýna sömu frammistöðu og í fyrra. Ekki hjálpar til að lítið gekk að styrkja hópinn og endurkoma Ólafs Stígssonar ber vott um örvæntingu í Árbænum.

Valur Fannar var límið í liðinu í fyrra og hann verður að spila álíka vel í sumar ef Fylkir ætlar að halda dampi. Vörnin var líka frábær og hún þarf að vera í toppformi. Framherjar liðsins eru ekki nógu stöðugir og Fylkir gæti lent í vandræðum með að skora. Nái strákar eins og Ingimundur Níels og Kjartan Breiðdal að spila jafn vel og í fyrra þá verða Fylkismenn í fínum málum. Algjör bónus yrði síðan fyrir liðið ef Pape Faye hefur fundið markaskóna en hann gat ekki keypt mark í fyrra.

Við spáum því aftur á móti að Fylkir nái ekki að endurtaka leikinn í sumar. Liðið vantar breidd og stöðugri markaskorara.

**henry@frettabladid.is**

**Lið:** Grindavík
**Spá Fréttablaðsins:** 9. sæti.
**Árangur í fyrra:** 9. sæti.
**Þjálfari:** Lúkas Kostic.
**Lykilmaður:** Scott Ramsay.
**Styrkleikar:** Frábærir sóknarmenn, ágætur heimavöllur.
**Veikleikar:** Mistækur markvörður og óstöðugt lið.
**Helstu breytingar:** Liðið missti Óla Stefán Flóventsson, Eystein Húna Hauksson og þrjá erlenda miðlungsmenn. Fengu Auðun Helgason í vörnina og Loic Ondo sem er spurningarmerki.

**Lið:** Stjarnan
**Spá Fréttablaðsins:** 8. sæti.
**Árangur í fyrra:** 7. sæti.
**Þjálfari:** Bjarni Jóhannsson.
**Lykilmaður:** Steinþór Freyr Þorsteinsson.
**Styrkleikar:** Gervigrasið sem þeir þekkja manna best, góð stemning.
**Veikleikar:** Enginn stöðugleiki, lítil breidd.
**Helstu breytingar:** Liðið saknar helst Guðna Rúnars Helgasonar en hefur fengið Atla Jóhannsson, Dennis Danry, Marel Baldvinsson og Ólaf Karl Finsen.

**Lið:** Valur
**Spá Fréttablaðsins:** 7. sæti.
**Árangur í fyrra:** 8. sæti.
**Þjálfari:** Gunnlaugur Jónsson.
**Lykilmaður:** Atli Sveinn Þórarinsson.
**Styrkleikar:** Sterkir miðjumenn, reyndir varnarmenn.
**Veikleikar:** Lítt reyndur þjálfari, mistækur markvörður, leikmenn sem gefast upp.
**Helstu breytingar:** Misstu marga leikmenn eins og Baldur Bett, Guðmund Mete, Helga Sigurðsson og Marel Baldvinsson. Fengu tvo Dani, Hauk Pál Sigurðsson og Jón Vilhelm Ákason.

**Lið:** Fylkir
**Spá Fréttablaðsins:** 6. sæti.
**Árangur í fyrra:** 3. sæti.
**Þjálfari:** Ólafur Þórðarson.
**Lykilmaður:** Valur Fannar Gíslason.
**Styrkleikar:** Samheldinn hópur, hraðir sóknarmenn, baráttuglatt lið, sterkur markvörður.
**Veikleikar:** Lítil breidd, óstöðugir framherjar.
**Helstu breytingar:** Liðið missti Halldór Hilmisson en fékk Baldur Bett, Odd Inga Guðmundsson og Andrew Bazi frá Svíþjóð.

Tölfræðin úr fyrstu þremur leikjum Hauka og Vals í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn í N1 deild karla:

# Sigurbergur atkvæðamestur í úrslitunum

**HANDBOLTI** Haukamaðurinn Sigurbergur Sveinsson hefur verið atkvæðamikill í fyrstu þremur leikjunum í úrslitaeinvígi Hauka og Vals en liðin mætast í fjórða sinn í Vodafone-höllinni í kvöld.

Sigurbergur er markahæsti leikmaðurinn í einvíginu og aðeins tveir leikmenn hafa gefið fleiri stoðsendingar. Sigurbergur hefur alls skorað 26 mörk (úr 48 skotum, 54 prósent) þar af hafa 19 þeirra komið úr aðeins 31 skoti í síðustu tveimur leikjum.

Sigurbergur hefur einnig gefið 9 stoðsendingar og það eru aðeins félagi hans Elías Már Halldórsson og Valsmaðurinn Sigurður Eggertsson sem hafa gert betur en þeir eru báðir búnir að gefa 10 stoðsendingar á félaga sína.

Arnór Þór Gunnarsson er markahæstur Valsmanna með 22 mörk úr 35 skotum (63 prósenta skotnýting) en hann hefur þar af nýtt öll 11 vítin sín. Valsmenn eru með 92 prósenta vítanýtingu í einvíginu (12 af 13) en Haukar hafa aðeins nýtt 12 af 17 vítum sínum (71 prósent). Fannar Þór Friðgeirsson hefur skorað flest mörk Valsmanna utan af velli (15) en hann er einnig sá leikmaður í einvíginu sem hefur fiskað flesta mótherja út af eða alls 7.

Pétur Pálsson, línumaður Hauka, hefur staðið sig vel en hann hefur nýtt 11 af 12 skotum sínum og enginn hefur fiskað fleiri víti. Pétur hefur fiskað 7 víti og 4 brottrekstra í þessum þremur leikjum.



**SIGURBERGUR SVEINSSON** Haukamaðurinn hefur skorað 8,7 mörk að meðaltali í leik í lokaúrslitunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Haukamaðurinn Freyr Brynjarsson hefur skorað flest hraðupphlaupsmörk (4) en þau komu öll í síðasta leik þegar Haukarnir skoruðu öll sjö hraðupphlaupsmörk leiksins. Félagi Freys, Gunnar Berg Viktorsson, hefur varið flest skot í vörn (4) en Haukavörnin hefur tekið sex fleiri skot en Valsvörnin í fyrstu þremur leikjunum.

Valsmarkverðirnir eru framar í tölfræðinni, Hlynur Morthens hefur varið 51 skot eða 15 fleiri en Birkir Ívar Guðmundsson og varamarkvörður Valsmanna, Ingvar Guðmundsson, hefur varið þrjú víti af þeim 4 sem hafa verið varin í þessum þremur leikjum. **- óój**

**Tilboð Tilboð Tilboð Tilboð Tilboð Tilboð Tilboð Tilboð**

Aðeins fimmtudag, föstudag og laugardag

# 35% afsláttur

Af öllum treyjum erlendra félagsliða!!!!




# Jói útherji
síðan 1999

Ármúla 36 • 108 Reykjavík • Sími 588 1560

**www.joiutherji.is**



> **Teri Hatcher**

„Ég þoli ekki að klæðast fötum sem láta mér líða eins og ég sé einhver önnur en ég er.“

***Hatcher fer með hlutverk Susan Mayers í þættinum Aðþrengdar eiginkonur sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 21.15.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SAMGLEÐST HEIMSMEISTARANUM Í SNÓKER

# *Ástralinn sem lét drauminn rætast*

Það var gaman að fylgjast með úrslitaviðureign Ástralans Neils Robertson og Skotans Graeme Dott um helgina sem lauk með heldur öruggum sigri hins fyrrnefnda. Robertson leiddi allan tímann í einvíginu og þrátt fyrir að Dott hafi bitið frá sér af og til var sigurinn mjög verðskuldaður.

Sagan á bak við sigur hins 28 ára Robertsons er áhugaverð. Fyrir nokkrum árum ákvað hann að leggja allt undir í von um frama í snókernum. Hann hætti í skóla og flaug aleinn frá heimalandi sínu til Bretlands, mekka snókersins, með aðeins nokkrar krónur á milli handanna. Þrátt fyrir brösuglega byrjun gafst hann ekki upp. Hann flutti til Cambridge þar sem hann vann sig smám saman upp í íþróttinni. Þar æfði hann með Joe Perry, sem er í tólfta sæti á heimslistanum, og kann Robertson honum miklar þakkir fyrir hjálpina.

Robertson sér varla eftir því að hafa haldið sínu striki og ekki gefist upp. Hann er fyrsti snókerspilarinn utan Bretlandseyja sem hefur unnið heimsmeistaratitilinn síðan Kanadabúinn Cliff Thorburn bar sigur úr býtum árið 1980. Hann er kominn í annað sæti heimslistans í snóker og síðast en ekki síst er hann kominn með 250 þúsund pund í vasann fyrir titilinn, eða tæpar fimmtíu milljónir króna. Robertson er skólabókardæmi um hvað getur gerst ef menn trúa á sjálfa sig og eru ákveðnir í að leggja allt undir til að láta drauminn rætast.



**MEÐ BIKARINN** Neil Robertson með sigurlaunin sem hann fékk eftir að heimsmeistaratitillinn var kominn í höfn. NORDICPHOTOS/GETTY

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.00** Pepsídeildin 2010 STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** Forgetting Sarah Marshall STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00** Royal Pains SKJÁREINN



▶ **21.30** The Andromeda Strain STÖÐ 2



▶ **21.50** Grey's Anatomy STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hvaða Samantha?** (26:35)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Loftslagsvinir** (Klima nørd) (7:10) Dönsk þáttaröð. Hvað er að gerast í loftslagsmálum? Og hvað getum við gert? Léttgeggjaði prófessorinn Max Temp og sonur hans velta fyrir sér ástandi jarðarinnar.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá fjórða leik Vals og Hauka í úrslitakeppni karla í handbolta.
**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross og Eva Longoria.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Herstöðvarlíf** (Army Wives) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra. Aðalhlutverk: Kim Delaney, Catherine Bell, Sally Pressman, Brigid Brannagh, Sterling K. Brown og Brian McNamara.
**23.00 Stórtebeker** (Störtebeker) (1:2) (e)
**00.30 Fréttir** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Made of Honor**
**10.00 Leatherheads**
**12.00 Shrek 2**
**14.00 Made of Honor**
**16.00 Leatherheads**
**18.00 Shrek 2**
▶**20.00 Forgetting Sarah Marshall** Gamanmynd um Peter sem fer til Havaí í frí til að gleyma fyrrverandi kærustu sinni en rekst þar fljótlega á hana með nýja kærastanum.
**22.00 Broken Flowers** Gamanmynd með dramatísku ívafi með Bill Murray í aðalhlutverki. Piparsveininnum Don Johnston er tilkynnt í nafnlausu bréfi að sonur hans sem hann vissi ekki af, sé að leita að honum.
**00.00 Crank**
**02.00 The Number 23**
**04.00 Broken Flowers**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Harry and Toto, Litla risaeðlan, Stuðboltastelpurnar og Scooby-Doo og félagar.
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Burn Notice** (16:16)
**11.50 Amazing Race** (5:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (14:19)
**13.45 La Fea Más Bella** (164:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (165:300)
**15.15 Barnatími Stöðvar 2** (7:27) The O.C., Háheimar, Stuðboltastelpurnar og Scooby-Doo og félagar.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (11:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (24:24) Gamanþáttur um bræðurna Charlie og Alan Harper.
**19.45 How I Met Your Mother** (12:20) Við höldum áfram að kynnast vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin.
**20.10 Matarást með Rikku** (1:8) Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga.
**20.45 NCIS** (18:25) Spennuþáttaröð um sérsveit sem rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöttu seríu.
▶**21.30 The Andromeda Strain** Seinni hluti framhaldsmyndar.
**22.55 Steindinn okkar**
**23.25 Twenty Four** (14:24)
**00.10 Cold Case** (17:22)
**00.55 The Mentalist** (16:23)
**01.40 Supernatural** (9:16)
**02.20 Look at Me**
**04.10 NCIS** (18:25)
**04.55 Two and a Half Men** (24:24)
**05.15 How I Met Your Mother** (12:20)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Mallorca - Real Madrid** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**17.25 Inside the PGA Tour 2010** Árið fram undan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**17.50 Bestu leikirnir: Breiðablik - ÍA 19.08.01** Skagamenn urðu Íslandsmeistarar fimm ár í röð á síðasta áratug aldarinnar en ÍBV og KR stoppuðu sigurgöngu þeirra. Árið 2001 voru Skagamenn með í baráttunni á nýjan leik og mættu þeir Blikum í Kópavoginum í 14. umferð.
**18.20 Mallorca - Real Madrid** Útsending frá leik í spænska boltanum.
▶**20.00 Pepsídeildin 2010: Upphitun** Hitað upp fyrir Pepsí-deild karla í knattspyrnu. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport. Tómas Ingi Tómasson og Magnús Gylfason fara yfir komandi sumar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.
**21.00 2009 PLAYERS Championship Official Film** Mynd þar sem fjallað er um The Players Championship-mótið í golfi árið 2009.
**21.50 Quail Hollow Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**22.45 Pepsídeildin 2010: Upphitun**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Man. City - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**15.45 Liverpool - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.25 Tottenham - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.05 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp.
**20.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**20.30 PL Classic Matches: Crystal Palace - Blackburn, 1992**
**21.00 PL Classic Matches: Man. Utd. - Sheffield Wednesday**
**21.30 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**22.25 Coca Cola-mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**22.55 Man. City - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (10:11) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (10:11) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**17.05 Dr. Phil**
**17.50 America's Next Top Model** (e)
**18.55 Girlfriends** (15:22) (e)
**19.15 Game Tíví** (15:17)
**19.45 King of Queens** (5:24) (e)
**20.10 The Office** (27:28)
**20.35 Parks & Recreation** (1:13) Leslie reynir að vekja athygli á dýragarði bæjarins með því að láta gifta tvær mörgæsir en allt verður vitlaust þegar í ljós kemur að báðar mörgæsirnar eru karlfuglar.
▶**21.00 Royal Pains** (3:13) Balletdansmær missir sig í ruslfæði í fyrsta sinn í mörg ár en missir meðvitund í kjölfarið. Hank þarf einnig að sinna veikum sjómanni sem þolir ekki sjúkrahús og Jill dettur í það eftir að hún missir af fjármögnun fyrir heilsugæslustöðina sína.
**21.50 Law & Order** (2:22) Þegar nafnspjald Oliviu Benson finnst í vasa manns sem var myrtur kalla Green og Fontana á félaga sína úr SVU til að hjálpa þeim að leysa málið.
**22.40 Heroes** (7:19) Matt grípur til örþrifaráða til að losa sig við Sylar í eitt skipti fyrir öll. Claire og Gretchen eru busaðar en þeirra bíða stærri vandamál.
**23.25 Jay Leno** Gestur Jay Lenos að þessu sinni er Robert Downey jr.
**00.10 The Good Wife** (17:23) (e)
**01.00 Battlestar Galactica** (20:22)
**01.40 King of Queens** (5:24) (e)
**02.05 Worlds Most Amazing Videos**
**02.45 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Gestir Ingva Hrafns eru Yngvi Örn Kristinsson og Jafet Ólafsson.
**21.00 Eitt fjall á viku** Þáttur Ferðafélags Íslands.
**21.30 Eldhús meistaranna** Magnús Ingi Magnússon mætir í eldhúsið á Veitingahúsinu Panorama.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Matarást með Rikku

Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga sem eiga það sameiginlegt að eiga í misjafnlega löngu en eldheitu ástarsambandi við matargerð. Rikka mun fylgjast með þessum sælkerum undirbúa eitt af sínum margrómuðu matarboðum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Eitt fjall á viku

### ÍNN kl. 21.00

Í þættinum í kvöld verður haldið á Víknaslóðir nyrðri en svo kallast svæðið umhverfis Dyrfjöll í Borgarfirði eystri. Fararstjóri í þessari ferð var Helgi Arngrímsson, ferðamálafrömuður á Norðausturlandi. Þátturinn er sendur út í tveimur hlutum og verður seinni hlutinn á dagskrá 13. maí.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Ekkert eins og var
**14.03** Allir í leik
**15.03** Útvarpssagan: Norðan við stríð
**15.30** Mánafjöll
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Mannlíf í Önundarfirði - Ingjaldssandur
**23.05** Smásaga: Eitthvað verður gert
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**20.15 Gilmore Girls** (17:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.50 Grey's Anatomy** (20:24) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.

**22.35 The Andromeda Strain** Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Hættuástand myndast í afskekktum smábæ þegar banvænn vírus breiðist þar út með ógnarhraða.

**00.05 The Doctors**

**00.50 Gilmore Girls** (17:22)

**01.35 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það nýjasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**02.05 Fréttir Stöðvar 2**

**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Monarch of the Glen **12.50** My Hero **13.20** Absolutely Fabulous **13.50** Absolutely Fabulous **14.25** My Hero **14.55** My Hero **15.25** New Tricks **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Absolutely Fabulous **18.00** Life of Riley **18.30** Spooks **19.20** State of Play **20.10** Life of Riley **20.35** Strictly Come Dancing **22.20** Doctor Who **23.05** Life of Riley **23.30** Spooks

## DR 1

**12.00** Hvad er det værd? **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Disney's Substitutterne **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Jamie Olivers Amerika **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** Gigli **21.45** SportNyt med SAS liga **22.05** Kroniken **23.05** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Tid for tegn **15.25** Ardna - Samisk kulturmagasin **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Fiskere med slips **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Nurse Jackie **21.00** Kveldsnytt **21.15** Heksedansen **21.55** Mesternes mester **22.55** ESC 2010 **23.30** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.15** Fråga doktorn **13.00** Inför Eurovision Song Contest 2010 **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Så ska det låta **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.15** Go'kväll **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen **18.30** Landgång **19.00** Plus **19.30** Debatt valspecial **20.45** Extra Rapport om det brittiska valet **21.30** Ouppklarat **22.00** Uppdrag Granskning **23.00** True Blood **23.45** Världens konflikter




## MORGUNMATURINN



*„Það er ristað brauð og drykkjarjógúrt. Ég fæ mér líka soðið egg og kaffi og hleyp síðan út.“*

Ásgrímur Már Friðriksson tískuhönnuður.



**LÁRÉTT**
**2.** teikning af ferli, **6.** frá, **8.** for, **9.** knæpa, **11.** bókstafur, **12.** dý, **14.** minnispunktur, **16.** samanburðart., **17.** mælieining, **18.** hvoftur, **20.** tveir eins, **21.** urmull.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gljáhúð, **3.** guð, **4.** gíll, **5.** af, **7.** fréttir, **10.** fiskur, **13.** úrskurð, **15.** óskert, **16.** skurðbrún, **19.** núna.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** graf, **6.** af, **8.** aur, **9.** krá, **11.** ká, **12.** kelda, **14.** glósa, **16.** en, **17.** mól, **18.** gin, **20.** ll, **21.** grúi.
**LÓÐRÉTT: 1.** lakk, **3.** ra, **4.** aukasól, **5.** frá, **7.** fregnir, **10.** áll, **13.** dóm, **15.** allt, **16.** egg, **19.** nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1 Margrét Erla Maack.
2 FH.
3 Mosfellsbæ.


SANYL ÞAKRENNUR



• RYÐGA EKKI
• PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
• STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
• AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
• ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

vísir.is
„...ég sá það á vísi“


# Klara, Alma og Steinunn flytja til Los Angeles

„Við getum ekki beðið. Við krossum allt sem hægt er að krossa til að eldgosið fari ekki að spúa í vitlausar áttir,“ segir Steinunn Camilla í hljómsveitinni The Charlies, sem áður hét Nylon.

Þær vinkonur leggja af stað til Los Angeles á laugardaginn, nokkrum mánuðum síðar en upphaflega stóð til. Ástæðan er sú mikla pappírsvinna sem þarf að inna af hendi áður en landvistarleyfi fæst í Bandaríkjunum.

Stelpurnar ætluðu að halda stórt partí um síðustu helgi til að kveðja vini og vandamenn en ákváðu á endanum að halda eitt stórt matarboð fyrir fjölskyldur sínar. „Við elduðum ofan í allan hópinn. Við tókum svona ítölsku stórfjölskylduna á þetta. Þetta var mjög gaman enda eigum við allar frábærar fjölskyldur. Það vill svo til að þessar þrjár fjölskyldur passa vel saman,“ segir Steinunn.

Stelpurnar seldu fötin sín fyrir jól í Kolaportinu til að fjármagna ferðina og að undanförnu hafa þær verið að selja húsgögnin sín. Steinunn passar sig þó á að losa sig ekki við alveg allt. „Konur eiga alltaf nóg af skóm og fötum. Ég held ég þurfi heila tösku fyrir skóna mína.“

Undanfarið eitt og hálft ár hafa The Charlies unnið með upptökuhópnum Stop Wait Go að nýjum lögum og verða þær með fjórtán til fimmtán lög í farteskinu til Los Angeles. Þegar út verður komið fá þær einnig ný lög frá þarlendum lagahöfunum fyrir tilstuðlan útgáfufyrirtækisins Hollywood Records auk þess sem þær munu sjálfar taka þátt í lagasmíðunum.

Aðdáendur The Charlies geta fylgst með hljómsveitinni á Facebook-síðu hennar þar sem ævintýrum hennar verða gerð náin skil á næstu misserum. **- fb**



**BLESS ÍSLAND** Hljómsveitin The Charlies pakkar ofan í ferðatöskur fyrir ferðalagið til Los Angeles. Frá vinstri eru þær Steinunn, Klara og Alma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÓVÆNT SAMSTARF** Raggi Bjarna bregður sér í nýtt hlutverk á væntanlegri plötu Erps Eyvindarsonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ERPUR EYVINDARSON: RAGGI STÓÐ SIG GRÍÐARLEGA VEL

# Raggi Bjarna rappar eins og brjálæðingur með Erpi

„Ég hélt að ég ætti að syngja þarna. Hann lét mig syngja smá og svo bara rappa. Þetta er ekkert Vorkvöld í Reykjavík, ég get alveg lofað þér því,“ segir stórsöngvarinn Ragnar Bjarnason.

Erpur Eyvindarson vinnur nú að sinni fyrstu sólóplötu sem stefnt er á að verði gefin út í júní. Hann fékk einn ástsælasta söngvara þjóðarinnar, sjálfan Ragga Bjarna, til að rappa á plötunni, og segir að hann hafi staðið sig gríðarlega vel þegar á hólminn var komið. Fjölmargir gestir koma einnig fram á plötunni. Félagar Erps úr XXX Rottweiler, þeir Bent og Lúlli, koma báðir við sögu ásamt Emmsjé Gauta og fleiri þungavigtarmönnum úr íslenska hipphopp-heiminum.

„Þetta var alveg stórkostlegt. Erpur er svo skemmtilegur, þetta er eldklár strákur. Ég hef aldrei gert þetta fyrr, ég rappa og rappa eins og brjálæðingur þarna,“ segir Raggi. „Hann henti mér beint út í djúpu – og lingóið, maður. Ég hef aldrei séð þetta fyrr. Erpur var að segja mér að hann gæti þýtt þetta svo að fólk gæti skilið. Þetta er nýtt mál sem þeir nota rapparnir.“

En hlustarðu mikið á rapptónlist?

„Ég hef hlustað á Erp – ég hef alltaf haft gaman af þessum strák. Ég hef ekki hlustað á neina aðra.“

Raggi og Erpur kynntust fyrir nokkrum árum þegar sá fyrrnefndi fór í viðtal til þess síðarnefnda. Þeir hittust svo fyrir nokkrum mánuðum þegar Erpur var byrjaður að vinna að plötunni. „Hann spurði hvort ég væri til í að gera þetta. Ég hélt það nú,“ segir Raggi. „Svo hittumst við um daginn í Stapanum þar sem við vorum að skemmta fyrir Fjölbrautaskóla Suðurnesja og samdi hann sagði að það væri komið að þessu.“

Erpur þykir mikill strigakjaftur og samdi textann fyrir Ragga, en óttaðist Raggi ekki að hann færi yfir strikið?

„Það er nú það, ég veit ekki hvað hann var að láta mig bulla – ég skildi þetta ekki. Nei, ég held ekki. Hann passar upp á mig, lætur mig ekki gera einhverja dellu!“

atlifannar@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistarmaðurinn **Ingi Örn Gíslason** fór á dögunum til London þar sem hann hitti Stuart Williams, en þeir kynntust þegar Ingi bjó í Englandi fyrir tveimur árum. Stuart er þungavigtarmaður í tónlistarsenunni í London og framkvæmdastjóri tónlistartímaritanna Q, Kerrang og Mojo. Hann ku vera ánægður með plötuna Human Oddities sem Ingi gaf út árið 2008 og er byrjaður að kynna tónlistina fyrir fólki og fyrirtækjum í borginni.



**Friðrik Ómar** og unnusti hans, Ármann Skæringsson, eru búnir að finna sér íbúð í miðborg Stokkhólms. En eins og Fréttablaðið greindi frá hyggur Friðrik á landvinninga í Svíþjóð. Svíar eru auðvitað heimsþekktir Eurovision-aðdáendur og þar er söngvarinn á heimavelli. Samkvæmt tölvupósti sem Friðrik sendi vinum og vandamönnum en þeir eru langflestir tónlistarmenn, er íbúðin staðsett við hina fallegu Celsiusgötu.



Einn af bestu vinum Friðriks og Ármanns er athafnakonan **Jónína Benediktsdóttir**. Jónína er eldri en tvævetur þegar kemur að viðskiptum og sendi fljótlega út svarpóst til allra á póstlistanum þar sem hún bauð listamönnunum, vinum Friðriks, fimmtíu prósenta afslátt af detox-meðferð.



**- afb, fgg**

# Forseti Írans bregst við íslenskri fálkamynd

„Já, við bjuggumst svo sem alveg við viðbrögðum úr þessari átt og það sem okkur finnst eiginlega merkilegast er að hann svarar ekki spurningunni,“ segir Þorkell Harðarson, kvikmyndagerðarmaður og leikstjóri heimildarmyndarinnar Feathered Cocaine. Myndin hefur verið að kveikja litla elda sem breiddust hratt út eftir að Fox-fréttastöðin birti langa umfjöllun um efni myndarinnar og þær staðhæfingar að Osama bin Laden byggi í góðu yfirlæti í Íran undir verndarvæng þarlendra stjórnvalda.

Forseti Írans, Mahmoud Ahmadinejad, gat hvorki svarað því játandi né neitandi í viðtali við ABC-fréttastöðina í fyrradag hvort þær staðhæfingar sem birtast í íslensku heimildarmyndinni væru sannar eða ekki. Sá sem tók viðtalið við forsetann er George Stephanopoulos en hann var upplýsingafulltrúi Hvíta hússins í stjórnartíð Bills Clinton. „Ég hef heyrt að hann búi í Washington, nálægt sínum gamla bekkjarbróður George Bush,“ sagði forsetinn og var fremur loðinn í svörum, vildi hvorki játa því né neita og reyndi hvað eftir annað að snúa út úr fyrir fréttamanninum.

Daily Mail, Telegraph, Fox News og ABC hafa öll fjallað um þessar eldfimu upplýsingar en Þorkell segir þá vera rólega. „Það er mikil pressa á okkur að mæta í hin og þessi viðtöl en við erum bara með báðar fætur á jörðinni og tökum eitt skref í einu,“ segir Þorkell en þeir félagar eru nú komnir til Toronto þar sem þeir taka þátt í alþjóðlegri heimildamyndahátíð. **- fgg**



**ER EÐA ER EKKI?** Forseti Írans var loðinn í svörum í viðtali við ABC-fréttastöðina þar sem hann var spurður um þær staðhæfingar í íslensku heimildarmyndinni Feathered Cocaine að Osama bin Laden væri búsettur í Íran.

# VOR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Miðasala
í síma 551 1200
og á leikhusid.is

## GERPLA
Síðustu sýningar 6. og 15. maí. Sýningin verður tekin aftur upp í haust.







## ÍSLANDSKLUKKAN
Þökkum frábærar móttökur. Sýningum lýkur í júní. Sýningin verður tekin aftur upp í haust.

## VIÐ TÖKUM ÞÁTT Í LISTAHÁTÍÐ
Við flytjum nokkrar af okkar bestu sýningum þessa leikárs yfir á haustið!




## HÆNUUNGARNIR
43 uppseldar sýningar! Sýningar haustsins komnar í sölu.

## FÍASÓL SLÆR Í GEGN!
Aukasýningar 13. maí og 12. júní.
Kemur aftur í haust!



## LISTAHÁTÍÐ Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU
SÝNINGARNAR ERU Á DAGSKRÁ LISTAHÁTÍÐAR Í REYKJAVÍK

Listahátíð í Reykjavík 2010 12. maí – 5. júní
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL



HERRA POTTUR OG UNGFRÚ LOK
Frumsýnt 29. maí



BRÆÐUR Dansleikhús
Sýningar 27. og 28. maí



AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR
Frumsýnt 20. maí

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
SÍMI 551 1200 LEIKHUSID.IS

TRYGGÐU ÞÉR ÁNÆGJULEGT VORKVÖLD Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU!

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

vísir.is „...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Spámaður í föðurlandi

**Sigurður Bogi Sævarsson,** blaðamaður, ljósmyndari og sagnaritari samtímans (eins og hann lýsir sér sjálfur), verður í Sunnlenska bókakaffinu hans Bjarna Harðarsonar við Austurveg á Selfossi í kvöld, fimmtudagskvöld, og kynnir nýja bók sína, Fólk og fréttir. Sigurður Bogi er þarna á heimavelli í fleiri en einum skilningi. Hann er jú Selfyssingur að upplagi, en við bætist að inn af Bókakaffinu eru skrifstofur Sunnlenska fréttablaðsins. Á blaðinu má segja að Sigurður hafi slitið barnsskónum í blaðamennsku fyrir nær tveimur áratugum.



### Missamstíga í sókninni?

Athygli vakti grein 82 presta og guðfræðinga í Fréttablaðinu í gær þar sem þeir kváðust styðja ein hjúskaparlög og þar með rétt samkynhneigðra til að fá blessun kirkjunnar á hjónaband sitt. Mátti þar meðal annarra sjá úr sömu sókn Örn Bárð Jónsson og Sigurð Árna Þórðarson í Nesprestakalli. Um leið bar svo við að Óskar Hafsteinn Óskarsson er einn úr Selfosssókn á listanum, án sóknarprestsins séra Kristins Ágústs Friðfinnssonar. Ekki liggur fyrir hvort prestarnir eru ósammála um efnið eða hvort Kristinn er fjarri af öðrum sökum.

**- óká**





## Mest lesið vísir.is

1. Facebook-nauðgarinn dæmdur í fimm ára fangelsi
2. Rændu dóttur sinni frá kærastanum
3. Bótasvikarar gripnir í bólinu á Facebook
4. Kjaramálin brenna á slökkviliðsmönnum
5. Fólk brennt til bana í grískum óeirðum







